

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Við ræðum hér að beiðni allra fulltrúa í borgarstjórn, allra flokka í borgarstjórn, skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og tengda atburði. Reyndar var málið til stuttrar umfjöllunar á vettvangi borgarráðs í sl. viku þar sem borgarráð sameinaðist einnig um ákveðna málsmeðferð hvað það varðar. Eftir þessari skýrslu hefur auðvitað verið tekið víða um lönd og í erlendum fjölmiðlum hefur verið kallað eftir samhliða og samskonar skýrslum um bankahrún í öðrum löndum og ég, eins og allir aðrir án efa, sem starfa í stjórnámálum og sem störfum á vettvangi stjórnsýslu og störfum að málefnum er tengjast ákvarðanatöku í íslensku samfélagi, við hljótum að fagna þessari skýrslu og við hljótum líka að fagna þeirri umræðu sem hún hefur kallað á og þeim góðu breytingum sem ég er viss um að hún mun leiða af sér í íslensku samfélagi. Skýrslan virðist, og er það örugglega, ég er viss um að allir hér hafa eytt talsverðum tíma í að lesa hana og fara yfir hana, hún er vönduð og hún hefur fengið athygli sem slík og mikla umræðu og umfjöllun. Þess vegna fagna ég því og ég held að það sé gott að Borgarstjórn Reykjavíkur ræði þetta mál hér í dag, þrátt fyrir að það megi vera ljóst fyrir okkur sem höfum lesið hana og fylgst með umræðunni, að hún er auðvitað ekki skrifuð eða sett fram til þess að fjalla um einstaka þætti sem tengjast sveitarstjórnnum í landinu, en engu að síður er fjölmargt þar sem við getum nýtt okkur og eigum auðvitað að nýta okkur.

Það er auðvitað, þær umræður sem við hljótum að taka hér í dag, það er hvernig getur Reykjavíkurborg, borgarstjórn og það kerfi sem við vinnum fyrir og vinnum í þágu, nýtt sér góðan lærdóm sem af skýrslunni má draga. Ekki bara til þess að forðast mistök heldur ekki síður til þess að læra af reynslunni og gera hlutina betur en við höfum hugsanlega gert þá áður. Og í samræmi við þetta og þessa umræðu samþykkti borgarráð á síðasta fundi sínum á fimmtudaginn samhljóða tillögu þar sem við vorum sammála um að undirbúin verði umfjöllun og/eða viðbrögð borgarstjórnar og Reykjavíkurborgar um hvernig best megi draga lærdóm fyrir stjórn málin og stjórnsýsluna af skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um orsakir bankahrunsins. Ég gerði borgarráði einnig grein fyrir því þá að þá hafði ég þegar

beðið embættismenn borgarinnar undir forystu borgarhagfræðings að skoða okkar stjórnkerfi með tilliti til þeirra ábendinga sem fram koma í skýrslunni.

Það er auðvitað eðlilegt að sveitarfélögin í landinu, þar með talin Reykjavíkurborg, leitist við að draga lærdóm af því sem fram kemur, en þar er Reykjavíkurborg reyndar ekki ein á sviðinu og ekki frábrugðin öðrum sveitarfélögum, og því eðlilegt, um það geta menn væntanlega sameinast hér, að umræða um hvernig skuli fjalla um og draga lærdóm af skýrslunni fyrir sveitarstjórnarstigið eigi einnig heima á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga enda eiga fulltrúar úr þremur flokkum hér í borgarstjórn fulltrúa í stjórn Sambandsins, auk þess sem borgarfulltrúi er varaformaður í stjórn Sambandsins, þannig að við hljótum að tala málið upp á þeim vettvangi og vænta þess að sveitarfélögin í sameiningu rýni þetta stóra verk og fari með ríkisvaldinu í það verkefni að bæta stjórnsýsluna almennt. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni sem við viljum auðvitað vinna með ríkisvaldinu að.

Þá hefur forsætisráðherra þegar skipað nefnd undir forystu Gunnars Helga Kristinssonar, prófessors við Háskóla Íslands, sem ætlað er að taka skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis til ýtarlegrar umfjöllunar og meta þau atriði sem beinast kunna sérstaklega að stjórnsýslunni og starfsháttum stjórnarráðsins. Skrifstofustjórinn minn, skrifstofustjóri á skrifstofu borgarstjóra, hefur þegar leitað til formanns nefndarinnar og kannað hvort vinna nefndarinnar geti tekið að einhverju leyti einnig til sveitarfélaganna. Hefur þeim ábendingum verið tekið vel af formanni nefndarinnar sem reyndar einnig benti okkur þó á það að útgangspunkturinn í vinnu þeirrar nefndar er rannsóknarskýrslan sjálf og þar sé ekki mikið fjallað um sveitarfélögin. En það breytir engu um það að það er mikilvægt að við lærum af því sem fram kemur í skýrslunni og ég held að það sé mjög mikilvægt, eins og fulltrúar allra flokka hafa verið að áréttu og nefna núna undanfarna daga og vikur, að menn nýti þetta tækifæri til þess að fara ekki í hefðbundnar pólitískar skotgrafir, heldur að innleiða frekar og festa í sessi ný vinnubrögð og að menn temji sér það að ná því besta út úr þessu stóra tækifæri sem skýrslan er að svo mörgu leyti til þess að gera betur í íslenskri stjórnsýslu og ekki síður í íslenskum stjórnámálum.

Skýrslan er mikil að vöxtum eins og við þekkjum, hún er á þriðja þúsund blaðsíður í níu bindum, auk viðauka á netinu, ég sá það nú í sjónvarpinu í gær að forseti Alþingis bauð starfsfólki og leikurum Borgarleikhússins að koma niður í þing vegna þess að þá fyrst var að ljúka löngum lestri þeirra á skýrslunni, athyglisvert verkefni þar á ferð. Mér skildist á leikhússtjóranum að þetta væri sannarlega langlengsta leikrit sem sett hefði verið á svið þar. Þar er víða komið við í þessari skýrslu, það er fjallað um efnahagsmálin, það er fjallað um flókin fjármál og fjármálagerninga, það er fjallað um siðferði, það er fjallað um stjórnsýslu og það er fjallað um stjórn málin. Skýrslan fjallar auðvitað í grunninn um ris og fall íslensku bankanna og þátt ríkisvaldsins og stofnana þess. Hvorki Reykjavíkurborg né sveitarfélögin í landinu eru þar umfjöllunarefni enda komu þau ekki að þeirri atburðarás sem um er fjallað, en engu að síður ítreka ég það að margvíslegan og mikilvægan lærdóm eigum við að draga af þessari skýrslu um stjórnsýsluna, stjórn málin og siðferði og það er það sem ég vil ræða hér og gera að umtalsefni í dag.

Í sambandi við það er mikilvægt að halda því til haga að Reykjavíkurborg og öll borgarstjórn, allir sem hér sitja, brugðust við aðsteðjandi vanda í efnahagsmálum á sínum tíma af framsýni og með samstöðu að leiðarljósi. Þegar í byrjun árs 2008 var alveg ljóst að ákveðnar viðvaranir okkar fjármálafólks um að válegar horfði í efnahagsmálum þjóðarinnar en stjórnvöld virtust almennilega átta sig á, eða þá að fjármálakerfið okkar gerði grein fyrir, að staðan sem við blasti væri orðin þung. Það skiptir miklu að hér á þessum vettvangi brugðust allir við því og borgarstjórn samstíga gerði það með því að hefja vinnu við aðgerðaáætlun vegna stöðu og horfa í efnahagsmálum strax í ágúst 2008. Fulltrúar allra flokka í borgarstjórn komu að því og myndaður var í framhaldinu þverpólítískur aðgerðahópur sem síðan hefur starfað og leitt borgina í gegnum þær breytingar sem orðið hafa. Mér varð hugsað til þess áðan, því Björk Vilhelmsdóttir nefndi hér áðan, og ég get ekki upplifað það sem annað en kost frekar en galla í þeim vinnubrögðum sem við höfum tileinkað okkur, hún nefndi það, sem er rétt hjá borgarfulltrúanum, að þegar hér var samþykkt fjárhagsáætlun á sínum tíma var gert ráð fyrir ákveðnu fjármagni til atvinnuátaksverkefna, sérstaklega sem tengdust sumarstörfum. Á milli umræðna var síðan bætt við 150 milljónum sem fæddist auðvitað í framhaldi af umræðum á milli flokka og síðan höfum við verið að taka inn ný og ný

verkefni. Borgarfulltrúinn nefndi þetta að einhverju leyti sem merki um að menn væru að taka inn og stæðu ekki bara á fjárhagsáætluninni, mér finnst þetta vera dæmi um góð vinnubrögð í stjórnámálum. Þar sem við gætum svosem, sem meirihluti, setið fast á okkar fjárhagsáætlun og sagt: við höfðum rétt fyrir okkur í einu og öllu og ætlum ekki að breyta, en vinnubrögðin á þessum vettvangi hafa verið önnur og ég vona svo innilega að þau verði það, hvar svosem við sitjum í þessum sal hér.

Þannig hafa vinnubrögðin verið hér í dálítið langan tíma. Fulltrúar allra flokka í borgarstjórn hafa komið að því verkefni sem varð til þess að strax í byrjun október, áður en sjálft bankahrunið varð, sem skýrslan fjallar um, hafði þessi aðgerðahópur unnið sameiginlega að aðgerðaáætlun um forgangsroðun í borgarrekstrinum og það voru ekki bara fulltrúar þess meirihluta sem hér er, undir forystu Óskars Bergssonar, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson átti sæti í þeim hópi og sú sem hér stendur, en ekki síður var sú vinna unnin af hálfu Svandísar Svavarsdóttur og Dags B. Eggertssonar, þannig að sú aðgerðaáætlun var samþykkt fyrir bankahrunið og sagði til um það hvernig borgarstjórn hygðist taka á sínum málum. Ég vildi svo sannarlega að stjórnvöld á sínum tíma, meirihluti og minnihluti á Alþingi Íslendinga, hefðu getað státað af samskonar aðgerðaáætlun og verið jafnreiðubúin og ég held að við höfum verið fyrir þau stóru verkefni sem við blöstu.

Þannig tók Reykjavíkurborg og borgarstjórn ekki einungis forystu í aðgerðum er miðuðu að lausn þess vanda sem við stóðum frammi fyrir, heldur einnig forystu um að vinna með nýjum hætti og í anda nýrra vinnubragða að sameiginlegum lausnum til hagsbóta fyrir alla borgarbúa. Það má kannski segja að þar hafi, og þess vegna vona ég svo innilega að sú skýrsla sem nú liggur fyrir feli í sér lærdóm fyrir þá sem starfa á vettvangi Alþingis, líkt og kannski REI-uppgjörið færði af sér ákveðinn lærdóm fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur. Verkefni sem krafði okkur til þess að setjast niður og hugsa hlutina með nýjum hætti og verkefni sem varð þess valdandi að við sáum að við þau vinnubrögð sem kannski hefðu tíðkast væri ekki unað og það held ég að menn þurfi að gera víðar.

Forseti, borgarfulltrúar. Mikilvægasti lærdómur skýrslunnar fyrir Reykjavíkurborg, ef hún er rýnd út frá stjórnkerfinu og því samfélagi sem

Reykjavíkurborg er, bæði sem vinnustaður og einn stærsti þjónustuveitandi í landinu, er klárlega í kringum stjórnsýslu. „Góða stjórnsýslu má einkum prýða skilvirkni, heiðarleiki og hagkvæmni“ segir Gunnar Helgi Kristinsson prófessor. Þessi einkunnarorð eru auðvitað mikilvæg og ágæt mælistika til að meta stjórnsýslu. Í skýrslu rannsóknarnefndarinnar er mikið fjallað um bresti í íslenski stjórnsýslu. Það er því mjög brýnt að við hugum að þessum þáttum og skoðum okkar stjórnsýslu út frá þeim ábendingum. Eitt meginstefið sem kemur fram í þessum hluta skýrslunnar, sem snýr að stjórnsýslunni, er að nefndin telur að of oft virðist óljóst hvert verk- og ábyrgðarsvið ráðuneyta og stofnana var og beðið var eftir aðgerðum annarra. Þetta er eitthvað sem ég held að við þurfum öll að læra af og rýna okkar stjórnsýslu út frá líka.

Stjórnsýsla sveitarfélaga er auðvitað um margt ólík stjórnsýslu ríkisins. Stærsti munurinn kannski er sá að við erum með fjölskipað stjórnvald, sem þýðir að ákvarðanir eru teknar á fundum af lýðræðislega kjörnum fulltrúum. Það er athyglisvert að fylgjast með umræðunni um íslenska stjórnsýslu og heyra það hversu margir virðast hallast að því að ríkisvaldið ætti hugsanlega að skoða það að breyta sinni stjórnsýslu með hliðsjón af því að horfa til fjölskipaðs stjórnvalds, auk þess sem auðvitað er það nefnt að ábyrgð, áhrif og ákvarðanir af hálfu Alþingis sjálfs þarf auðvitað að auka. Við þekkjum þetta vel af okkar vettvangi í gegnum borgarráð og þau vinnubrögð sem hér eru tíðkuð sem gera þetta um margt ólíkt því sem tíðkast á vettvangi ríkisins og er kannski einn helsti styrkleiki sveitarfélaganna í gegnum erfiða tíma, að hér sé fjölskipað stjórnvald. Það er ekki þannig að ríkisstjórnarfundir sem í raun og veru eru borgarráð Reykjavíkur, þar sem allir koma að, en það er ekki þannig að einungis sitji við það borð fulltrúar meirihlutans eins og gerist á vettvangi ríkisstjórnar, þar sem einungis fulltrúar meirihlutans sitja og einungis ráðherrar.

Fjölmörg mál fara síðan, eins og við þekkjum, til umfjöllunar í borgarráð og loks til umfjöllunar hér í borgarstjórn. Slík málsmeðferð tryggir að mínu mati nokkuð vandaðan undirbúning að ákvörðunum þar sem menn hafa tækifæri til að ræða málin frá ólíkum aðilum í kerfinu, sem ég tel að sé nauðsynlegt. Ég hef hins vegar sjálf velt fyrir mér ákveðnum þáttum sem nefndir eru í skýrslunni, eins og til dæmis uppbyggingu stjórnkerfisins, samspili embættismanna og

stjórnmalamanna, valdmörkum og hvernig við tryggjum að upplýsingar sem við byggjum ákvarðanir okkar á séu traustar og góðar. Þá vil ég nefna hluti sem ég held að séu vandamál í allri íslenskri stjórnslu, ekki einungis á vettvangi ríkisins heldur ekki síður á vettvangi sveitarfélaga og það eru ónógar akademískar upplýsingar um staðreyndir og tölfræði. Ég held að það sem veldur oft ákveðnum vandræðum í ákvarðanatöku hér á Íslandi sé skortur á öguðum vinnubrögðum hvað það varðar og skortur á tölfræðilegum og tölulegum upplýsingum sem eru svo oft lykilorð í því að taka vel ígrundaðar og góðar ákvarðanir og ég held að við getum bætt okkur verulega í því. Við sáum það til dæmis, þeir fulltrúar á þessum vettvangi sem fórum til fundar við finna, til þess að leita okkur leiða og lausna varðandi aðgerðir í kreppunni, að við sáum hversu mikla áherslu þeir lögðu á mjög ríkt umhverfi í þeirra stjórnslu, sem þeir kalla faktasenter, sem er umhverfi þar sem lagt er mat á staðreyndir og menn eru ekki að rífast um hluti sem liggja fyrir og þeir leggja mikla akademíska, fræðilega og lögfræðilega, stjórnslutengda vinnu í það að tryggja að ákvarðanir byggi á traustum, öruggum og góðum upplýsingum. Þetta held ég að við þurfum að hugsa um og skoða í okkar kerfi.

Ég hef einnig sagt það oft á þessum vettvangi og tel að það endurspeglar í þessari skýrslu og er þess vegna svo stolt af því fyrir margra hluta sakir að tilheyra Borgarstjórn Reykjavíkur sem mér finnst hafa tekið þennan lærdóm nokkuð skýrt, að ég er oft mjög hugsandi yfir samskiptum í stjórnmalum. Ég hef oft áður spurt úr þessum stól og gerði það úr stólum þarna hinumegin þegar ég var borgarfulltrúi: hver ákvað það að hér skyldi vera starfandi ákveðinn meirihluti og ákveðinn minnihluti? Það er spurning sem ég held að við þurfum að spyrja okkur að og þegar við lesum skýrsluna, þá er mjög margt í skýrslunni sem færir okkur heim sanninn um það að svo skýr valdmörk á milli þeirra sem hafa og þeirra sem hafa ekki upplýsingar, á milli þeirra sem ráða og ráða ekki, veldur því að ákveðin vandræði koma upp í okkar kerfi og það er viðfangsefni sem mér finnst við hér í Borgarstjórn Reykjavíkur gerðum það fyrst þegar Svandís Svavarsdóttir fór hér fyrir stýrihópi um málefni Orkuveitu Reykjavíkur, þá reyndum við að innleiða hér ný vinnubrögð og við höfum haldið því áfram. Ég hef ekki ennþá, þrátt fyrir að ég hafi bæði setið í meirihluta og minnihluta, séð fyrir því þau algildu rök að þannig skuli það vera að meirihluti ráði öllu og minnihlutinn sitji hjá og hafi það í raun og

veru eitt hlutverk að gagnrýna aðgerðir meirihlutans. Mér finnst það illa farið með þá miklu krafta sem í þessum sal búa. Ég hef einnig sagt það að ég get ekki séð fyrir því rök og get ekki séð þann aðila eða einstakling sem myndi stofna fyrirtæki eða samtök þar sem hann myndi velja 15 einstaklinga til þess að vera lykilstjórnendur en biðja síðan helminginn af þeim um að bara halda sig til hlés. Það eru ekki vel nýttir, góðir kraftar í þágu þess fólks sem við eigum umfram allt að vera að vinna fyrir.

Þess vegna segi ég það að mér finnst skýrslan endurspeгла það að svona skörp valdskipting milli meirihluta og minnihluta, eins og við þekkjum hana, þar sem meirihlutanum er falið allt vald en minnihlutinn þarf að treysta alfarið á einhverskonar „góðmennsku“ meirihlutans, er í mínum huga fremur ólýðræðislegt fyrirkomulag. Því tek ég undir þann lærdóm sem margir telja að draga megí af skýrslunni, að menn verði að iðka betra samráð og miklu meira samráð og miklu meira en samráð. Þetta þarf ekki bara að gerast á vettvangi borgarstjórnar. Þetta þarf að gerast hjá ríkisvaldinu og ég er sannfærð um það að ef þeir 63 þingmenn sem starfa í þágu íslensku þjóðarinnar hefðu tekið höndum saman á vettvangi Alþingis, þá væru hlutirnir í öðrum farvegi en þeir eru í dag. Skýrslan minnir okkur á það að við erum að bjóða okkur fram til starfa í þágu almennings og það eitt á að vera að leiðarljósi í okkar verkum. Auðvitað greinir okkur á um leiðir í einstaka málum, það er auðvitað munur á stefnu flokkanna og það er enginn að vilja grafa þá eða gleyma þeim mun, en í mörgum, mörgum málum erum við sammála, í miklu fleiri málum stöndum við saman, og fyrst og síðast erum við Íslendingar og Reykvíkingar og eigum að vinna þannig sameiginlega að málum.

Eins og í skýrslunni segir, með leyfi forseta, það er orðað svo í skýrslunni: „Gildi stjórn málarökræðunnar er meðal annars fólgið í því að láta andstæð sjónarmið takast á og það er hlutverk stjórnarandstöðu að láta reyna á málflutning stjórnarliða til að skerpa röksemdir. Íslensk stjórn mála hafa ekki náð að þroskast í samræmi við þessa hugsjón lýðræðisins. Þau hafa þvert á móti einkennst af kappræðu og átökum þar sem markmiðið er að sigra andstæðinginn og sannfæra áhorfendur, burt séð frá því hvort það þjóni best almannahagsmunum eða sé í samræmi við bestu upplýsingar.“ Og þetta er lærdómur sem við þurfum öll að líta

til. Víða kemur einnig fram í skýrslunni að skort hafi á upplýsingaflæði í stjórnkerfinu og skort jafnvel á trúnað. Það hafði meðal annars í för með sér að ráðherrar treystu sér ekki til að taka upp viðkvæm mál á ríkisstjórnarfundum og báru við skorti á trúnaði. Þessu þurfum við að læra af og þar sem fram kemur að trúnaður er á lokuðum fundum, til dæmis eins og í borgarráði, þar sem auðvitað verður að vera hægt að treysta á slíkan trúnað, en það er auðvitað ákveðið skilyrði þess að traust geti ríkt og stjórnkerfið gangi fyllilega upp.

Í skýrslunni er ákvarðanatökufærið gagnrýnt. Það er talið að það hafi verið litað of af því sem kallað er lagatæknihyggju, á kostnað yfirsýnar og umræðu um heildarmyndina. Ég tel einnig að við þurfum að taka þennan punkt alvarlega, og horfi nú beint hér á borgarlögmann, en við þurfum auðvitað að líta til þess í breiðu samhengi að við þurfum að tryggja yfirsýn og umræðu um þessa heildarmynd og ég held að sú heildarmynd fái ekki nema við innleiðum ný vinnubrögð og það sem við höfum verið að reyna að gera hér.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það er líka mjög skýrt að orði kveðið í skýrslunni um ákveðna þætti er varða siðareglur, bæði skráðar og óskráðar siðareglur í samfélaginu. Við leggjum auðvitað öll áherslu á og þekkjum það að kenna börnunum okkar og reyna að kenna þeim góða siði og höfum sjálf ákveðið mótaðar hugmyndir um hvernig við skulum fara með það og hvaða siðir börnum skuli kenndir. „Siðfræði er gagnrýnin greining á siðferði og starfsháttum“, segir í skýrslunni. „Vandaðir stjórnsiðir einkennast af því að embættismenn og kjörnir fulltrúar gegna skyldum sínum af heilindum og samviskusemi. Þær skyldur taka öðru fremur mið af því að störfín fela í sér almannaþjónustu. Það er einkenni siðferðilegrar hugsunar að hún metur gæði þeirra markmiða sem stefnt er að.“ Það er því auðvitað gott skref sem stigið var á þessum vettvangi hér og við þurfum auðvitað að vinna betur með og læra af reynslunni vegna. Reykjavíkurborg hefur þegar sett sér siðareglur, bæði fyrir starfsmenn og fyrir borgarfulltrúa og það var gert á þessu kjörtímabili í mikilli sátt allra fullrúa og eftir umtalsverða vinnu sem margir komu að. Setning slíkra reglna er að sönnu mikilvæg en þær koma þó aldrei í staðinn fyrir heilindi og samvisku einstaklingsins sjálfs. Skýrsla rannsóknarnefndarinnar er dálítið óþægileg áminning um þetta en að sama skapi

er hún mikil áminning um að halda á lofti lifandi umræðu um góða og vandaða stjórnsýsluhætti.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Atburðir undanfarinna vikna minna okkur á það að við búum við áhættu í þessu landi. Við upplifum núna náttúruna með öllu því sem hún getur sýnt okkur og hlutir sem við áttum ekki von á að við stæðum frammi fyrir fyrir viku, hvað þá hálfum mánuði síðan, stöndum við nú frammi fyrir. Viðvaranir frá jarðskjálftamælum bentu til þess að einhvers annars gæti verið að vænta og loks var nokkuð ljóst að eldgos væri í vændum. En þó var það ekki fyrr en allt var einhvern veginn upp úr soðið að við nákvæmlega áttuðum okkur á því hvar við vorum stödd. En þetta allt saman og náttúran sýnir okkur hversu mikilvægt það er að meta áhættuna og ganga fumlaut til þeirra verka sem síðan þarf að grípa til. Það sést vel af skýrslu rannsóknarnefndar hversu mikilvægt það er að fara í sjálfstætt áhættumat er varða nauðsynlega þætti og tengjast starfsemi opinberra stofnana eins og Reykjavíkurborgar. Sem betur fer hefur verið unnin ýtarleg greining á fjármálalegri stöðu Reykjavíkurborgar á árinu 2008 og það kom okkur afar vel þegar fjármálakerfið okkar brást og við vorum vel undir það búin eins og ég nefndi áðan og gátum hafið aðgerðir strax.

Ýmislegt hefur síðan breyst í kjölfar þess eins og við þekkjum öll hér. Borgarfulltrúar hafa án efa aldrei verið eins vel upplýstir um stöðu ákveðinna mála. Það er mánaðarlegt yfirlit sem gefið er í borgarráði sérstaklega er varðar fjárhag borgarinnar, munar þar miklu um. Síðan eru aðrir þættir í okkar rekstri og okkar starfsemi sem við verðum auðvitað að skoða og hvað það er sem veldur því að við þurfum sérstaklega að horfa til áhættu. Við vitum það öll sem hér erum að Orkuveita Reykjavíkur, eins glæsilegt og gott fyrirtæki og mikið stolt Reykvíkinga hún er, þá höfum við haft ákveðnar áhyggjur þar af, og skýrslan segir okkur það að sú ákvörðun borgarstjórnar á sínum tíma, að ganga til áhættumats vegna Orkuveitu Reykjavíkur, var mikilvægt og skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkur að vera komin með þá vinnu á þann stað sem hún er komin og það plagg á þann stað sem það er komið. Það er nefnilega ekki svo, og umræðan oft afbakar það, að að gera áhættumat er ekki sönnun þess að áhættan sé yfirþyrmandi eða að hún sé til staðar. Hún er miklu frekar dæmi um góða stjórnsýsluhætti og vandaða fjármálastjórn. Ég held að það sé líka lærdómur sem Íslendingar þurfa að draga af

Þessari skýrslu að það að velta fyrir sér því sem getur komið upp er ekki endilega líklegra til að færa það nær manni heldur einmitt til þess að færa það fjær manni. Reglulegir samráðsfundir eru einnig haldnir núna á milli Orkuveitu Reykjavíkur og fjármálaskrifstofu og þar er rætt ýtarlega um fjárhagsstöðu fyrirtækisins og þetta er gríðarlega mikilvægt. Aðrir hlutir sem tengjast því og er megináhættan í rekstri Reykjavíkurborgar, sem tengist auðvitað Orkuveitu Reykjavíkur, eru að það breyttist mjög margt í samskiptum Orkuveitu Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar eftir skýrsluna sem unnin var hér á vettvangi borgarstjórnar og þá miklu vinnu sem var hér unnin eftir að fyrsti meirihluti sprakk í kjölfar REI-málsins svokallaða. Þá breyttust samskiptin á milli fyrirtækisins og Reykjavíkurborgar sem hefur orðið til þess að þessi stærsti áhættuþáttur í rekstri Reykjavíkurborgar, honum er betur fyrir komið en áður.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur gegnir auðvitað mikilvægu eftirlitshlutverki í þessu sambandi og við höfum talið mikilvægt að tengja fyrirtækið betur Borgarstjórn Reykjavíkur. Á hinn bóginn er það nefnt í skýrslunni á einhverjum stað þegar er verið að ræða um þessa þætti og hefur áður verið rætt, að það kann að orka tvímælis, því fyrirtækið verður gjarnan skotmark pólitískra átaka vegna þess að stjórn þess er skipuð fulltrúum héðan úr stjórnmalunum.

Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég held að það sé alveg ljóst eftir yfirferð á, ég ætla ekki að reyna að halda því fram, frekar en nokkur held ég annar, að ég sé búin að lesa hvert einasta orð í skýrslunni, en eftir yfirferð á þessari skýrslu held ég að það sé alveg ljóst að okkar bíður talsvert verk hér á Íslandi við að byggja upp þetta samfélag, byggja upp traust á meðal þjóðarinnar og efla traust annarra þjóða á okkur. Til þess að gera það þurfum við heilbrigða og raunsæja trú á okkur sjálfum, við þurfum viljann til þess að ganga til þessara verka sameiginlega, við þurfum viljann til þess að axla hvert um sig ábyrgð og við þurfum að vinna að því saman. Öðruvísi gengur það ekki.

Á einum stað í skýrslunni segir, með leyfi forseta, aftur er þá rætt um þessa rökræðu sem við erum svo gjarnan að taka þátt í hér, að markmið rökræðunnar sé að lýsa upp málefni. Því verður hún að byggjast á upplýsingum um staðreyndir mála og sá sem stundar rökræðu af heilindum verður að hafa það sem sannara reynist. Það er von mín að umræður hér í borgarstjórn í dag muni hafa þessi orð

Bstj. 20. apríl 2010

að leiðarljósi og endurspegla það sem sameinar okkur öll, það er að starfa í þágu og fyrir íbúa Reykjavíkurborgar.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson óskað eftir að veita andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég heyrði ekki betur en að borgarstjóri talaði um ákvörðun borgarstjórnar um að gera sérstakt áhættumat vegna Orkuveitu Reykjavíkur. Ég verð að segja að ég kannast ekki við þá ákvörðun, hvorki í borgarstjórn né í borgarráði. Hins vegar lagði ég fram, sem borgarráðsfulltrúi VG í ágúst á síðasta ári tillögu um það að það yrði gert áhættumat vegna ákveðinna þátta í rekstri Orkuveitunnar og þeirri tillögu var vísað frá. Henni var vísað frá. Síðan upplýsir borgarstjóri í Silfri Egils fyrir rúmri viku síðan að það sé verið að vinna áhættumat fyrir borgina vegna Orkuveitunnar og þar að mínu mati var borgarstjóri að brjóta trúnað sem hún sjálf bað um í aðgerðahópi borgarráðs vegna þess að ekki fyrir löngu síðan var byrjað að gera þetta áhættumat og þegar láku út einhverra hluta vegna fréttir um það þá vorum við, eða allavega var flutt alvarleg ræða um það mál. En í Silfri Egils upplýsir borgarstjóri um þetta, þetta hefur ekki verið ákveðið, tekið upp í borgarstjórn eða borgarráði eða verið á dagskrá þar síðan ég lagði fram þessa tillögu og henni var síðan vísað frá. Í Silfri Egils upplýsir borgarstjóri um það að borgin þurfi að eiga 8-10 milljarða til að vera nokkuð örugg um það að Orkuveitan geti ekki sett hana á hliðina og það kom nú ekki fram, fannst mér, skýrt í Silfri Egils en þetta gildir bara um þetta ár. [forseti slær í bjöllu] 8-10 milljarðar og þá eigum við eftir að skoða hvað við þurfum að eiga fyrir næstu. [forseti slær í bjöllu]

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarstjóri.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að þetta sé því miður, og mér finnst leiðinlegt að segja það, ég held að þetta sé því miður dæmi um það sem stjórn málin og það sem við þurfum að taka okkur á þurfa ekki á að halda. Ég hef mörgum sinnum, borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson, og ég hvet borgarfulltrúann þá bara til að lesa brot úr ræðum mínum meira eða minna allt sl. ár, og ég skal senda honum það, ég hef mörgum sinnum upplýst um það að ég hafi óskað eftir því við fjármálastjóra borgarinnar að hann fari að vinna áhættumat vegna Orkuveitunnar. Margsinnis. Aftur og aftur. Ég gerði grein fyrir því í síðustu umræðu um fjárhagsáætlun að það væri mat fjármálastjóra að við þyrftum að hafa ákveðið borð fyrir báru að því er varðaði lausafjárstöðu. Ég hef ítrekað gert grein fyrir málinu inni í borgarráði og nú getum við bara, og borgarfulltrúinn getur alveg sagt að hann hafi einhvern tímann flutt einhverja tillögu og svo framvegis og svo framvegis. Ég fól fjármálastjóra að gera áhættumat og ég hef aldrei legið á því. Ég hef margsinnis sagt frá því og að reyna að halda því fram að ég hafi í einhverjum Silfur Egils þætti brotið einhvern trúnað. Þetta hefur margsinnis komið fram löngu fyrir þann þátt. Fyrir utan það að Samfylkingin hefur líka nefnt þetta hér. Ég sagði frá því á vettvangi borgarstjórnar margítrekað að ég hefði falið fjármálastjóra að vinna þetta áhættumat sem síðan yrði tekið inn í borgarráð og borgarfulltrúinn verður að eiga það við sig ef hann hefur ekki heyrt það áður en mér finnst þínusorglegt að stilla þessu upp með þessum hætti þegar það liggur fyrir að við höfum öll verið sammála um að það hafi verið mikilvægt að gera þetta áhættumat. Ég skal finna þessi margítrekuðu ummæli, meira að segja um lausafjárstöðuna, fyrir borgarfulltrúann og láta senda honum þau ef hann telur að þetta hafi verið eitthvað sem hafi verið að koma í ljós fyrir viku síðan.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson andsvar öðru sinni.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Hafi vilji borgarstjóra verið svona skýr fyrir því að gera áhættumat á stöðu Orkuveitunnar, hvers vegna vísaði þá meirihluti borgarráðs tillögu minni í ágúst í fyrra frá þess efnis? Út af hverju var það? Og hvar, af því að borgarstjóri sagði hér, ef mér skjöplast ekki, að borgarstjórn hafi tekið ákvörðun um að gera áhættumat. Ég skildi hana svo. [Frammíkal borgarstjóra: Ég biðst velvirðingar ef ... mismælti mig] Gott og vel, ef hún mismælti sig, þá ... Vegna þess að staðan er einfaldlega sú að hvorki í borgarstjórn né borgarráði hefur verið tekið formleg ákvörðun um að framkvæma áhættumat á Orkuveitu Reykjavíkur. Það hefur hvergi verið formlega gert og það er einfaldlega vegna þess að tillögu minni var vísað frá í ágúst í fyrra og síðan fyrir nokkru síðan þegar farið var í þessa vinnu, þá var beðið um trúnað um hana.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson veitt andsvar í annað sinn. Þá svarar hæstvirtur borgarstjóri andsvari í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég biðst velvirðingar á því ef ég mismælti mig á einhverjum stað í ræðunni. Ég þori ekki að fullyrða um það hvort orðin sem Þorleifur Gunnlaugsson hafði hér eftir mér, ég hef ekki séð þau útprentuð, hvort það er rétt eða rangt. Ég man heldur ekki nákvæmlega hvers vegna hans tillögu eða hver var rökstuðningurinn fyrir því að hans tillögu væri vísað frá. Ef þetta snýst um það að eigna sér það eða hvað það snýst um, þá skulum við bara eiga það í sameiningu að okkur hafi þótt mikilvægt að framkvæma áhættumat á Orkuveitu Reykjavíkur. Það er hins vegar hlutverk borgarstjórans í Reykjavík að vísa slíku og óska eftir slíku við fjármálastjóra. Það var ekki óskað eftir, vegna þess að ég tók það fram í umræðunni hér og hef gert það margsinnis í borgarstjórn, um lausafjárstöðuna. Þannig að það er ekki rétt hjá borgarfulltrúanum. Það var óskað eftir trúnaði um plaggið, vinnuplagg fjármálastjóra Reykjavíkurborgar. Um lausafjármálin hefur aldrei verið beðið um trúnað, enda var löngu ljóst og kom fram í ræðu minni við síðustu fjárhagsáætlun að það væri metið sem svo að við þyrftum að eiga 8-12 milljarða til þess að tryggja það að við gætum staðið vörð um Orkuveitu Reykjavíkur.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá hefur borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil spyrja borgarstjóra að því: hefur einhvers staðar verið formlega verið tekin ákvörðun um það að gera áhættumat á Orkuveitu Reykjavíkur, í borgarstjórn, borgarráði eða á einhverjum öðrum stað í borginni? Ef svo er ekki, út af hverju hefur það ekki verið?

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd og þá svarar borgarstjóri athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég er búin að segja þetta margsinnis. Ég, sem borgarstjóri í Reykjavík, óskaði eftir því við fjármálastjóra Reykjavíkurborgar og fjármálaskrifstofu, að þau færu í vinnu er varðaði áhættumat Reykjavíkurborgar vegna Orkuveitu Reykjavíkur. Það vinnuplagg fjármálastjóra var síðan lagt fyrir í aðgerðahópnum og hefur einnig verið lagt fyrir í borgarráði. Þannig að þetta liggur alveg fyrir. Það var vinnuplagg sem ykkur var kynnt af hendi fjármálastjórans og það er það sem ég óskaði eftir, sem borgarstjóri í Reykjavík.

**Forseti:** Borgarstjóri hefur lokið við að svara stuttri athugasemd. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Það er ekki bara við hæfi heldur afar brýnt að við hér í sölum borgarstjórnar förum yfir þann lærdóm sem draga megir úr niðurstöðum rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengda atburði, sem er nafn skýrslunnar. Ég ætla að viðurkenna það sem mína skoðun að í aðdraganda þess að nefndin kynnti vinnu sína, að þá kveidd ég því að hún myndi ekki standa undir nafni. Að þær gríðarlegu væntingar sem bundnar voru við skýrsluna myndu einfaldlega bera hana ofurliði og vonbrigðin yrðu bæði sterk og afgerandi. Í stuttu máli tel ég að skýrslan standi ekki bara undir þessum miklu væntingum heldur taki þeim fram að mjög miklu leyti og ég, satt best að segja, fylltist nýrri von á því að þessi faglegi, vandaði, yfirvegaði en um leið hreinskilni og að mörgu leyti sanni tónn sem kom fram, bæði á blaðamannafundi nefndarinnar og í textanum, að hann væri upphafið að einhverju nýju. Og núna þegar maður finnur að í raun víða í samfélaginu eru sömu áhyggjur og ég bar í brjósti gagnvart rannsóknarnefndinni og skýrslunni, settar fram af ýmsum í garð þeirra stofnana, og þar með talið stjórnámálanna og stjórnmalaflokka, sem núna þurfa að taka við og tryggja að skýrslan nái þeim markmiðum að vera grundvöllur umbótastarfs, að þessar áhyggjur, ég skil þær mjög vel en er jafn eindregið þeirrar skoðunar að þó að þetta sé erfitt próf sem samfélaginu er stillt frammi fyrir, og stjórnmalunum ekki síst, að þá eigum við gríðarlega mikið undir því að standast það próf og mér finnst raunar að við skuldum samfélaginu það.

En það gerum við ekki bara með því að skauta á því sem í skýrslunni er og segja humm og ha og takk. Heldur verðum við að horfast í augu við þann gríðarlega yfirgripsmikla en vel rökstudda og margþætta áfellisdom sem skýrslan er yfir samfélaginu, stjórnsýslunni, atvinnulífinu og samspili atvinnulífs og stjórnmála. Ef við ætlum að læra af skýrslunni, ef við ætlum að gera umbætur á hennar grunni, þá verðum við að horfast heiðarlega í augu við þetta, við verðum að horfast í augu við það sem brást. Og það er alltof langt mál sem segir sína sorgarsögu, það er alltof langt mál að rekja það hér lið fyrir lið hvað brást og átti sinn þátt í orsökum hrunsins eða því að ekki tókst betur til að afstýra því sem afstýra mátti og tryggja að skaðinn yrði ekki jafnmikill og raun bar vitni. Þar á

meðal annars minn flokkur, Samfylkingin, sinn hlut og hefur þegar sett af stað vinnu við að kafa ofan í þá þætti sem að Samfylkingunni snúa, bæði hvað ábyrgð varðar en líka vinnubrögð og vinnulag innan flokksins, boðleiðir, ábyrgðarskil milli þeirra sem takast á hendur ráðherra, þingmennsku, setu í stjórn flokksins og samspil þess við aðrar stofnanir flokksins og þau gildi, þau viðmið og þær leikreglur sem við, sem flokkur, viljum hafa í heiðri og í sjálfu sér væri hægt að fara yfir þessa hluti í löngu máli. Við gerðum það um helgina á flokksstjórnarfundum.

En stóru tíðindin og þau tímamót sem verða í mínum huga að minnsta kosti með tilkomu skýrslunnar, er að þarna á íslenskt samfélag og stjórn málin alveg sérstaklega, tækifæri sem aldrei áður hefur gefist. Það er að segja sameiginlegan grunn sem nokkuð góð sátt er um fyrir margvíslegar umbætur sem ekki bara hefur verið kallað lengi eftir í íslensku samfélagi, heldur sem skýrslan ber með sér að eru gríðarlega brýnar. Gríðarlega brýnar. Mig langar til þess að tæpa hér á niðurstöðum og ályktunum sem dregnar eru sérstaklega í 8. hefti skýrslunnar. Það er að segja því hefti eða bindi sem fjallar um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna og snúa meðal annars að samfélaginu og stjórn máluum. Með leyfi forseta:

Stjórn málamenn vanræktu margvíslegar skyldur sínar og brugðust ábyrgð sinni gagnvart almenningi. Víkið var frá eðlilegum starfsháttum við einkavæðingu bankanna og reynslulitlum aðilum treyst fyrir helstu fjármálastofnunum landsins. Viðskiptabankarnir fengu að vaxa langt úr hófi fram sem leiddi til þess að við þá varð ekki ráðið. Látið var undir höfuð leggjast að fá faglegt og óháð mat á stöðu bankanna. Ríkið var skipulega vanrækt enda oftrú á eftirlitsleysi ríkjandi í trausti þess að einkaaðilar myndu ástunda sjálfseftirlit. Vantrú á sérfræðingum og faglegu áliti hefur verið áberandi innan íslenskra stjórn mála, líklega vegna þess að það er talið draga úr valdi kjörinna stjórn málamanna. Vald einstakra ráðherra kom í veg fyrir að upplýsingaflæði yrði innan ríkisstjórnarinnar. Afleiðingin varð vanmat á aðstæðum og aðgerðaleyfi sem varð þjóðinni dýrkeypt. Íslensk stjórn málamenning hefur einkennst um of af átökum og kappræðu þar sem sanngildi staðhæfinga er lítilvægt í stað rökræðu og sjálfstæðis löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það voru ekki aðeins eftirlitsstofnanir með fjármálakerfinu sem brugðust hlutverki sínu heldur einnig sú stofnun sem framar öðrum á að gæta almannahagsmuna, Alþingi.

Tilvitnun lýkur. Í þessu hefti er líka farið yfir það hvernig aðrir innviðir lýðræðissamfélagsins hafa reynst veikburða og það er afar brýn og fróðleg lesning þó að það eigi ekki jafnbrýnt erindi inn á þennan vettvang eins og aðrir kaflar

skýrslunnar. En ég get tekið hjartanlega undir með siðferðishópnum, eins og hann hefur verið kallaður, þegar sagt er að með leyfi forseta:

Ef takast á að byggja upp öflugra samfélag þarf öll íslenska þjóðin að draga lærdóma af hruni bankanna og tengdum efnahagsáföllum. Mikilvægt er að leita sátta í samfélaginu, en það mun ekki gerast nema þeir einstaklingar sem mesta ábyrgð bera verði látnir axla hana

Ef einblínt er á sekt manna er líklegt að við missum bæði sjónar á flóknu samspili einstaklingsathafna við félagslega, menningarlega og efnahagslega þætti og að við förum á mis við þá lærdóma sem draga þarf af svo miklum atburðum.

Þessir tveir punktar, að sýna bæði þrautseigju og gera stífa kröfu um það að þeir axli ábyrgð sem hana bera, en um leið að láta það ekki vera einu umræðuna, einu úrbæturnar, einu umbæturnar sem gerðar verða á grundvelli skýrslunnar, er stóra prófið. Þar eru býsna brýnar ábendingar í niðurstöðum skýrslunnar. Með leyfi forseta:

Sporna þarf gegn hugmyndafræði afskiptaleysisins með raunhæfri fræðslu um takmarkanir markaðarins og mikilvægi öflugs eftirlits með honum.

Glæða þarf skilning á hlutverki ríkisstofnana í því að skapa skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf, réttarríki og velferðarsamfélag.

Leggja þarf rækt við raunsæja, ábyrga og hófstilla sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar sem byggist á þekkingu og skilningi á menningu okkar og samfélagi.

Þjálfra þarf gagnrýna hugsun og efla læsi borgaranna á hvers kyns áróður og innistæðulausa ímyndarsmíð.

Tilvitnun lýkur. Aftur er vísað til niðurstöðu siðfræðihópsins en hér á vettvangi borgarmálanna og stjórnmalanna er ekki síður mikilvægt að horfa til þess sem segir um stjórnsýsluna og stjórnmalin. Greiningin á göllum stjórnsýslunnar sem fram kemur á blaðsíðu 138 í 8. bindinu er býsna skýr og afdráttarlaus en getur verið að hún gæti í einhverjum atriðum átt víðar við og jafn vel við og í því samhengi sem hún er sett hér fram í tengslum við orsakir og afleiðingar bankahrunsins. Með leyfi forseta:

Í dæminu af samráðshópnum sem hér hefur verið rakið eru gegnumgangandi stef sem sýna alvarlega veikleika í íslenskri stjórnsýslu og óvandaða stjórnsiði í aðdraganda bankahrunsins. Þeir helstu eru: (i) Frumkvæðisleysi og áhersla á ábyrgð annarra; (ii) Sjálfstæði eða ofríki embættismanna gagnvart stjórnmalamönnum; (iii) Slæm áhrif pólitískra ráðninga; (iv) Skortur á faglegum

vinnubrögðum; (v) Ósjálfstæði gagnvart fjármálalífínu og ótti við að valda áfalli; (vi) Pólitísk lömunarveiki.

Hversu margir af þessum þáttum áttu við í málum sem lutu að aðdraganda Orkuveitu- og REI-málsins hér í borgarstjórn? Hvað treystum við okkur til þess að vera ærleg í því að fara yfir skýrslu REI-hópsins svonefnda og velta upp spurningunni hversu mörg af þeim verkefnum eða tillögum sem þar eru upp lagðar hafa í raun og veru verið klárað? Fljótleg yfirferð mín í tilefni af þessari umræðu hér kallast raunar á við bókanir sem ég hef gert í eigendahópi um uppskiptingu Orkuveitunnar, það er að segja að meira eða minna allir liðirnir og lærdómurinn sem dreginn var í lokaskýrslunni um REI og vísuðu inn á vettvang stjórnar Orkuveitunnar í samvinnu við eigendur og hér í borgarstjórn, það er að segja skýra hlutverkaskiptingu og svo framvegis milli þeirra sem að málum þurftu að koma, og tryggja að svona hlutir endurtaki sig ekki. Í raun ekkert af þessum atriðum hefur verið klárað með formlegum hætti, jafnvel þó að ýmislegt hafi verið rætt. Og þó eru liðin tvö ár og það má segja, ef maður horfir á lokaskýrslu um REI að það sem hafi verið klárað var það sem var klárað í tíð 100 daga meirihlutans, með því að stöðva samrunann, og lítið annað ekki. Þannig að enn geta niðurstöður rannsóknarnefndarinnar varðandi lærdóm, og ég er aftur að grípa niður í 8. heftið, núna bls. 152 með leyfi forseta:

Efla þarf fagmennsku og stórbæta vinnubrögð innan stjórnsýslunnar, svo sem með vandaðri gagnafærslu og skýrari boðleiðum milli embættismanna og stjórnsmálamanna.

Stjórnsmálamenn og embættismenn þurfa að setja sér siðareglur sem draga fram og skerpa þá ábyrgð og þær skyldur sem felast í störfum þeirra.

Efla þarf þá hugsun meðal stjórnsmálamanna að starf þeirra er öðru fremur þjónusta við almannaheill.

Takmarka þarf pólitískar ráðningar innan stjórnsýslunnar við aðstoðarmenn ráðherra, eins og kveðið er á um í lögum.

Skerpa þarf ákvæði um ráðherraábyrgð, svo sem með því að skýra upplýsingaskyldur ráðherra gagnvart Alþingi og ríkisstjórn

Tilvitnun lýkur. Hvað ætli séu margir af þeim sem vinna til dæmis á skrifstofu borgarstjóra, svo við veljum dæmi bara af handahófi af þessu kjörtímabili, af því að það hafa verið miklar breytingar í stjórnsýslunni, sem hafa verið ráðnir þangað

inn eftir auglýsingu? Ég held að við þurfum að fara í verulega mikla naflaskoðun hér hjá Reykjavíkurborg vegna þess að ýmislegt sem umboðsmaður Alþingis staðfesti með því að í raun veita Reykjavíkurborg ekki ákúru frá stofnun embættisins og býsna lengi frameftir, hefur trosnað upp, það er að segja í tímabundnum ráðningum án auglýsinga, í tilfærslu fólks milli sviða, sem geta verið eðlilegar í ákveðnum tilvikum, en hverjar eru leikreglurnar? Hvað þarf að tilkynna fyrir kjörnum ráðum og nefndum og hvað ekki?

Fyrir nú utan allar stóru spurningarnar sem vakna við lestur hins að mörgu leyti hrikalega kafla í rannsóknarskýrslunni um aðdraganda einkavæðingar bankanna og hughrifin og tengingarnar sem það vekur og kallast á við ekki bara undanfara REI-málsins heldur að sumu leyti líka þann einbeitta vilja sem birtist í Magma-málinu. Þegar búið var að setja undir sig hausinn og gera samninga sem kallast að formi og efni býsna mikið á við það þegar bankar eru einkavæddir og lána svo hver fyrir öðrum, það er að segja greiðslur með kúluláni og veð í bréfum fyrirtækisins sjálfs eftir sjö ár þegar guð má vita hvernig fyrirtækinu vegnar í höndum nýrra eigenda, nákvæmlega sama fyrirstaðan gagnvart réttum upplýsingum, gagnvart aðgangi minnihluta að gögnum og svo framvegis, virðist birtast í málsmeðferðinni, hvernig tekið er á, eins og talað er, fulltrúum sem eru að reka almannahagsmuni inni í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og jafnvel endurskoðendur fyrirtækisins kallaðir til eða reynt að kalla til vitnis um hluti sem þeir ganga raunar ekki svo langt að kvitta upp á, heldur staðfesta að endingu að byggði á ef ekki blekkingum, þá að minnsta kosti stórkostlegri fegur á því sem þarna var á ferðinni varðandi afföll á bréfum sem tengdust þessari sölu.

Svona höfum við nú mikið lært af REI-málinu, af bankahrininu, hér í borgarstjórn. Ég saknaði þess í raun í ræðu háttvirts borgarstjóra að ekki væri farið ærlegar yfir þetta sem að borgarstjórn snýr. Vegna þess að mér finnst erfitt, og þar verð ég að sjálfsögðu líka að líta í eigin barm, að hafa ekki fylgt því fastar eftir að raunverulegar breytingar í kjölfar REI-málsins væru formgerðar. Fyrir nú utan það, og það væri áhugavert eða nauðsynlegt að fá viðbrögð borgarstjóra við því, hvort þær upplýsingar sem hér koma fram í skýrslunni gefi ekki tilefni til að skoða aftur og rækilegar en gert var upphaf REI-málsins og samspil þess við samkrull í atvinnulífi og stjórnámálum.

Í því má raunar nefna að eitt af því sem þó hefur verið aðeins tekið á, og það meira að segja í sameiningu af flokkum á Alþingi, er að setja loksins, loksins eftir áralanga baráttu, lög um fjármál stjórnmalaflokka. En þar er einn hængur á. Þrátt fyrir að við í borgarstjórn og formenn stjórnmalaflokkanna með sérstakri yfirlýsingu sem þeir undirrituðu, hafi skorað á sjálfa sig að birta allar upplýsingar um fjármál sín aftur í tímann, þá hefur Sjálfstæðisflokkurinn ekki getað orðið við eigin óskum í því efni. Nema þegar kemur að styrkjum til aðalskrifstofunnar og alls ekki, hvorki flokkur né einstaklingar, varðandi nöfn einstakra styrktaraðila. Hið sama á ekki við um Framsóknarflokk, Vinstri græn eða Samfylkingu þar sem búið er að birta þessar upplýsingar hjá öllum starfandi stjórnmalamönnum, svo ég viti, og flokksdeildarfélagum.

Stóra spurningin sem við stöndum frammi fyrir skiptist þannig í raun í nokkra þætti og það er núna á borði skrifstofu borgarstjórnar að ráðleggja borgarstjórn og stjórnsýslu borgarinnar í því efni. Það er að segja hvernig getum við sem best dregið lærdóm af þessari skýrslu. Hvernig verður það best gert og hvaða þátta á að horfa til sérstaklega? Og ég er alveg sammála borgarstjóra í því að þar hlýtur aðgangur að upplýsingum að vera kjarnaatriði þegar kjörnir fulltrúar eru annars vegar, en ekki bara það heldur líka að skilin milli stjórnmalamanna og embættismanna, hlutverk embættis borgarstjóra, hlutverk lykilembættismanna, boðleiðir og þær leiðir sem einstakir kjörnir fulltrúar í meirihluta og minnihluta eiga að fara til að afla sér upplýsinga. Upplýsingaaðgengi til samfélagsins almennt. Fyrir nú utan valdmörkin og umboðið og þær skilagreinar sem eðlilegt og nauðsynlegt getur verið að gera, ekki bara varðandi stjórnmalin og stjórnsýsluna heldur líka varðandi þau fyrirtæki sem Reykjavíkurborg á hlut í.

Þá er í raun einnig ónefndur þáttur sem að er ekki mikið komið inn á í skýrslunni en lýtur að því þegar þriðji aðili fer með verkefni, ýmist þjónustu eða framkvæmdir, fyrir opinbert fé. Þar sem dæmin sanna að ástæða virðist vera til að fara ýtarlega yfir hvernig við stöndum að, bæði varðandi eftirlit með einstökum styrkjum en líka eftirlit með þjónustusamningum og þar eru dæmi til af vettvangi Reykjavíkurborgar og borgarstjórnar og þarf ekki að horfa til Byrgismálsins eða þeirra stóru skýrslna um illa meðferð á börnum sem borgarráð og borgarstjórn hafa haft til athugunar og meðferðar að undanfögnu. Í allt þetta er mikið og gott

fóður í rannsóknarnefndarskýrslunni. Ég tek undir það, auðvitað er gríðarlega margt sem við þurfum að læra af því sem betur hefði mátt fara hér á þessu kjörtímabili og ekki bara varðandi stjórnsýslu heldur einstakar ákvarðanir og í raun þá hugmyndafræði sem hér var farin að smita allt. Ef menn hefðu ekki tekið upp endurskoðunarvenjur íslensku bankanna og tengdra fyrirtækja og uppreiknað eignir Orkuveitunnar, ef ég man rétt einum þrisvar sinnum á þessu kjörtímabili, þá hefðu skuldir hennar aldrei fjórfaldast. En þetta var gert til þess að auka veðrýmið og er það ekki alltaf gott? Það er stundum gott en eins og nokkur bindi í rannsóknarskýrslunni bera með sér er það ekki alltaf skynsamlegt og alls ekki alltaf ábyrgt.

Þessi atriði hafa einmitt leitað á hugann og komið til umræðu, bæði í borgarráði en líka í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur við áritun síðustu ársreikninga Orkuveitunnar, þar sem kannski harðar hefur verið gengið fram í að spyrja endurskoðendur fyrirtækisins hvað felist í áritun þeirra, hvað felist í þessu regluverki sem gengur undir nafninu alþjóðlegar reiknisskilareglur og hvort það sé ástæða til þess að draga þær í efa sem ábyrgan grunn til þess að taka ákvarðanir um frekari skuldsetningu fyrirtækisins. Þetta þurfum við að hafa styrk til þess að fara í gegnum og nú höfum við gott tækifæri til þess og við eigum að nýta það.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil bara örstutt bregðast við því sem borgarfulltrúinn nefndi varðandi ákveðna þætti. Í fyrsta lagi nefnir Dagur B. Eggertsson ákveðna þætti er lúta að skýrslunni sem unnin var hér af starfshópi vegna REI-málsins svokallaða. Það er nú ekki rétt hjá borgarfulltrúanum, og ég hvet hann til þess að fara yfir það, að það hafi ekki verið unnið með þann lærdóm. Það er auðvitað margt sem við eigum eftir að klára í því en engu að síður hefur margt af því verið mjög vel gert og þegar verið gert. Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur hefur þegar skilað sinni heildarstefnumörkun og við munum fara yfir hana í eigendahópnum, auk þess sem við förum þar yfir ákveðna þætti sem borgarfulltrúinn nefndi. Ég minni líka á það að innri endurskoðandi fór á sínum tíma yfir allt málið og kom með tillögur að 16 umbótaverkefnum sem öll hefur verið farið í. Ég minni líka á það að umboðsmaður Alþingis skoðaði málið á sínum tíma nokkuð gaumgæfilega og við svöruðum honum síðast í mars árið 2009 ef ég man rétt, en ég vænti þess að svör frá honum frekar hvað það varðar tefjist vegna vinnu hans í tengslum við umrædda skýrslu.

Þannig að það er ekki rétt hjá borgarfulltrúanum að með þessa skýrslu hafi ekki verið unnið mjög markvisst á vettvangi borgarstjórnar. Það var farið inn í hvert einasta fagrað í tíð 100 daga meirihlutans, til dæmis, til þess að kynna skýrsluna og þann lærdóm sem menn vildu draga af henni, en aftur og aftur hefur hún verið nýtt og ég vildi minna á öll þessi verkefni en líka minna á það að ákveðin verkefni og ákveðnar hugleiðingar og ábendingar sem eru í skýrslunni verða frekar ræddar á vettvangi eigendahópsins sem borgarfulltrúinn á nú sæti í og aðrir eigendur koma einnig að og þar eru áleitnar spurningar og spurningar sem er til dæmis varpað þarna fram með ákveðnum hætti í skýrslunni og við getum auðvitað ekki bara horft á það sem okkur líkar ljómandi vel en sagst ekki ætla að horfa á hitt. Þar er til dæmis varpað upp umræðu og það var líka gert í ferð okkar borgarfulltrúa til Norðurlanda til þess að leita okkur ráða vegna kreppunnar, að það væri ekki æskilegt að pólitískt kjörnir fulltrúar sætu í stjórnnum fyrirtækja. Og við verðum að svara því, teljum við það vera gott eða slæmt? Teljum við að það sé, og ég er ekkert að beina þessu til Þorleifs Gunnlaugssonar, ég sé að hann ypptir öxlum [frammícall]. Ég ræði þetta við þig bara þegar ég er búin með mína

ræðu, borgarfulltrúi. Ég var að nefna það að það eru ákveðnar ábendingar í þessari skýrslu þar sem eru hlutir sem við verðum að skoða og það hefur auðvitað oft verið nefnt, það eru engin nýmæli í því að það hafi verið spurt þeirra spurninga þegar rætt er um Orkuveitu Reykjavíkur og lærdómurinn, ég var að nefna það að lærdómurinn til dæmis frá Osló þar sem menn, mjög afdráttarlaust, segja við okkur að það er ekki æskilegt að pólitískt kjörnir fulltrúar, hvað þá aðilar sem sitja í borgarráði, eigi sæti í stórum stjórnnum fyrirtækja. Það er spurning sem borgarfulltrúinn getur verið ósammála og vilja gefa nei strax, en það er eitthvað sem við verðum líka að skoða. Þannig að ég vildi áréttta það að mjög margt af því sem hefur verið nefnt í þessari skýrslu starfshópsins um REI er þegar komið í farveg og annað sem við þurfum að mynda okkur í þessum eigendahópi sem tekur til starfa og er búið að boða til fundar í.

Annað sem borgarfulltrúinn nefndi og ég skildi reyndar ekki alveg og ég veit ekki í hvað hann var að vísa. Hann talar um pólitískar ráðningar, svo nefndi hann sérstaklega skrifstofu borgarstjóra í því. Það hefur ekki verið ráðið neinn aðili, til dæmis á skrifstofu borgarstjóra, í á annað ár. Ekki nema í gegnum átaksverkefni. Þannig að flestir ef ekki allir starfsmenn á skrifstofu borgarstjóra, fyrir utan pólitískan aðstoðarmann borgarstjóra, eru aðilar sem þar voru við störf áður og eru bara ennþá. Ég veit ekki hversu oft menn hafa nú rifist um það hér á þessum vettvangi og kastað sitt á hvað ákveðnum nöfnum um það hversu marga aðila Ingibjörg Sólrún Gísladóttir réð, hversu marga aðila Davíð Oddsson réð og hversu marga aðila einhver annar réð, en ég bara þekki ekki það sem borgarfulltrúinn er að vísa til og held að ég sé nú bara með nákvæmlega sama starfsfólk og hann var til dæmis með sem borgarstjóri á sínum tíma.

Síðan nefndi borgarfulltrúinn og beindi því til mín, ég er einungis að taka það sem borgarfulltrúinn beindi sérstaklega til mín og óskaði eftir svörum vegna. Hann ræddi um fjármálin, ekki að ég sjái um fjármál Sjálfstæðisflokksins, en samkvæmt yfirlýsingu frá floknum hefur hann unnið þetta nákvæmlega í samræmi við leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar þar sem óskað er eftir því að leitað sé samþykkis og síðan séu tölurnar birtar og þannig hefur verið unnið með það. Og svo af því að menn eru alltaf í einhverju svona hann segir og hún segir, þá ætti ég auðvitað núna að segja og benda á það að upplýsingar úr skýrslunni benda til þess

að Samfylkingin hafi ekki gert hreint fyrir sínum dyrum hvað varðar styrkjamálin og hafi hentuglega fyrir síðustu kosningar birt þær tölur sem voru bara tengdar flokksskrifstofunni en ekki tekið félögin með og ef það er að taka allt upp á borðið, þá er það nú einhvern veginn dálítið sérkennilegt. Síðan hefur auðvitað, eins og borgarfulltrúinn nefndi, verið umræða um persónulega styrki til stjórnámálamanna og er birtur listi þarna í skýrslunni og á það hefur verið bent varðandi þann lista að þar er til dæmis ekki tæmandi listi yfir stjórnámálamenn, það er ekki birtur ... á listann vantar fullt af stjórnámálamönnum sem fengu styrki frá bönkunum á sínum tíma. Þannig að eitthvað er nú sú samantekt ófullkomin. En ég held að það hafi ekki verið fleira sem borgarfulltrúinn beindi beint til mín, það var aðallega varðandi þessa skýrslu starfshópsins og ég vildi áréttta það að flest það sem þar er nefnt er komið í ágætisfarveg innan borgarkerfisins, en við getum auðvitað gert miklu betur og munum fara yfir það á vettvangi umrædds eigendahóps.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég fór einmitt yfir þetta tvennt, bæði tillögur innri endurskoðunar og tillögur stýrihóps um REI, áður en ég dró það saman á þann hátt að nánast ekkert hefur verið klárað formlega, þótt ýmislegt hafi verið rætt, að frátöldu því sem klárað var í tíð 100 daga meirihlutans. Ég gat ekki heyrt að háttvirtur borgarstjóri væri í raun að mótmæla þessu, heldur svona meira að malda í móinn, vegna þess að ég ... ég þá bara óska eftir því að borgarstjóri leggi fram yfirlit yfir sína sýn á hvað hafi verið klárað í þessu og leggi það fyrir borgarráð ef þetta er einhvern veginn öðruvísi.

Varðandi umboðsmann Alþingis, þá hefur hann alls ekki skilað sínum niðurstöðum og væri nú raunar óskandi að umboðsmaður tæki Magma-málin til skoðunar ásamt RE-málinu vegna þess að það er svo margt skylt. Það er svo gríðarlega margt skylt. Svo veit ég ekki hversu vel háttvirtur borgarstjóri hefur fylgst með bæði skilum stjórn málaflakka á upplýsingum til Ríkisendurskoðunar og fjölmiðlaumfjöllun í kjölfar skýrslunnar, vegna þess að það kemur klárlega fram í gögnum Ríkisendurskoðunar að Sjálfstæðisflokkurinn skilaði ekki upplýsingum í samræmi við leiðbeiningar Ríkisendurskoðunar og þess vegna gat Ríkisendurskoðun, treysti sér ekki til að birta upplýsingar frá flokknum á samræmdan hátt, einmitt vegna þess að það vantaði upplýsingar frá hinum ýmsu flokksfélögum. Þeim hafði verið heitið af Sjálfstæðisflokknum, bæði seint og snemma hér í borgarstjórn og annars staðar, og þess vegna á þessi spurning ennþá við vegna þess að þessi svör hafa ekki verið gefin og ég heyrði heldur ekki svar borgarstjóra við spurningunni hvort hún myndi beita sér fyrir því að þessar upplýsingar yrðu birtar, [forseti slær í bjöllu] hvort hún myndi beita sér fyrir því að einstaklingar myndu afnema nafnleynd á styrkjum og [forseti slær í bjöllu] ég áskil mér rétt til þess að koma hér upp aftur til þess að svara því sem að Samfylkingunni snýr.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar, þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það er ekkert að því og ég skal setja það í farveg, hef þegar rætt um málið við borgarlögmann, að við tökum saman upplýsingar um það sem hefur verið gert er varðar skýrsluna sem borgarfulltrúinn nefndi. Aftur er þetta svona hann segir hún segir, og engin ástæða til þess, við skulum bara taka saman staðreyndir í því. Ég tel að það sé ekki rétt sem borgarfulltrúinn segir að einungis í umrædda 100 daga hafi menn gert eitthvað og það er aftur svona einhver nálgun sem ég held að menn hljóti að vera komnir á annan stað með. En ég skal láta taka saman það sem hefur verið gert hvað þetta varðar til þess að borgarfulltrúar séu allir vel upplýstir um það.

Aftur varðandi það sem borgarfulltrúinn nefndi um Magma-málið, þá get ég ekki alveg séð að það sé þessu skylt, en það er hans að greina frá því. Síðan varðandi fjárstyrkina þá er ég nú ekki í sömu stöðu og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, hann er varaformaður síns flokks og er á vettvangi flokksins að fjalla um þessi mál, þannig að hann getur svarað fyrir Samfylkinguna um það hvers vegna þær ávirðingar eru nú í gangi og virðast, samkvæmt upplýsingum í fjölmiðlum vera þannig að flokkurinn hafi birt það sem þau voru með eða betur hljómaði fyrir síðustu kosningar, en nú séu tölurnar orðnar umtalsvert hærri. Það allavega stendur í skýrslunni og borgarfulltrúinn sem varaformaður Samfylkingarinnar getur auðvitað svarað því betur hér.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá veitir borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson andsvar í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, já, mér er það ljúft og skylt. Það sem stendur í skýrslunni kemur heim og saman við þær upplýsingar sem Samfylkingin sendi Ríkisendurskoðun. Upp á punkt og prik. Að því frátöldu að Samfylkingin gaf upp öllu hærri upphæð sem Samfylkingin fékk frá Glitni. Öllu hærri upphæð, ekki lægri. Þar sem AMX og aðrir vildarvinir Samfylkingarinnar hafa verið að reyna að halda fram var að þeir tóku, vegna þess að Samfylkingin birti þessar upplýsingar í tveimur hlutum, það er að segja fyrst aðalskrifstofuna og svo nokkrum vikum síðar, þegar búið var að safna frá öllum félögunum voru þær tölur birtar og það er samtala þeirra sem annars vegar birtist í skýrslunni og líka hjá Ríkisendurskoðun. Síðan hafa einhverjir húmoristar tekið fyrri fréttatilkynninguna og borið hana saman við skýrsluna og sagt að það sé ósamræmi en það kemur rækilega fram í tilkynningunni, sem þeir eru þá að bera saman við, að Samfylkingin muni gera fulla grein fyrir öllu á næstu vikum, eins og það var orðað, þetta vor og það er Samfylkingin núna búin að gera fyrir meira en ári síðan en það er einmitt þessi seinni hluti sem vantar hjá Sjálfstæðisflokknum og ég var að kalla eftir. Það vantar líka að Sjálfstæðisflokkurinn birti nöfnin á bakvið fjölmarga styrki og það vantar líka hjá fjölmörgum einstaklingum og frambjóðendum innan Sjálfstæðisflokksins og það var það sem ég var að spyrja eftir. Það sem stendur í skýrslunni og Samfylkingunni er borið á brigður er einhver smjörklípa frá Sigurjóni Árnasyni, bankastjóra, sem að er greinilega í vörn í einhverskonar yfirheyrslu hjá rannsóknarnefndinni út af risastyrkjunum til Sjálfstæðisflokksins og segir að Samfylkingin hafi tekið við styrkjum á margar kennitölur. Sem er alveg rétt, vegna þess að hvert félag hjá Samfylkingunni er með kennitölu [forseti slær í bjöllu] og það er einmitt yfirlit yfir þetta sem var sent Ríkisendurskoðun og heildaryfirlit. En nú kalla ég eftir því að borgarstjóri svari þeim spurningum [forseti slær í bjöllu] sem varða styrki síns ágæta flokks.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá tekur hæstvirtur borgarstjóri til máls.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég held nú að framkvæmdastjóri flokksins og formaður hafi svarað því ljómandi vel. Þeir hafa sagt að þeir styrkir sem koma fram á heimasíðu flokksins séu samtala yfir heildarstyrki sem flokkurinn hefur fengið á ákveðnu tímabili. Flokkurinn hefur líka sagt það að, eins og kemur fram hjá Ríkisendurskoðun, að það eigi að óska eftir því að fá að birta styrkina áður en að nafnanna er getið og þá vinnureglu hefur Sjálfstæðisflokkurinn viðhaft. Nú þekki ég ekki skýringar en varaformaður Samfylkingarinnar þekkir þær betur en ég, hann er betur inni í þessum innri málum hjá þeim heldur en ég er. En þær fréttir sem hafa verið undanfarið um það að Samfylkingin hafi ekki gefið upp sína styrki nema að hluta til, það er eitthvað sem hann útskýrir og verður að útskýra betur. Ég hef sjálf talið það og er þeirrar skoðunar, ég held að við séum það öll, og mér finnst reyndar allir flokkarnir, alveg sama hverjir það eru og ég held að þingin sl. helgi, og það sem hefur verið að gerast á vettvangi flokkanna, sýni það að allir flokkarnir, allir stjórn mála flokkar á Íslandi, eru sannarlega að reyna að gera þetta með réttum og eðlilegum hætti og í samræmi við þær leikreglur sem hér hafa ríkt og gilt. Þannig að ég held að það sé enginn flokkur undanskilinn í því og auðvitað er það þannig að Sjálfstæðisflokkurinn og líka að einhverju leyti Samfylkingin eru stærri og með fleiri félagsmenn, sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, heldur en gengur og gerist, þannig að verkefnið er kannski umfangsmeira en formaður og framkvæmdastjóri flokksins hafa gert vel og góða grein fyrir þessu og ég held að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki neitt að fela í þeim málum. Auk þess sem ég minni á það að styrkjamálin sem auðvitað komu upp fyrir síðustu kosningar, þar sem kom í ljós að flokkar höfðu þegið mjög óeðlilega háa styrki frá fyrirtækjum, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur endurgreitt og yfirlýst að hann muni endurgreiða þá styrki. Ég veit ekki til þess að Samfylkingin ætli að endurgreiða neitt af þessum styrkjum. Varaformaðurinn getur kannski upplýst um það að það sé breytt stefna síðan hann tók við og menn vilji endurgreiða styrki sem taldir eru óeðlilega háir en ég hef ekki séð það koma frá neinum öðrum flokki.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti. Ég vil fyrst fagna því að borgarstjóri lýsi því hér yfir að hún telji að Sjálfstæðisflokkurinn þurfi að klára að birta yfirlit yfir sína styrki, líka styrki til einstakra félaga og ég get ekki skilið borgarstjóra öðruvísi en svo að hún sé líka að mælast til þess að allir frambjóðendur flokksins birti nöfn yfir sína styrktaraðila og ég vil undirstrika hér spurningu sem ég fékk ekki svar við, hvort að borgarstjóri telji ekki, í ljósi þeirra upplýsinga sem eru í rannsóknarskýrslu Alþingis, finnst það tilefni til þess að skoða betur og upplýsa betur en gert hefur verið um aðdraganda REI-málsins í ljósi risastyrkjanna sem hér voru nefndir og voru óeðlilegir. Samfylkingin tók ekki við [forseti slær í bjöllu] óeðlilega háum styrkjum og hefur þess vegna ekki ætlað að endurgreiða þá, það er mál Sjálfstæðisflokksins.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd og þá svarar hæstvirtur borgarstjóri stuttri athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Það er oft dálítið erfitt að eiga orðaskipti við umræddan borgarfulltrúa af því að hann kýs svo oft að koma upp og túlka þau orð sem hér eru höfð frammi. Ég sagði að formaður og framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins hefðu gert grein fyrir því hvernig á þessum málum væri haldið af hálfu Sjálfstæðisflokksins. Ég sagði einnig að Sjálfstæðisflokkurinn, líkt og allir aðrir flokkar, hlytu að gera það með réttum og eðlilegum hætti. Og ég hef engar efasemdir um að þannig er það gert á vettvangi Sjálfstæðisflokksins, líkt og borgarfulltrúinn telur að sé gert með eðlilegum hætti á sínum vettvangi. Það var það sem ég sagði.

Varðandi REI-málið og hvort það þurfi að skoða það frekar, þá höfum við auðvitað það rétt sem kom fram hjá borgarfulltrúanum, og ég sagði það, það er ekki rétt sem borgarfulltrúinn, aftur er hann að túlka orð mín, ég sagði hér að við hefðum síðast svarað umboðsmanni Alþingis í mars 2009 og ég sagði að væntanlega vegna anna hans í tengslum við rannsóknarskýrsluna hefðum við ekki fengið frá honum endanlegt álit. Bara þannig að borgarfulltrúinn haldi til haga því sem sagt er en ekki því sem hann vill einhvern veginn sagt hafa. Þannig að það mál er á þeim stað [forseti slær í bjöllu] og við hljótum að vænta þess að það komi eitthvað úr þeirri átt fyrir en síðar.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að gera stutta athugasemd og þá tekur til máls borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Íslenskt efnahagslíf féll ekki á hliðina að ástæðulausu. Það hrundi ekki bara vegna þess að það var byggt á óraunhæfum forsendum, ekki bara vegna stöðunnar á erlendum fjármálamörkuðum, né heldur vegna einstakra einstaklinga, einstakra hluta stjórnsýslu eða stjórn mála. Íslenskt efnahagslíf hrundi vegna stefnu sem látin var viðgangast alltof lengi. Stefnu sem miðaði að því að veikja hið opinbera og breyta lýðræðissamfélagi í valdasamfélag ímyndaðra auðmanna. Stefnu sem í daglegu tali er kölluð frjálshyggja. Stefnu sem stjórn mála fólk hafði ofurtrú á og beitti allt þar til yfir lauk. Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis er ómetanleg heimild um það sem hér átti sér stað og ómetanlegt veganesti inn í framtíðina fyrir þjóðina alla. Þar er dregin upp vægast sagt ótrúleg mynd af spilltu viðskiptalífi og sýnt fram á hvernig skilin milli stjórn mála og viðskipta máðust smátt og smátt út.

Þó ríkisvaldið sé vissulega meginviðfangsefni skýrslunnar sem ábyrgðaraðili gagnvart bönkunum kemur sveitarstjórnarstigið ansi oft upp í hugann við lestur skýrslunnar. Rannsóknarnefndin hafði auðvitað skýrt og afmarkað hlutverk en fróðlegt væri að skoða orsakir og aðdraganda hrunsins með tilliti til afskipta og afskiptaleysis, ákvarðana og/eða aðgerða sveitarstjórnarfulltrúa. Fyrir einkavæðingu voru bankarnir tiltölulega sjálfstæðar stofnanir sem þjónustuðu almenning á fjármálasviði. Örfáum árum seinna voru þeir orðnir að óræðum fyrirbærum sem flækt voru í vefi krosseignartengsla þar sem öll útrásarfyrirtækin runnu saman í eitt. Sjálfstæðisflokkurinn hreykti sér af því að hafa fært völdin frá stjórn mála til atvinnulífs og Framsóknarflokkurinn undi sáttur við sitt. Lof og hól hægrisinnaðra stjórn málamanna frá þessum tíma væri efni í svarta grínmynd í fullri lengd. Varnaðarorð vinstrimanna voru að engu höfð heldur beinlínis gert lítið úr þeim. Bölsýni og afbrýðisemi voru algeng lýsingarorð á þessum tíma.

Forseti. Hvaða lærdóm getum við sveitarstjórnarfolk lært af skýrslu rannsóknarnefndarinnar? Hvað var að gerast á vettvangi sveitarfélaganna í aðdraganda hrunsins? Borgarstjórn Reykjavíkur fer með forræði yfir land- og orkunýtingu, uppbyggingarheimildum og fleiru sem telst til veraldlegra gæða en á sama tíma ber okkur að tryggja lágmarks lífsgæði. Okkur ber að tryggja íbúum

mannsæmandi lífsskilyrði. Við erum kosin af borgarþúum og eigum að vinna þessa vinnu með hagsmuni þeirra í huga. Á kjörtímabilinu hafa þó ítrekað vaknað upp spurningar um hvaða hagsmunir liggja að baki ákvörðunum sem teknar hafa verið. Þær spurningar vöknudu ekki aðeins hjá okkur Vinstri grænum, heldur borgarfulltrúum allra flokka og hafa þær haft afdrifarík áhrif á stjórnarfar borgarinnar á kjörtímabilinu.

Áleitnust var spurningin þegar til stóð að selja hlut borgarinnar í REI. Þegar Bjarni Ármannsson var orðinn hluthafi og stjórnarformaður dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur án þess að stjórn Orkuveitunnar eða kjörnir fulltrúar sveitarfélaganna hefðu tekið ákvörðun þar að lútandi. Hver var þá fulltrúi hverra? Hverra hagsmuna var gætt og hver gætti þeirra? Þegar kjörnum fulltrúum var ætlað að samþykkja samruna REI og Geysis Green Energy með dagsfyrirvara og veita þannig Bjarna Ármannssyni og Hannesi Smárasyni óheftar heimildir til að nýta Orkuveitu Reykjavíkur, starfsfólk hennar og þekkingu sér til framdráttar í útrásarævintýrinu. Hver gætti þá fulltrúa almennings? Hver var fulltrúi almennings við borðið? Þegar borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins, með núverandi borgarstjóra í broddi fylkingar, komst svo að niðurstöðu um hvernig þeir hygðust leysa málið, með því að selja fyrirtækið með húð og hári til útrásarvikinga, þar meðtalið hlut Orkuveitunnar í Hitaveitu Suðurnesja, hverra hagsmuna var þá gætt? Hver gætti hagsmuna hverra? Hver var fulltrúi almennings?

Eftir á að hyggja má borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins þakka borgarfulltrúum þeim sem legið höfðu undir ámælum vegna varnaðarorða sinna um langt skeið. Hefði borgarfulltrúa Vinstri grænna ekki notið við og annarra fulltrúa minnihlutans þá hefði Orkuveitan sogast inn í hit krosseignartengsla útrásarvikinganna, skilin milli viðskiptalífs og stjórn mála heyrð sögunni til og sú vegferð hefði aðeins getað endað á einn veg.

Forseti. Ég met það mikils við alla þá aðila sem að gerningnum komu að fullur vilji var til að draga lærdóm af ferlinu. Skipaður var starfshópur með fulltrúum allra flokka sem skilaði hinni víðfrægu REI-skýrslu þar sem margt gagnlegt kom fram. Meðal annars loforð um bót og betrun. Leynd, hraði og samráðsleysi áttu að heyra sögunni til. REI-skýrslan var í raun, eins og hefur komið fram hér áður, eins

konar smáútgáfa af skýrslunni sem hér er til umfjöllunar, enda var hún tilraun til að hreinsa og opna stjórnkerfi borgarinnar og fyrirtækja hennar. Þá er vert að geta þess að nú, rúmum tveimur árum síðar, er skýrslan ófinnanleg á Netinu, vefjum borgar og Orkuveitu Reykjavíkur. Í gamalli frétt á Vísi má finna drög sem lekið var í fjölmiðla stuttu fyrir útgáfu skýrslunnar en það er alls ekki endanleg útgáfa. Að sama skapi er fátt sem bendir til þess að staðið hafi verið við loforð um bót, betrun, heiðarlegri og gagnsærri stjórnsýslu. Þó vinnubrögð innan fyrirtækisins hafi verið lagfærð að einhverju leyti eiga kjörnir fulltrúar meirihlutans enn mjög langt í land.

Það er nefnilega þannig, forseti, að einu og hálfu ári eftir að REI-skýrslan var kynnt með pompi og prakt kom upp afar keimlíkt mál í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Þá var boðaður fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur með stuttum fyrirvara, gögn bárust seint og illa en samt keyrð í gegn ákvörðun um að selja hlut Orkuveitu Reykjavíkur í HS Orku til kanadísks skúffufyrirtækis fyrir kúlulán til sjö ára. Þrátt fyrir ítrekaðar frestunartillögur sem voru í fullu samræmi við niðurstöðu REI-skýrslunnar var ákvörðunin keyrð í gegn, jafnvel þótt mörgum og áleitnum spurningum væri enn ósvarað. Með í kaupunum fylgdi leigusamningur um orkunýtingu upp á 65-130 ár. Málflutningur borgarfulltrúa meirihlutans var sorglegur. Þeir fögnuðu og kættust yfir að hafa komið hlutnum í verð, töldu sig hafa gert góðan díl og grætt á tá og fingri. Erlent fjármagn beinlínis streymdi til landsins. Þó síðar hafi komið í ljós að díllinn snerist um að koma aflandskrónum til Íslands. Krónum sem keyptar höfðu verið á hrakvirði í útlöndum.

Þessi orkumálaumræða, REI-málið og Magma-málið, kallar á örlitla tilvitnun úr skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem ég ætla að lesa hér, og reyndar hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lesið það upp líka, en það er á bls. 242 úr 8. bindi:

Stjórnámálamenn vanræktu margvíslegar skyldur sínar og brugðust ábyrgð sinni gagnvart almenningi. Vikið var frá eðlilegum starfsháttum við einkavæðingu bankanna og reynslulitlum aðilum treyst fyrir helstu fjármálastofnunum landsins.

Seinna í sömu skýrslu á sömu blaðsíðu segir svo:

Ríkið var skipulega vanrækt enda oftrú á eftirlitsleysi ríkjandi í trausti þess að einkaaðilar myndu ástunda sjálfseftirlit.

Tilvitnun lýkur. Við vitum hvað varð um sjálfseftirlitið. Þörfin fyrir aðhald er nefnilega ekki síður brýn í sveitarstjórnnum en hjá ríkisvaldinu. Orkuveitan hefur vissulega tekið þátt í öðrum verkefnum en þeim sem snúa að grunnþjónustu við borgarbúa. Þau eru þó vel réttlætunleg enda eru framfarir á sviði orkunýtingar að sjálfsögðu mikilvægar fyrir okkur öll. Orkuveitan er samt sem áður fyrst og fremst almanna-fyrirtæki sem ber að sjá borgarbúum fyrir vatni og rafmagni. Lífsnauðsynjum. Fyrirtæki sem gegnir jafn veigamiklu hlutverki og Orkuveita Reykjavíkur verður undir öllum kringumstæðum að vera í eigu almennings og lúta stjórn fulltrúa almennings, sama hvað borgarstjóri hefur eftir einhverju samflokksfólki sínu í útlöndum.

Hér í dag ríkir meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Borgarstjórn Reykjavíkur. Sömu flokkar stjórna borginni og stjórnðu landinu þegar bankarnir voru einkavæddir og frjálshyggjan innleidd. Sömu flokkar og stóðu að þensluhvetjandi aðgerðum í formi virkjana- og stóriðjuframkvæmda og sömu flokkarnir og hækkuðu húsnæðislán gegn betri vitund. Flokkar sem enn trúa því að óheft frelsi einstaklinga sé eilíflega lausnin. Flokkar sem ekki trúa á þann boðskap sem skýrslan ber í för með sér, um mikilvægi kjörinna fulltrúa í lýðræðissamfélagi, um mikilvægi skýrra og afmarkaðra laga og reglna og samfélagslegrar nálgunar gagnvart viðfangsefnum stjórnmalanna. Sérstaklega velti ég fyrir mér hvernig í ósköpunum Sjálfstæðisflokkurinn hyggst draga lærdóm af skýrslunni. Hvernig getur flokkur sem byggir stefnu sína á frjálshyggju dregið lærdóm af skýrslu sem dæmir stefnuna ónýta með öllu?

Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur ítrekað sýnt það á kjörtímabilinu að hagsmunir einstaklinga eru teknir fram yfir heildina, að völd flokkanna skipta meira máli en borgarbúar og að grunnþjónustan sé betur komin í höndum einkaaðila en hjá hinu opinbera. Og þá verður að segjast að Sjálfstæðisflokkurinn sker sig sérstaklega úr þótt Framsókn sé ekki í neinu sérstöku upphaldi hjá mér. Eða hvernig er það, var salan á Fríkirkjuvegi 11 með hagsmuni almennings í huga? Líka þegar girða átti af Hallargarðinn og koma þar fyrir viðhafnaraðkomu útrásarvíkinga? Voru skjólstaðingar Byrgisins ofarlega í huga kjörinna fulltrúa þegar Heilsuverndarstöðin ehf. átti að taka við þeim? Fyrirtæki sem var á leiðinni á hausinn? Hefðu fyrirtækjareknir leikskólar verið

börnunum fyrir bestu? Hvað hefði orðið um þau börn sem bankarnir ætluðu að taka að sér að reka? Hvernig er það? Eða hvernig var það? Var það einlæg skoðun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að það væri borgarbúum fyrir bestu að Ólafur F. Magnússon yrði borgarstjóri á sínum tíma? Geta borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins staðið hér upp og sagt mér það?

Af nógu er að taka og enn fleiri spurningar vakna, enda gefur skýrsla rannsóknarnefndarinnar fullt tilefni til vangaveltna. Þar eru ferðalög kjörinna fulltrúa á vegum banka tilgreindar, en e.t.v. má vera að þær hafi verið fleiri, á vegum fleiri útrásarfyrirtækja og með fleiri kjörnum fulltrúum? Hvernig hafa kjörnir fulltrúar tengst þeim fyrirtækjum sem komið hafa við sögu vegna lóðaúthlutana, vegna uppbyggingarheimilda, vegna skipulags á kjörtímabilinu og hvaða hagsmunir gætu hafa verið að baki einstaka tillögum eða ákvörðunum? Ég tek það fram að þessar vangaveltur eru ekki settar hér fram af kvikindisskap eða af því að ég hafi þörf fyrir að ásaka fólk eða velta mér upp úr spillingarmálum. Það er einfaldlega þannig að skýrsla rannsóknarnefndarinnar vekur upp spurningar sem varpa rýrð á stjórnmalafólk og ýkir enn þann trúnaðarrest sem orðið hefur milli almennings og kjörinna fulltrúa. Það skiptir því gríðarlegu máli, ef við ætlum áfram að treysta á lýðræði í þessu landi, að við náum að endurheimta traust gagnvart stjórnmalunum – og það verður ekki gert öðruvísi en að upplýsa um öll þau tengsl sem til staðar eru og taka vinnubrögð kjörinna fulltrúa til gagn Gerrar endurskoðunar. Öðruvísi verða ásanir og grunsemdir ekki afmáðar.

Að lokum get ég svo vel tekið undir með öðrum sem hér hafa talað um mikilvægi þess að endurskoða hlutverk og verksvið kjörinna fulltrúa. Það er samt sem áður smámál í samanburði við það risastóra verkefni sem við blasir við að skýra línurnar milli viðskiptalífs og stjórnmála og þar verða kjörnir fulltrúar að axla þá ábyrgð sem þeir bera og endurheimta traust borgarbúa.

**Forseti:** Þrír borgarfulltrúar hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu borgarfulltrúa og eru andsvör því styttniður í eina mínútu. Fyrst veitir andsvar borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér fer borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir mikinn. Við erum hérna að ræða mjög erfiða skýrslu fyrir landið allt. Ekki fyrir borgarstjórn bara. Við erum að tala um lærdóm af henni, við erum að tala um siðferði og við erum að tala um að fara ekki í skotgrafirnar. Ef það er eitthvað sem við þurfum að taka til okkar úr þessari skýrslu, þá er það að fara ekki í skotgrafirnar. En hér kemur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir og hoppar beint í þær, rennur bara beint í skotgrafirnar og raðar út úr sér einhverjum málum sem augljóslega verða ekki rædd hér til lengdar, eða ýtarlega. Hún gengur lengra, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, og talar um frjálshyggju. Virðingarleysið gagnvart annarri hugmyndafræði en sinni eigin er algjört. Hún ræðir REI-málið hérna eins og froskur og hoppar yfir allskonar hluti. Við höfum rætt REI-málið ýtarlega hérna, Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi, [forseti slær í bjöllu] og við erum ekki að fara að gera það hér, en það eru allir hér inni hluti af því máli. [forseti slær í bjöllu] Það er ekki hægt að draga einn flokk framan í annan. [forseti slær í bjöllu] Og svo lokar Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi með því að segja [forseti slær í bjöllu] að skýrslan tali um rýrð á stjórnmalafólk, [forseti slær í bjöllu] nei, Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi er að kasta rýrð á stjórnmalafólk.

**Forseti:** Forseti áminnur borgarfulltrúa um að virða tímamörk og gæta hófs í einkunnum hver um annan. Það verður ekki liðið í sal borgarstjórnar að borgarfulltrúar líki hver öðrum við froska. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég átti nú svo sem von á viðbrögðum af þessum toga. Það virðist vera stefna Sjálfstæðisflokksins, eða viðbrögð Sjálfstæðisflokksins virðast hafa verið rædd víða og virðast eiga að ganga út á það að þann lærdóm eigum við að draga af þessu sé að við séum bara öll í sama skítinum. Að það séu bara allir stjórnámálamenn algjörlega ómögulegir og við höfum öll borið ábyrgð á REI-málinu og við höfum öll borið ábyrgð á öllu því sem miður hefur farið í samfélaginu. Það er bara ekki rétt. Þetta heita ekki skotgrafir, þetta heitir að tala upp úr því sem skýrslan sýnir en Sjálfstæðisflokkurinn neitar að horfast í augu við þann áfellisdom sem skýrslan er sannarlega yfir Sjálfstæðisflokknum og þeirri stefnu sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur rekið á undanförunum 17 árum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir svarar andsvari. Þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúa borgarfulltrúi Gíslis Marteinn Baldursson. Gíslis Marteinn Baldursson borgarfulltrúi bað um orðið, þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúa borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Ólafur F. Magnússon:** Já, það vantaði ekki sjálfbirgingsháttinn og fyrirlitninguna á þeim sem hér stendur í ræðu Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa hér áðan, sem talaði af miklum þjósti um það hvílk óhæfa það væri að sá sem hér stendur hafi orðið borgarstjóri í Reykjavík. Það hafi svo sannarlega ekki verið í þágu almannahagsmuna. Ég segi við þig, telur þú að þú værir hæfari til að vera borgarfulltrúi með þína reynslu? Þína framkomu við annað fólk? Ég held ekki, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir. Ég ætla líka að taka fram að hún nefndi Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Hver stóð einn gegn því fáránlega máli? Sölunni á því? Sá sem hér stendur. Vinstri grænir héldu aldrei haus í því máli. Þeir voru alltaf til sölu fyrir Framsóknarflokkinn. Hún var komin í hendur vafasamra einkaaðila, Heilsuverndarstöð Reykjavíkur, og stendur auð. Minnismarki um skammsýni og heimsku 14 borgarfulltrúa gegn atkvæði þess sem hér talar. Og Fríkirkjuvegur 11. Viku eftir að sá sem hér stendur lagðist fárveikur á sjúkrahús sneri Margrét Sverrisdóttir, sem ég veit að þið vinstrimenn hafið mjög miklar mætur á, sneri hún blaðinu við í því máli og greiddi atkvæði [forseti slær í bjöllu] 13-2 gegn einungis borgarfulltrúum Vinstri grænna með sölunni á Fríkirkjuvegi 11, [forseti slær í bjöllu] vegna taumlausrar aðdáunar sinnar á Björgólfsfeðgum, [forseti slær í bjöllu] sem sýnir sig nú kannski best í því að systir hennar [forseti slær í bjöllu] er nýorðin upplýsingafulltrúi Björgólfanna. [forseti slær í bjöllu] En að ég sitji [forseti slær þrisvar í bjöllu] undir einhverju í sambandi við Fríkirkjuveg 11 og skríslátum Vinstri grænna í minn garð á sínum tíma út af því [forseti slær þrisvar í bjöllu] það er svívirðileg hræsni. Ég á ekki að líða [forseti slær í bjöllu] fyrir tækifærismennsku Margrétar [forseti slær fimm sinnum í bjöllu] Sverrisdóttur í stjórnmálum

**Forseti:** Forseti vill ítreka vinsamleg tilmæli sín til borgarfulltrúa að virða tímamörk og jafnframt árétta að vísa til annarra borgarfulltrúa með nafni og titli. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það var nú fátt í þessari ræðu sem er svaravert. Ég verð þó að áréttta það hér að það var borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon sem var þáverandi borgarstjóri sem gekk frá samningum um sölu á Fríkirkjuvegi 11.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur svarað andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Ólafur F. Magnússon:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir og góðir borgarfulltrúar og forseti. Það getur vel verið að það sé til í þínu eðli, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, að skipta um stefnu í miðri á, skipta um hest í miðri á, standa ekki við orð þín út í eitt, en í þessu máli átti ég ekkert val. Margrét Sverrisdóttir greiddi atkvæði með öllum hinum þremur flokkunum nema Vinstri grænum og það var búið að taka skuldbindandi ákvörðun um að selja þetta mannvirki til einkaaðila. Enginn er meira á móti því að selja eigur almennings til einkaaðila en sá sem hér stendur og hefur sýnt það í verki í orkumálunum. Þar hafið þið Vinstri grænir svo sannarlega ekki haldið haus. Hlýdduð Alfreð Þorsteinssyni við hvert fótmál í málefnum Kárahnjúkavirkjunar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur veitt andsvar. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Sá sem hér stendur hefur nú komið að borgarmálum um langt skeið og raunar áður en sá ferill hófst, sem varð að þvítíkri þjóðarógæfu sem hrúnið sem birtist okkur árið 2008 varð að veruleika, þá er mér málið að ýmsu leyti býsna skylt. Ég sá þetta mál stundum úr þó nokkurri nálægð, það hafði mjög mikil áhrif á minn pólitíska feril. Mér er ekki kunnugt um að neinn annar sem er hér inni af kjörnum fulltrúum hafi verið farinn að skipta sér að verulegu leyti að borgarmálum árið 1995, nema sá sem er fjarverandi í dag, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarfulltrúi, sem er náttúrulega okkar langreyndasti borgarfulltrúi, en ég hef semsagt starfað að borgarmálum síðan 1990 og mun rekja hér í ræðu minni á eftir að upphafið að þeirri hrikalegu ógæfu sem henti þjóðina árið 2008 átti rætur sínar í stjórnarmyndun Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 1995. Þar byrjar þetta. En ég vil samt koma hér strax á framfæri bókun sem ég vil flytja með þessari ræðu og leggja hana fram hér í upphafi ræðu minnar, því að hún eiginlega tekur þetta mál fyrir í hnotskurn og kannski svolitlu samhengi við söguna og landið, því ég legg fram svohljóðandi bókun:

Í 16. passíusálmí séra Hallgríms Péturssonar, 8. versí, sem ritað var fyrir meira en 350 árum, er undirrot þess ástands sem nú ríkir meðal þjóðarinnar lýst með eftirfarandi orðum: Undirrot allra lasta/ ágirndin kölluð er./ Frómleika frá sér kasta/ fjárplógsmenn ágjarnir,/ sem freklega elska féð,/ auði með okri safna,/ andlegri blessun hafna,/ en setja sál í veð. Á borgarstjórnarfundi fyrr á þessu ári lagði ég fram fjárhags- og eignastöðu mína. Enn stendur á því að aðrir borgarfulltrúar geri slíkt hið sama. Rannsóknarskýrsla Alþingis beinlínis æpir á það að kjörnir fulltrúar almennings geri hreint fyrir sínum dyrum.

Forseti, ég hef þá lokið við að lesa þessa bókun en vil núna koma aftur til þess árs sem ég tel að verulegu leyti upphaf þess hrikalega hruns sem varð meðal þjóðarinnar árið 2008. Það er eftir kosningarnar 1995, eftir alþingiskosningarnar þá þegar Sjálfstæðisflokkur myndaði meirihluta með Framsóknarflokknum. Þar voru komnir nýir aðilar við stýrið á borð við Halldór Ásgrímsson, síðar Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir og Siv Friðleifsdóttir, sem ég stundum kalla sameiginlega í stuttu máli Kárahnjúkakið. Þó ég ætli ekki að eyða mörgum orðum hér í hvernig Framsóknarflokkurinn og ekki síst fyrrverandi formaður þess

flokks, Halldór Ásgrímsson, kom að málum við að komast yfir sjávarútvegsauðlindina okkar, kom henni í hendur fárra í stað alls almennings.

En það var svosem ekki strax árið 1995 sem var farið að safnast mikið ryk undir teppið, þó að hafi birst sem stormsveipur eða hvirfilbylur þegar teppinu var lyft árið 2008, en árið 1999 voru ýmis alvarleg teikn á lofti. Til dæmis voru áform framsóknarmanna um ofurvirkjanir á Austurlandi búin að ná langt fram að ganga í þáverandi stjórnarsamstarfi og svo mjög að sá sem hér talar, sem var þá tiltölulega nýorðinn borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, gat ekki með neinu móti hugsað sér að kjósa flokkinn í alþingiskosningum 1999 vegna framgöngu flokksins og samstarfsins við Framsóknarflokkinn í umhverfismálum. Ég flutti raunar tillögu hér, í fyrsta skipti í sögu borgarstjórnar sem það er gert, um að Reykjavíkurborg krefðist umhverfismats vegna áformanna um Fljótsdalsvirkjun. Það er að segja gerð 45 km<sup>2</sup> uppistöðulóns austan Snæfells yfir Eyjabökkum, sem er einstök náttúruperla. Ekki var betur brugðist við þeirri tillögu hér í borgarstjórn en svo að henni var vísað frá á þeirri forsendu að það kæmi Reykjavíkurborg, þó hún væri 45% aðili að Landsvirkjun, kæmi henni ekkert við, þó væri verið að vinna stórkostleg umhverfis- og efnahagsspjöll úti á landi, og það á kostnað borgarbúa, sem, eins og áður segir, voru stór eignaraðili að Landsvirkjun.

En þessum málum með Eyjabakkana, þau áttu eftir að hafa mjög, mjög víðtækar afleiðingar, að minnsta kosti fyrir samstarf mitt við Sjálfstæðisflokkinn, það var ljóst þá þegar þegar þessi mál voru komin á ferð árið 1999 að sá sem hér talar myndi ekki una við það að þetta mál væri keyrt í gegn. Flutti hérna tillögu, eins og áður segir, 7. október 1999 gegn þessum áformum og stofnaði skömmu síðar hreyfinguna Umhverfisvinir, sem vel að merkja ég hef kennitölu og forráð yfir, og sú hreyfing, henni tókst að safna 45.000 undirskriftum, rösklega það, undirskriftum þar sem fólk ritaði með eigin hendi undir mótmæli gegn þessum áformum og þó að þau stöðvuðu ekki Alþingi eða ríkisstjórn Íslands, þá höfðu þau þau áhrif á Norðmenn og Norsk Hydro að þau drógu sig úr þessum átökum meðal þjóðarinnar, töldu ekki hægt að valta yfir svo eindregin þjóðarvilja gegn þessum áformum. Engu að síður var haldið áfram með Kárahnjúkavirkjunardæmið allt, enda urðu Eyjabakkar og virkjun þar aðeins lítill og léttvægur 4% orkuforðaáfangi að hinu stórkostlega efnahags- og umhverfisslysi sem varð síðar við Kárahnjúka.

Það var pólitískur verknaður og er stór hluti af þenslunni, hruninu og spillingunni sem var komin á útopnu árið 2001. Enda hlaut því að ljúka með því, það sama ár, þ. 20. desember, sagði sá sem hér stendur sig úr Sjálfstæðisflokknum, hér í þessari pontu, klukkan 14 og kl. 15 afnam þáverandi umhverfisráðherra, Siv Friðleifsdóttir, kl. 15 þ. 20. desember 2001, úr gildi úrskurð skipulagsstjóra um að ekki mætti virkja við Kárahnjúka vegna óafturkræfra umhverfisáhrifa hennar. Þannig að þetta er sorglegt dæmi sem mun standa sem minnisvarði um pólitískan feril þessarar konu, að hún sveik sína huldumey til að halda ráðherraembætti og við munum horfa framan í afleiðingar Kárahnjúkavirkjunar næstu 500 árin og örugglega vera það jafnhugleikið og mönnum er enn þann dag í dag hugleikin aftaka Jóns Arasonar í Skálholti 1550 sem lifir með þjóðinni. Því þarna var verið að svíkja fjallkonuna, náttúru landsins og almannahagsmuni, þegar komið er í ljós í dag að Kárahnjúkavirkjun er einn af stórum þáttum í hruninu, í þenslunni og síðast en ekki síst í gífurlegum taprekstri og neikvæðum lántökum vegna virkjanaframkvæmda í þessu landi. Þau eru að fullyrða það af nokkuð fróðum aðilum að hagnaður Alcoa af rekstri álversins við Reyðarfjörð sé meira en þriðjungur af brúttó rekstri, þau fái hvergi svona fáránlegt orkuverð nema á Íslandi. Ekki í Kína og ekki hjá öðrum löndum sem við teljum standa aftar en við í mannréttindamálum.

En það var svo hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, af því að við erum nú að tala um hrunið og ekki síst þátt borgarfulltrúa í því, sem það var samþykkt að borgin bæri ábyrgð á lántökum vegna Kárahnjúkavirkjunar. 15. janúar árið 2003. Þó að vísu gegn fimm mótaskvæðum en þó var sá hængur á því að þótt 5 borgarfulltrúar hafi greitt atkvæði, þar á meðal þessi, gegn ábyrgð Reykjavíkurborgar á Kárahnjúkavirkjun, þá var sá sem hér stendur sá eini sem allan tímann greiddi atkvæði gegn því að heimila Landsvirkjun lántökur til þess að halda þessari framkvæmd áfram á ábyrgð Reykvíkinga. Ég minni enn og aftur á það, 14-1, 14-1, 14-1, stendur um allar lántökur vegna Kárahnjúkavirkjunar hér í Reykjavíkurborg og það lýsir best því ástandi að Vinstri grænir voru alltaf undirgefnir og hlýðnir við þáverandi yfirborgarstjóra R-listans, Alfreð Þorsteinsson. Þannig að gagnrýni úr þeirri átt í garð þess sem hér stendur kemur nú vægast sagt úr hörðustu átt. Þar er sko steinum kastað úr glerhúsi. Þegar er verið að reyna að gefa það í skyn að sá sem hér talar sé ekki maður orða sinna, standi ekki með sannfæringu sinni í

Borgarstjórn Reykjavíkur eins og Sóley Tómasdóttir orðaði það svo smekklega, hér í ræðustól áðan.

Það var árið 2007, eftir 12 ára valdaferil Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, að þessir flokkar náðu ekki lengur að mynda saman meirihluta á Alþingi. Vissulega var það mjög slæmt fyrir Samfylkinguna að koma þá inn í þetta stjórnarsamstarf og vera á vaktinni þegar hrunið varð og ekki ætla ég að fegra þeirra hlut að neinu marki, en það liggur alveg fyrir að árið 2007 var íslenska þjóðin, íslenskt efnahagslíf, umhverfismálin, orkumálin, spillingin og öll þessi mál, við vorum löngu komin fram af bjargbrúninni. Komin fram af hengifluginu og í frjálsu falli. Það hefði átt að grípa inn í þessi mál miklu, miklu, miklu fyrir því til þeirra var stofnað upphaflega með stjórnarsamstarfi Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks árið 2005 og, sem með mjög eftirminnilegum hætti, sérstaklega árin 2001 og 2002, sem leiddu til þess að sá sem hér talar sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum, kristölluðust í yfirgengilega óábyrgum fjárfestingum í orkumálum, fullkomnu virðingarleysi við þjóðina í umhverfismálum og varðandi meðferð á náttúruminum og menningarminjum og síðast en ekki síst einkavinavæðingu bankanna árið 2002, þar sem liggur algjörlega fyrir að vinum Framsóknarflokksins var með mjög, mjög siðlausum aðgerðum afhentur þáverandi Búnaðarbanki og vinum Sjálfstæðisflokksins Landsbankinn.

Ég verð nú að segja það að þessi gjörningur er slíkur og afleiðingar hans eru það hrikalegar að þessir tveir flokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, ekki bara ekki skilið að vera í meirihluta hér í borgarstjórn, þeir í rauninni ættu ekki skilið að eiga kjörna fulltrúa í Borgarstjórn Reykjavíkur. Þó að því stóra vandamáli hversu Sjálfstæðisflokkurinn er ennþá stór, þó hann hafi fjarlægst uppruna sinn og hugsjónir, það mál mun taka mjög langan tíma að lagfæra. Annað hvort að flokkurinn snúi af villu síns vegar eða minnki í hlutfalli við skekkju hugsjóna sinna, en það er raunhæfur möguleiki að hægt sé að skera stærstu meinsemdina úr borgarlíkamanum, sem er Framsóknarflokkurinn, því hann hefur verið samnefnari allra þeirra vitlausustu ákvarðana í fjármálum sem teknar hafa verið, allt frá 1994 og mótmæltu því raunar harðlega þegar sá sem hér talar var borgarstjóri og reyndi að draga úr lántökufyllirí, reyndi að fresta fjárfestingum, reyndi að hægja á þenslunni, reyndi að hlýða ráðgjöfum borgarinnar,

fjármálastjóra og borgarhagfræðingi, um það að það yrði að fara varlega, það yrði að draga úr fjárfestingum, draga úr þenslunni, draga úr lántökum. En þá var stjórnarandstaðan í borginni, og ekki bara framsóknarmenn, Samfylking og Vinstri grænir tóku kröftuglega undir þetta, að þetta væri svartagalls- og svartnættisraus að ganga svona hart fram í niðurskurði til fjárveitinga í borginni og reyna að halda haus í lántökum.

Ég ætla ekki að fara mikið víðar yfir sviðið og ekki gera fólki það hér að fara í lengri rökræður við einstaklega ómálefnalega framgöngu Sóleyjar Tómasdóttur, borgarfulltrúa Vinstri grænna, en ég skal þó fyrirgefa henni verulegt reynslu- og þekkingarleysi á borgarmálum. Hún er tiltölulega nýorðin borgarfulltrúi og ég held að hún stjórnist meira af klisjum og fordómum í garð þess sem hér talar, heldur en af staðreyndum þegar hún fjallar um þau mál sem ég hef staðið fyrir í Borgarstjórn Reykjavíkur. En í upphafi skyldi endinn skoða og ég vil fá að lesa aftur hluta úr bókun minni sem lokaorð í þessari ræðu, því þau lýsa svo ótrúlega vel hvernig efnahagsslysið varð hjá þessari þjóð, hver var undirrót þess og hvernig við borgarfulltrúar eigum að bregðast við. Þannig að mín lokaorð eru aftur hluti þessarar bókunar sem ég las í upphafi minnar ræðu:

Undirrót allra lasta/ ágirndin kölluð er./ Frómleika frá sér kasta/ fjárplógsmenn ágjarnir,/ sem freklega elska féð,/ auði með okri safna,/ andlegri blessun hafna,/ en setja sál í veð.

Ég ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar, á sama hátt og ég hef lagt fram hér í Borgarstjórn Reykjavíkur fjárhags- og eignastöðu mína, þá krefst ég þess að aðrir borgarfulltrúar geri slíkt hið sama. Rannsóknarskýrsla Alþingis beinlínis æpir á það að kjörnir fulltrúar almennings geri hreint fyrir sínum dyrum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil, eins og aðrir, fjalla hér um og fara yfir ýmislegt sem kemur upp úr rannsóknarskýrslu Alþingis vegna efnahagshrunsins og borgarfulltrúar hér í dag hafa verið að nálgast viðfangsefnið svona hver út frá sínu sjónarhorni og ég held að það hafi verið ágætt og umræðan að langmestu leyti málefnaleg. Það sem ég myndi helst vilja gera er að velta því kannski upp hver upphafspunkturinn að allri þessari atburðarás er, vegna þess að það kemur berlega fram í skýrslu rannsóknarnefndarinnar að einkavæðing bankanna og einkavæðingarferlið spilar þar stóra rullu og ég held að það sé mikilvægt fyrir kjörna fulltrúa, bæði Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, að fara sérstaklega yfir þann þátt sögunnar. Ég held að það sé ekki hjá því komist heldur að fara yfir þann hluta aðdragandans sem er EES-samningurinn, upptaka hans og í raun og veru þær Evróputilskipanir sem oft og tíðum var vitnað til þegar var verið að rökstyðja ákvarðanir er varðaði einkavæðingu ríkisviðskiptabankanna og ýmislegt annað í viðskiptalífinu sem var rökstutt með því að þetta væru einfaldlega Evróputilskipanir og það þýddi ekkert að vera á móti því, við værum búin að undirgangast það og á grunni þess voru mál oft og tíðum keyrð í gegn.

Eftir að hafa hlustað og fylgst með umræðunni um skýrsluna að undanfögnu, þá held ég að oft og tíðum hafi rökstuðningur þar sem horft var til Evróputilskipananna og mál rökstudd með þeim, þá hafi þau oft og tíðum verið valin. Það hafi verið valið að fara þær leiðir sem menn töldu að væri hægt að rökstyðja með þeim hætti en kannski ýmsu öðru sleppt. Ég held til dæmis að eftirlitsþátturinn sem við erum að horfa núna til, hann brást algjörlega. Ekki er hægt að kenna Evrópusambandinu eða neinum öðrum um það en okkur, það er að segja þeim sem fóru með völdin á þeim tíma, en engu að síður held ég að eftirlitsþátturinn hafi brugðist og kannski fyrst og fremst vegna smæðar samfélagsins. Menn nota mikið orðið spilling í tengslum við það allt saman en í okkar litla samfélagi, litla kunningjasamfélagi þar sem allir þekkja alla, þá getur vel verið að heilbriggt eftirlitskerfi sem þekkist útum allan heim, það í raun og veru gangi ekki upp í jafnlitlu samfélagi og á Íslandi. Ég held að menn ættu að velta því fyrir sér núna þegar menn þurfa að semja um Icesave og ýmislegt annað við alþjóðlegar stofnanir og erlend ríki, að það sé tekið upp í samskiptunum við þessar

þjóðir, að erlendir eftirlitsaðilar hafi meira hlutverk og meiri inngríp inn í íslenska stjórnsýslu en þeir hafa haft fram að þessu.

Ég nefni þetta nú svona sem hluta af þessu í mínum inngangi vegna þess að ég tel að þegar við höldum áfram, þegar íslenskt efnahags- og atvinnulíf fer aftur af stað, þá verði þessir þættir að vera í lagi og ég er ekki viss um að þeir geti verið í lagi nema þeir komi til frá erlendum aðilum sem eru í raun og veru ekki hluti af okkar litla samfélagi. Það sem ég tel að hafi farið úrskeiðis í einkavæðingaráformum ríkisviðskiptabankanna er fyrst og fremst í raun og veru sú stefnubreyting þegar tekin var ákvörðun um það að hverfa frá dreifðri eignaraðild og selja bankana ákveðnum svokölluðum kjölfestufjárfestum. Það kemur í ljós að þeir kjölfestufjárfestar sem valdir voru höfðu tengsl við stjórnarflokkana báða, Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk, og ég tel að það hafi verið afar óheppilegt. Ég fylgdist bara með því sem fótgönguliði í Framsóknarflokki á þeim tíma hver var hugur framsóknarmanna almennt til einkavæðingar bankanna og menn höfðu miklar áhyggjur af því. Það var í raun og veru ekki fyrr en menn náðu saman um það að bankarnir yrðu seldir í dreifðri eignaraðild, að sátt náðist um aðgerðina á flokksþingi Framsóknarflokksins, að gera þetta með þeim hætti.

Seinna, eftir að fleiri fyrirtæki voru tekin til einkavæðingar, ég get nefnt Símann í því sambandi, þá voru miklar efasemdir um þá einkavæðingu innan Framsóknarflokksins, þá sérstaklega hvað tók til grunnnets Símans. Því var haldið fram á þeim tíma að það væri ekki hægt að selja Símann nema með grunnnetinu. Því var haldið fram fullum fetum og þannig var fyrirtækið selt og ég, held ég að mér sé óhætt að segja, blekið var varla þornað á pappírnum þegar búið var að stofna sérstakt fyrirtæki um grunnnetið sem við þekkjum núna undir nafninu Míla. Þannig að ég held í raun og veru að hryggstykki og bakland stjórnmalaflokkanna sem að þessu einkavæðingarferli komu hafi í raun og veru ekki haft allar þær upplýsingar sem þau þurftu á að halda, auk þess sem ákvarðanir sem höfðu verið teknar í ákveðinni sátt, þeim var breytt eftir að lagt var af stað.

Nú, ég held að það sé margt í raun og veru sem getur skýrt það hvers vegna þjóðfélagið í raun og veru var svona tilbúið til þess að taka þátt í uppsveiflunni þegar hún lagði af stað og varð að veruleika. Það var töluvert samdráttarskeið í íslensku efnahags- og atvinnulífi á árunum 1991-1995 og eftir að ríkisstjórn

Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var mynduð '95, þá varð ákveðin bjartsýni í samfélaginu. Atvinna jókst, kaupmáttur jókst og hjól atvinnulífsins fóru að snúast. Heldur betur, kannski of mikið, og það var í raun og veru bara eins og þjóðfélagið allt væri tilbúið að setjast á vagninn og taka þátt í þeirri uppsveiflu sem þá fór af stað. Ég held að það að mörgu leyti skýri það af hverju menn voru svona tilbúnir í það, vegna þess að það hafði verið samdráttarskeið áður. Ég held að það sé líka til þess að læra af núna þegar við förum í gegnum það samdráttarskeið sem við erum að upplifa núna að menn taki ekki næsta kúf þegar því lýkur, haldi áfram og fari of geyst á nýjan leik. Ég held að það sé líka þáttur sem Íslendingar þurfa að horfa til þegar við vinnum okkur út úr þeirri efnahagslægð sem við erum núna í.

Nú, af því að við erum nú í Borgarstjórn Reykjavíkur að fjalla um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem fyrst og fremst tekur til stjórnsýslunnar þar, þá held ég að við getum líka horft til þess á hvaða hátt hafði þetta ástand í þjóðfélaginu áhrif á Borgarstjórn Reykjavíkur og kannski ákvarðanir sem hér voru teknar. Ég held að áhrifin komi fyrst og fremst fram í raun og veru bara því loftbóluhagkerfi sem í raun og veru var við lýði og stjórnkerfi Reykjavíkurborgar þandist út á þessum árum. Til dæmis sá hluti sem við erum að takast á við núna og glíma við, þessir stóru íþróttasamningar sem búinn er að vera heilmikill ágreiningur um í Borgarstjórn Reykjavíkur að undanfögnu, það eru í raun og veru gamlir samningar sem kjörnir fulltrúar í Reykjavík, ég held að megi segja, sem koma úr öllum flokkum sem hér sitja, hafa í raun og veru tekið þátt í á árunum 2004-2007. Og það sem við erum að gera er að við erum í raun og veru að taka þá samninga niður, allt í raun og veru á grundvelli þess sem við erum búin að vera að gera síðan í ágúst 2008, þegar þessi meirihluti sem nú starfar tók við, þá erum við búin að vera að taka á efnahagsmálunum. Ég held að menn gleymi því oft og tíðum að Borgarstjórn Reykjavíkur var búin að skipa aðgerðahóp, þverpólítískan aðgerðahóp, til þess að fara sérstaklega yfir efnahagsmálin, til þess að fara yfir stöðu borgarinnar vegna breytinga í efnahags- og atvinnuumhverfi, áður en hrunið varð.

Við gerðum okkur grein fyrir því að það var samdráttur í efnahagslífinu framundan en það gerði sér enginn grein fyrir því að það yrði um hrun að ræða.

Ég held að það hafi bæði hjálpað okkur en það er samt sem áður ekki gott að það fari svo leynt að enginn viti af því að Borgarstjórn Reykjavíkur og þá vil ég bara ekki síður taka fram, minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur, hefur verið að vinna saman í fjármálum Reykjavíkurborgar allt frá því í ágúst 2008. Á sama tíma og við erum búin að vera að gera það, hagræddum um 5 og hálfan milljarð árið 2009, stefnum að þremur og hálfum milljarði árið 2010, stofnanir og fyrirtæki borgarinnar hafa ekki fengið neinar verðlagshækkanir á þessu tímabili, þá er samfélagið að biðja um samskonar vinnubrögð hjá ríkisstjórn og Alþingi. Það hefur ekki gengið eftir. Það er stundum sagt að það sé nú kannski bara vegna þess að minnihlutinn á Alþingi er ekki jafngóður í samstarfi og minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur og ég ætla svosem ekkert að dæma um það, en það er stundum sagt að eftir höfðinu dansa limirnir og á einhverjum tímavarki þurfa þeir sem með völdin fara að taka af skarið, brjóta odd af oflæti sínu og bjóða upp á annars konar samstarf og annars konar stjórnsmál heldur en við höfum þekkt fram að þessu.

Það held ég að sé viðfangsefnið og ég held að það sé enginn oflátungsháttur í því að benda á það að í Borgarstjórn Reykjavíkur hefur tekist að taka á efnahagsvandannum og rekstri Reykjavíkurborgar með öðrum og breyttum vinnubrögðum en hefur verið gert fram að þessu. Ég held að við eigum bara að halda því á lofti, hvort sem við erum í meirihluta eða minnihluta að þetta hefur tekist vel, en þetta hefur samt sem áður ekkert orðið til þess að menn séu sammála um alla hluti. Hér hefur verið tekist á um ýmis mál og ég tók eftir því í ræðum oddvita Samfylkingarinnar og Vinstri grænna, ég er nú ekki alltaf alveg viss hver er oddviti Vinstri grænna í Borgarstjórn Reykjavíkur, hvort það er Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi eða Þorleifur Gunnlaugsson, en hún talaði fyrir hönd þess flokks hér áðan og á sama hátt talaði Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar, líka um þetta Magma-mál. Borgarfulltrúarnir létu í það skína að Magma-málið, til þess að rifja upp fyrir þeim sem eru að hlusta, það er í raun og veru sala Reykjavíkurborgar á hlut sínum í HS Orku til Magma, sem var mikið hitamál hér í Borgarstjórn Reykjavíkur síðastliðið haust. Flestir þekkja REI-málið og þá leynd og þann hraða sem einkenndi það mál, en það má segja að eftir þá reynslu hafi Borgarstjórn Reykjavíkur lært töluvert mikið og það endurspegladi sig og sýndi sig sérstaklega í sölunni á HS Orku. Hlutur Reykjavíkurborgar í HS

Orku var búinn að vera í opnu sölufurli í meira en heilt ár. Fyrirtækið var bara til sölu og það var bara auglýst. Þannig að það var nú ekki meiri leynd yfir málinu en það. Þegar síðan tilboð barst Reykjavíkurborg frá Magma um kaup á hlutnum í HS Orku, þá gerðum við okkur fullkomlega grein fyrir því í meirihlutanum í Borgarstjórn Reykjavíkur að það gætu verið skiptar skoðanir um það, bæði hjá minnihlutanum í Borgarstjórn Reykjavíkur og eins hjá ríkisstjórninni, um það að selja þennan hlut. Þannig að við snerum okkur til ríkisstjórnarinnar og bjuggum það vel að fyrrverandi oddviti VG var nýlega kominn í ríkisstjórn og nýttum okkur það að nálgast þau með þeim hætti, þar sem við vissum líka um hennar afstöðu til einkarekstrar í þessum orkugeira, og buðum í raun og veru ríkisstjórninni bara að ganga inn í kaupin. Gerðum tilboðshafanum grein fyrir því að við gætum ekki gengið til samninga við þau öðruvísi en að bjóða ríkinu að vera þar þátttakandi.

Það sem síðan gerðist, og ég held að það sé rétt bara að upplýsa það, úr því að minnihlutinn kys að vekja máls á þessu máli aftur hér í umræðunni um þessa skýrslu rannsóknarnefndarinnar, er að við upplifðum algjörlega tvær skoðanir á afstöðu ríkisstjórnarinnar til þessarar sölu og hugsanlegra kaupa á hlut Reykjavíkurborgar í HS Orku. Fulltrúar VG í ríkisstjórninni vildu kaupa hlutinn. Algjörlega hikstalaust. Og ég held að það hafi bara verið algjörlega sönn og heiðarleg afstaða hjá þeim að vilja þiggja það að hlutur Reykjavíkurborgar í HS Orku yrði ekki sendur til einkaaðila heldur yrði það í opinberri eigu. Það vissum við og við fengum staðfestingu á því í raun og veru þegar við ræddum við fjármálaráðherra um málið. Hins vegar var allt önnur afstaða uppi hjá Samfylkingunni í ríkisstjórn. Samfylkingin taldi ekki skynsamlegt að kaupa þennan hlut, ríkisvaldið hefði í raun og veru enga fjármuni til þess á þeim tíma, auk þess sem það gekk ekkert endilega upp hjá Samfylkingunni hugmyndafræðilega séð að leggjast gegn því að einkaaðilar væru í þessum orkurekstri. Þegar þetta var orðið ljóst að ríkisstjórnin myndi ekki ná saman í málinu, þá var gripið til spunans. Þá var semsagt gripið til þess að gera söluna á fyrirtækinu tortryggilega. Það væri semsagt eitthvað tortryggilegt við það að Reykjavíkurborg væri að selja þennan hlut sinn í fyrirtækinu. Ég verð að segja það, úr því að menn ákváðu að taka þann pólinn í hæðina, hvers vegna menn veltu því ekki fyrir sér hvers vegna Reykjavíkurborg keypti hlutinn í HS Orku frekar en

að vera svona mikið á móti því að selja hann, vegna þess að það var grundvallaratriði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur, og það ættu nú allir að skilja eftir þá umræðu sem hefur verið um fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur á umliðnum vetri, að losa sig við þessa eign sína í HS Orku. Til þess að styrkja lausafjárstöðuna og til þess að búa sig undir afborganir lána og annarra þátta sem Orkuveitan glímir nú við. Þannig að salan á hlutnum var algjört grundvallaratriði fyrir fyrirtækið.

En í stað þess að koma bara hreint fram, viðurkenna ágreininginn í ríkisstjórninni, þá gripu ríkisstjórnarflokkarnir til þess ráðs að gera þetta söluferli ótrúverðugt. Og það meira að segja gekk svo langt að meðal annars í umræðu í sjónvarpi, ég veit ekki hvort það voru mismæli hjá borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni, en hann talaði um að við værum að selja Orkuveitu Reykjavíkur. Þannig var umræðan svolítið mikið. Það var hæpað þannig upp að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík væri að selja Orkuveituna. [Frammícall] Ja, það var ósatt. Það var bara algjörlega ósatt og það var bara sett þannig upp til þess að gera söluferlið tortryggilegt og til þess að gera þá flokka sem mynda meirihlutann í Borgarstjórn Reykjavíkur tortryggilega og í dag þegar við förum yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, þá velja menn að taka þetta mál sérstaklega upp aftur. Gott og vel en málið sýnir það að í þessu ferli öllu var akkúrat lært af mistökum sem gerð voru í REI-málinu. Það var opið, gagnsætt söluferli, ríkisstjórninni var boðið að koma að málinu en þegar það var ekki samkomulag um það í ríkisstjórninni, þá ákváðu ríkisstjórnarflokkarnir að gera málið tortryggilegt gagnvart þeim aðilum sem þurftu að selja fyrirtækið og máttu það ekki samkvæmt héraðsdómi. Þannig að það lá allt saman fyrir og ég held að í ljósi þess hvernig umræðan um fjármál Orkuveitu Reykjavíkur hefur verið síðan á umliðnum vetri, þá sjái það allir sem vilja sjá að það var algjörlega nauðsynlegt skref fyrir Reykjavíkurborg að selja þennan hlut sinn í HS Orku. Hlut sem hefði kannski aldrei átt að kaupa.

Ég held að það sé nú kannski ekki mikið meira sem ég ætlaði að fara yfir, mér fannst skipta máli að rifja upp í raun og veru aðdraganda, þessi loftbóluhagkerfi sem til orðu á Íslandi og ábyrgð að minnsta kosti míns flokks í því, og ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur öll og fyrir kjörna fulltrúa þeirra flokka sem komu að

málinu að velta því fyrir sér hvar mistökin voru gerð, hverju megi læra af, og ég held að það skipti líka máli fyrir þá flokka sem ekki komu að því einkavæðingarferli sem hér hefur verið til umræðu og eru núna í ríkisstjórn, að velta því líka fyrir sér hvað þeir geta lært af þeim mistökum sem gerð voru í aðdraganda uppsveiflunnar, núna þegar þeir eru í raun og veru að takast á við afleiðingarnar. Vegna þess að ég held að það, og ég endurtek þá bara það sem ég sagði áðan, ég held að sú leið sem hefur verið valin hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, að vinna meira sameiginlega með meirihluta og minnihluta, ég held að það sé betri leið í stjórnsýslu og íslenskri pólitík heldur en verið hefur og ég held að það þurfi líka, mér finnst það líka allt í lagi að velta því upp í aðdraganda kosninga og þegar menn velta fyrir sér starfandi meirihluta og minnihluta að afloknum kosningum, hvort að menn eru í raun og veru bara tilbúnir til þess að stíga skrefið til fulls og segja bara í aðdraganda kosninganna: okkur finnst bara koma til greina að allir flokkar starfi saman. Hér séu bara 15 borgarfulltrúar að vinna saman í staðinn fyrir að það séu átta að vinna alla vinnuna og hinir sjö séu að segja þeim hvað þeir séu vitlausir. Ég held að það sé bara orðið tímabært að menn taki þá bara þetta alla leið og gefi það út hvort þeir eru tilbúnir til þess að vinna á ólíkum nótum í Borgarstjórn Reykjavíkur á kjörtímabilinu 2010-2014 heldur en gert hefur verið fram að þessu.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon. Nei. Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur óskað eftir að veita andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem nú hér upp aðeins til þess að eiga orðastað við borgarfulltrúa Óskar Bergsson vegna þess sem hann víkur hér að varðandi söluna á Magma. Hann fullyrðir héðan úr ræðustól að salan hafi verið nauðsynleg til þess að styrkja lausafjárstöðu Orkuveitu Reykjavíkur en staðreyndin er auðvitað sú að salan á hlutnum í Hitaveitu Suðurnesja styrkti ekki lausafjárstöðu Orkuveitu Reykjavíkur um eina einustu krónu, þar sem að 30% sem greidd voru út með aflandskrónunum, eins og borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir fór hér yfir áðan, að þau gengu beint upp í það að kaupa hlut af Hafnarfjarðarbæ, þannig styrktist ekkert lausafjárstaða Orkuveitunnar við þessi kaup. Það sem við erum að gagnrýna í þessu og það sem er gagnrýnivert í þessu samhengi er það að það var í raun haldið röngum upplýsingum að stjórn Orkuveitunnar og borgarfulltrúum í þessu ferli, þegar fullyrt var að það gengi sem um ræddi væri, það nafngengi sem var á bréfunum, það er að segja gengið rúmlega 7, sem við bæði fengum, ja, við bæði reiknuðum sjálf út með núvirðisreikningum og fengum svo líka fagaðila á því sviði til þess að reikna út fyrir okkur og stóðst ekki, að afföllin á bréfinu væru þannig að gengið væri í raun mun lægra, eins og hefur síðan komið í ljós núna þegar búið er að færa þennan gjörning til bókar í bókum Orkuveitunnar, þá er þessi gjörningur og salan metin þannig í bókum Orkuveitunnar að það samsvarar gengi rúmlega 5 en ekki 7 eins og haldið var fram á þeim tíma. Þetta er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga, og það að þegar verið er að taka tillit, og á þessum tíma var nú talað um að [forseti slær í bjöllu] tvö tilboð væru í gangi, að hugsanlega hefði verið hægt að ganga að mun lægra tilboði en þessu, [forseti slær í bjöllu] bara við það að fá það greitt út [forseti slær í bjöllu] og það væri mun hagstæðara. Það er um þetta sem við erum að tala [forseti slær í bjöllu] og þetta er leyndin og þetta er skorturinn á upplýsingunum sem um ræðir í þessu máli.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur veitt stutt andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil bara mótmæla því að það hafi verið einhver leynd á hlutunum, nema kannski hugsanlega eftir að borgarfulltrúinn og stjórnarmaðurinn í Orkuveitu Reykjavíkur lak meira og minna öllum upplýsingum í fjölmiðla sem sneru að þessu sölufarli, þá getur verið að á einhverjum tímapunkti hafi komið eitthvað hik á mannskapinn við það að veita þær upplýsingar sem venjulega eru lagðar fram. En því verður náttúrulega að halda til haga að við seldum þennan hlut á genginu 6,7 og í nýafstaðinni hlutafjárukningu hjá HS Orku var gengið þar á þremur. Þannig að ég get ekki séð annað en að við höfum verið að selja á góðu verði vegna þess að ekki hafa þessir hlutir verið að hækka á umliðnum mánuðum, þannig að ég held að það sýni sig í raun og veru að við náðum ásættanlegum samningi. Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sagði að við hefðum sagt það hér í umræðunni að þetta væri góður dýll fyrir borgina. Það er ekki rétt, við sögðum að þetta væri enginn draumasamningur en í ljósi þröngrar stöðu teldum við að þetta væri ásættanlegt við þessar aðstæður. Það var í raun og veru málflutningur meirihlutans á þessum tíma.

Það var ekki svo að við gætum valið um kaupendur í einhverjum stórum kaupendahópi. Við óskuðum eftir því að ríkið kæmi inn í þennan samning á sínum tíma til þess að koma til móts við þau sjónarmið að hlutinn yrði áfram í opinberri eigu. Ríkisstjórnarflokkarnir brugðust í því. Þannig að mér finnst, eins og ég sagði áðan, mér finnst alveg með ólíkindum að minnihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur skuli velja þetta mál sem sérstakt mál til þess að draga fram hér í umræðu um skýrsluna vegna þess að það var eins vel staðið að þessum hlut á sölu Orkuveitunnar í HS Orku og hægt var við þessar aðstæður.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá veitir borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir andsvar í annað sinn.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það sem ég er að tala um hér, borgarfulltrúi Óskar Bergsson, er það að þær upplýsingar sem lagðar voru fyrir stjórn Orkuveitunnar og hér var haldið að borgarfulltrúum í þessum sal, voru að nafngengið á þessu bréfi og á þessum samningi, væri það gengi sem væri hið rétta gengi á þessum gjörningi. Það er ekki þannig. Þannig er þetta ekki bókfært í bókum félagsins í dag. Endurskoðendur félagsins treystu sér ekki til þess að samþykkja slíkt og það var þess vegna lækkað, virði skuldabréfsins í bókum félagsins, og það er þetta sem við gagnrýndum alveg strax frá upphafi, um leið og þetta mál fyrst kom hér inn á borð og fyrst kom inn á borð Orkuveitu Reykjavíkur, að þetta stæðist ekki. Að það stæðist ekki að það að fá greiðslu eftir 7 ár í kúluláni með 1% vöxtum, að það væri það sama og að fá hlutina greidda út í dag og eins og við þekkjum sem sitjum í stjórn Orkuveitunnar og annars staðar, þá vitum við að svo er alls ekki. Á árinu 2009 var Orkuveitan til dæmis að greiða af sínum skammtímaskuldum einhverja 20% raunvexti, þannig að við vitum að fjármagn í dag er ekki það sama og fjármagn eftir sjö ár.

Þetta vorum við að ræða, við vildum að þetta yrði núvirt til þess að hægt væri að gera sér grein fyrir hvers virði þetta tilboð raunverulega væri. Menn neituðu að gera það, sögðu að svona væru bara hlutirnir og það eru þessi vinnubrögð sem við erum að gagnrýna og þetta eru bara beinar rangfærslur og verið að fegra hlutina og það er það sem við áttum líka að hafa lært af REI-málinu, að kjörnir fulltrúar eru fullfærir um að taka ákvarðanir, þá þarf að leggja upplýsingarnar rétt fram. Menn þurfa að vita hvað í málunum býr vegna þess að þegar við settumst svo öll yfir REI-málið á sínum tíma og fengum raunverulega að sjá hvað í því fólst, þá ákváðum við öll að snúa því við.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn og þá svarar borgarfulltrúi Óskar Bergsson andsvari einnig í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mér fannst eiginlega borgarfulltrúinn svara þessu sjálf hér í sínum lokaorðum. Það var nefnilega ekki sami hraðinn í þessu máli og í REI-málinu. Það var ekki sama leyndin. Það var allur sá tími sem allir kjörnir fulltrúar og stjórnarmenn í Orkuveitunni þurftu, höfðu alla vitneskju um, í opnu, gagnsæju sölufarli sem stóð yfir í meira en ár. Síðan þegar samningarnir voru, ég held að ég muni það rétt að tilboðið hafi verið fyrst lagt fram í stjórn Orkuveitunnar. Svo ég segi nú bara og til þess að rifja upp REI-málið, þá var bara samningurinn lagður fram í stjórn Orkuveitunnar til þess að klára hann. Ekki til kynningar. Hann var bara lagður þar fram til þess að afgreiða hann strax. Já eða nei. Í stjórn Orkuveitunnar í sölu á HS Orku, þá var tilboðið lagt fyrir, tilboðið fékk umfjöllun, málið ekki afgreitt. Þannig að stjórnarmenn í Orkuveitu Reykjavíkur, kjörnir fulltrúar hjá Reykjavíkurborg, höfðu alla þá möguleika á að kynna sér efni samningsins sem þeir höfðu ekki í REI-málinu. Það er í raun og veru meginmunurinn á þessum tveimur málum.

Svo finnst mér líka sérkennilegt að borgarfulltrúinn haldi því fram að sala á hlut í HS Orku lagi ekki lausafjárstöðu fyrirtækisins. Þegar við stöndum frammi fyrir því að fjármagna afborganir lána. Við fáum borgað af þessum skuldabréfum á ákveðnu tímabili, þannig að það er í raun og veru, það mun hjálpa okkur í endurgreiðslu á þeim lánum og þeim skuldbindingum sem Orkuveitan stendur frammi fyrir. Þannig að ég vil bara segja það enn og aftur að munurinn á þessum tveimur málum er augljós. Og ég held einmitt að í ljós hafi komið í Magma-málinu og þegar við seldum hlut okkar í HS Orku, að þá hafi menn einmitt lært af REI-málinu. Og það er gott.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá hefur borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Stjórn Orkuveitunnar fékk lengri tíma til þess að yfirfara þennan samning heldur en samrunasamninginn við Geysi Green Energy. Það er rétt. En þó þú gefir borgarfulltrúum helgi, og jafnvel þótt þú myndir gefa þeim viku, til þess að yfirfara rangar upplýsingar, þá gerir það málið bara ekkert skárra. Þetta snýst um að öll spil séu lögð á borðið og menn hafi réttar upplýsingar til að vinna út frá. Það höfðum við ekki, eins og sést á því hvernig þessi hlutur er færður til bókar í reikningum Orkuveitu Reykjavíkur eftir að af þeim var orðið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Óskar Bergsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Þetta þarf ekki að taka langan tíma. Það var nákvæmlega þetta sem gerðist í atburðarás þessa máls. Það var þegar það var ljóst að það var ekki samkomulag um það í ríkisstjórninni að kaupa hlut Reykjavíkurborgar í HS Orku, þá gripu menn til þess sem borgarfulltrúi Sigrún Elsa gerir hér í sínum lokaorðum í þessu máli. Að segja að upplýsingarnar hafi verið ófullnægjandi. Gera málið nógu tortryggilegt í garð meirihlutans. Þannig endaði málið. Það byrjaði vel. Það byrjaði í opnu, gagnsæju sölufurli í samráði Reykjavíkurborgar við ríkisstjórnina um það að ganga í samningana. Þegar náðist ekki samkomulag innan ríkisstjórnarflokkanna um málið, þá kusu menn þetta og eru enn á sama stað.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að halda því fram hér að ég hafi í þetta sinn kynnt mér öll gögn þau er undir eru í þessu máli, það er að segja lesið alla þessa skýrslu spjaldanna á milli og geti þess vegna vitnað ótæpilega í hana eða lagt dóm á hana, en mér sýnist nú þegar á heildina er litið að margt af því sem kemur fram í þessari skýrslu hafi verið mjög þarft að kæmi fram. Þarna er dreginn saman gífurlegur fróðleikur um þá atburði sem hafa átt sér stað hér í Íslandssögunni á síðustu árum og bara út frá því sjónarmiði held ég að þessi skýrsla geti orðið mjög gagnleg fyrir okkur. Síðan eru þarna felldir, við getum sagt að þarna séu á einn eða annan hátt felldir dómar, sumir lagalegir, aðrir siðferðilegir og jafnvel pólitískir. Það má velta því fyrir sér hvort að í slíkri skýrslu eigi til dæmis að fella pólitíska dóma, dóma við stjórnarstefnu, til dæmis bara að fara út í hvort að það hafi verið rétt að lækka eða hækka skatta á ákveðnu tímabili.

En í þessari skýrslu kemur fram mikill fróðleikur og ég held að þetta sé góður grundvöllur fyrir áframhaldandi umræður um það sem hér hefur átt sér stað og markmiðið hlýtur algjörlega að vera það að gera íslenskt þjóðfélag betra. Að bæta úr því sem hægt er að bæta úr og sjá til þess að ýmislegt sem hér gerðist á undanförunum árum geti ekki endurtekið sig. Reyndar er það svo með svona skýrslur, þær eru kannski ekki lokapunkturinn í neinu máli. Það eru auðvitað mörg dæmi um það erlendis frá, þar sem venjan er að skrifa slíkar skýrslur, að svona skýrslur geta verið nánast upphafspunkturinn að miklum deilum og þá leggja menn mat á skýrsluna. Skýrslur eru ekki lokadómur í sjálfu sér, kannski bara upphafið að frekara umræðuferli. En á margan hátt er þessi skýrsla mjög gagnleg, dregur fram gífurlegan fróðleik og margt sem í henni kemur fram er auðvitað áfellingisdómur yfir ákveðnum aðilum eða gjörðum sem áttu sér stað.

Ástæðan fyrir því að menn skrifa þessa skýrslu er meðal annars sú að menn setta sig ekki við þá kreppu, þá efnahagslegu kreppu sem Ísland er í. Að sjálfsögðu spyr fólk að því, það er vegna þess að afleiðingar hennar eru margvíslegar en fólk spyr sig að því af hverju gerðist þetta? Hefði verið hægt að koma í veg fyrir þetta með öðrum hætti? Kannski var ekki hægt að koma í veg fyrir alheimskreppu en svo er

líka sagt að það skilji á milli góðra og slæmra stjórn mála. Stjórn málamenn geta ekki komið í veg fyrir efnahagsris og efnahagslæggðir í sjálfu sér, það er kannski ekki þeirra hlutverk, en það er þó auðvitað, ég held að það sé ekki hægt að deila um það að stjórn málamenn geta með aðgerðum sínum eða aðgerðaleyzi algjörlega dýpkað efnahagslæggðir þannig að úr verði kreppa og þeir geta einnig líka með því að grípa til rétttra aðgerða, eða sýnt aðgerðaleyzi á öðrum sviðum, komið í veg fyrir að efnahagslæggð verði nokkurn tímann að kreppu.

Ég ætla svosem ekkert að fjalla um öll atriði skýrslunnar, en ég vil þó bara segja að þarna kemur auðvitað fram hvílík tók tiltölulega fáir aðilar í efnahagslífinu höfðu hér á íslensku bönkunum og í rauninni fleiri þáttum í þjóðlífinu. Það er auðvitað afar óæskilegt, þrátt fyrir að við lifum í mjög litlu hagkerfi, þá er auðvitað mjög óæskilegt að sú staða geti komið upp að ef ein viðskiptablokk í landinu fellur eða einn banki, þá falli allir með þeim. Það er auðvitað mjög óæskilegt en svona var það. Það má örugglega deila um þá dagsetningu eða þann tíma, hvenær það var ekki hægt að koma lengur í veg fyrir það að þetta félli allt saman en þetta leiðir þó algjörlega í ljós hve óæskilegt er að slík gífurleg tengsl voru á milli aðila í kerfinu eins og raun bar vitni. Miðað við hvað við búum í litlu hagkerfi hlýtur að vera eðlilegt að menn spyrji sig og reyni að svara þeirri spurningu: hvernig gátu ein eða tiltölulega fáar viðskiptablokkir náð slíkum hjartökum á viðskiptalífinu og hvernig stendur á því að fáir aðilar, jafnvel einn aðili, gat fengið svona gífurlega mikla peninga að láni eins og gerðist í þessu þjóðlífi. Menn spyrja sig líka að því hvernig stóð á því að stjórn málamenn veittu mönnum ekki meira aðhald, hvernig stendur á því að fjölmiðlaveldið, fjölmiðlarnir, fjórða valdið stundum nefnt, veitti ekki meira aðhald og svarið við þeirri spurningu liggur augljóslega í augum uppi, það var náttúrulega vegna þess að fjölmiðlar voru margir í eigu þessara aðila sem fóru mikinn í viðskiptalífinu. Maður skildi aldrei þessar fjárfestingar þeirra í fjölmiðlum, en það er náttúrulega, vegna þess að fjölmiðlar hafa ekki verið gróðafyrirtæki á Íslandi, en það var alveg augljóst að menn fjárfestu í fjölmiðlum meðal annars til þess að hafa áhrif á umfjöllun fjölmiðlanna. Það verður ekki annað ályktað.

Auðvitað má nefna mörg fleiri atriði, það verður auðvitað að fjalla um það hvernig Bretar komu fram við Íslendinga þegar efnahagskreppan reið yfir, það er

algjörlega ljóst að þeir gerðu illt svo miklu, miklu verra og það verður sennilega aldrei ljóst hvaða skaða Bretar ollu Íslendingum nákvæmlega, en hann var mikill. Síðan held ég að við verðum líka að velta því mjög mikið fyrir okkur í þessu samhengi hvernig pólitíkin stóð sig á þessu skeiði síðustu tíu árin eða svo, hvernig hinir pólitísku flokkar stóðu að umræðu um efnahagsmál og fjölmiðlamál og fleiri mál. Til dæmis hvernig þeir stjórnámálamenn sem þó vöruðu við því að ákveðnir aðilar gætu náð slíku ofurvaldi í atvinnulífinu sem þeir náðu, og efnahagslífinu, þeir voru hrópaðir niður af öðrum flokkum en þessir stóru aðilar í efnahagslífinu hins vegar mæðir og þeir sem vildu reisa hömlur við þeim voru sakaðir um gamaldagsviðhorf til stjórnmalanna og til efnahagsmalanna. Um þetta segir auðvitað margt í skýrslunni og þetta held ég að sé ekki síst sá lærdómur sem við, fulltrúar hér í borgarstjórn, verðum að líta til.

Þarna er fjallað um styrki til stjórnmalanna, styrki til okkar sem sitjum hér í borgarstjórn, sem veljum okkur þessa sérkennilegu atvinnugrein þar sem menn, á nokkurra ára fresti, fara í prófkjörsslagi og kosningaslagi og eru kannski, ef þeir eru ekki þeim mun fjáðari, settir í þá stöðu að þurfa að afla fjár til slíkrar baráttu. Ég held að í sjálfu sér sé ekki neitt óeðlilegt í ljósi þessarar skýrslu hvað varðar þá sem nú sitja í borgarstjórn en að sjálfsögðu má ræða það hvort það sé æskilegt að þeir þurfi yfir höfuð að fjármagna prófkjörssbaráttu og annað með slíkum styrkjum. Það er í sjálfu sér rétt, en hins vegar, af þeim sem nú sitja í borgarstjórn, get ég ekki séð að nokkur þeirra hafi látið hafa áhrif á sig þá styrki sem þeir hafa fengið.

Síðan er auðvitað stóra spurningin í þessu, ef maður ofureinfaldar málið, þá spyr maður af hverju féll bankakerfið? Af hverju varð þetta hrun sem við glímum nú við? Ég held að við getum svarað því í einu orði: skuldsetningin var of mikil. Hin gömlu gildi sem við getum sagt að íslenskt efnahagslíf hafi byggt á um langa tíð, meðal annars í þá kreppu sem hér geisaði á 4. áratugnum, þá var hér svona sameiginlegt, getum við sagt, þá var hér sameiginlegt stefnumið allra flokka ef maður lítur til fortíðarinnar að skuldir voru eitur í beinum stjórnmalanna sem hér sátu á síðustu öld, svona frameftir síðustu öld. Það voru gömlu búhyggindin um það að það ætti helst ekki að skulda neitt og ef menn skulduðu ættu þeir að skulda sem minnst. Maður tekur eftir því, það er langt fram eftir síðustu öld og

jafnvel til aldamóta sem svona áberandi hræðsluáróður er í pólitískri umræðu um það að íslenska þjóðin megi ekki binda sig í skuldafjötra. Þetta breytist síðan smám saman eftir því sem þjóðin fær meira sjálfstraust í fjármálum og það er alveg ljóst í mínum huga að mikil skuldsetning hjá hinu opinbera, sem og náttúrulega hjá einkaaðilum, hún er óæskileg og við eigum að reyna að komast hjá henni. Hvort sem við erum að tala um beinar skuldir eða skuldbindingar.

Ég nefni bara eitt vinsælt mál, málefni tónlistarhússins, tónlistar- og ráðstefnuhússins við Reykjavíkurbíó, þar fannst mér menn fara of geyst og vera alltof óvarkárir gagnvart því að það væri í raun og veru verið að taka þarna dýrasta hús á Íslandi að láni. Mjög dýr samningur gerður, ekki sýnt fram á hagkvæmni sammingsins, meira að segja [óskýrt] að hann sé mjög óhagkvæmur, eins og nú hefur komið í ljós, en mér fannst alltof margir borgarfulltrúar hér í þessum sal finnast það bara allt í lagi að fara í viðkomandi byggingu, án þess að hægt væri að færa rök fyrir því hvernig ætti að fjármagna hana og hver rekstrargrundvöllur hennar væri. Þarna tek ég svona eitt dæmi af handahófi, kannski stærsta dæmið, kannski versta dæmið, en líka hér í sölum borgarstjórnar held ég að menn hafi á ýmsum tímum verið of kærulausir gagnvart því að það væri sjálfsagt að redda rekstri borgarinnar eitt ár í viðbót, eða framkvæmdum, með því að taka of mikið að láni.

Þannig að ég mun halda áfram að lesa þessa skýrslu, eins og örugglega fleiri borgarfulltrúar. Ég veit ekki hvort ég klára hana nokkurn tímann en það er mjög fróðlegt að hlaupa á henni og ég held að fjölmargt geti orðið okkur þarna til gagns, þó ekki gamans. Ég ætla aðeins að fjalla hér um þau orð sem Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi lét falla út af þessari skýrslu. Hann kom reyndar víða við, ég ætla bara aðeins að velta fyrir mér hans orðum í sambandi við Orkuveitu- og REI-málin svokölluðu, eins og hann talaði um. Hann kaus í tengslum við þessa skýrslu að ræða þessi mál og setti hér spurningarmerki við það og fullyrti það að fá, ef nokkur, af þeim verkefnum eða tillögum sem lagðar voru fram í REI-skýrslunni svonefndu, sem sagt stýrihópi sem Svandís Svavarsdóttir borgarfulltrúi þáverandi veitti forstöðu og lagði hér fram í febrúar 2008. Hann sagði að fá verkefni eða tillögur sem þar komu fram hefðu í raun og veru verið kláruð. Liðum og lærdómi í þessari skýrslu hefði verið vísað inn í stjórn Orkuveitunnar en hann

fullyrta eitthvað á þá leið að ekkert af þessum atriðum hefði verið klárað með formlegum hætti þótt liðin væru tvö ár. Þarna væri semsagt ekki unnið með þann lærdóm.

Ég var dálítið undrandi á að heyra þetta því ég held að þetta hafi ekki verið almenn tilfinning í borgarstjórn hingað til. Ég man ekki betur en að eftir að þessi mikli hvellur varð í REI-málinu í byrjun vetrar 2007, þá hafi menn í öllum flokkum reynt að vinna saman, vinna úr þessu máli, voru samhuga með að skipta þessa nefnd á sínum tíma. Fara yfir málið og ég man ekki betur en að þessi skýrsla hafi verið samþykkt einróma. Henni var síðan vísað til hlutaðeigandi aðila, meðal annars í stjórn Orkuveitunnar, sem ég hef setið í eiginlega síðan í REI-málinu og það kom mér svolítið á óvart að Dagur skyldi fullyrða þetta því ég held að þar hafi afar mikið verið unnið með þessa skýrslu.

Til þess að hressa upp á minni hans, þá held ég að það sé rétt að fara í örfáum orðum yfir það. Auðvitað er skýrslan full af lærdómi og það má segja eins og kannski kom fram hérna áðan, að svona meginskilaboðin væru þau að stjórnsýslan ætti að vera opnari og vandaðri. Ekki síst opnari. Það held ég að hafi verið gert. En á blaðsíðu 11-13 í skýrslunni, sem er hægt að finna á netinu, þar segir að stýrihópurinn telji mikilvægt að náð verði niðurstöðu um hvaða leiðir skuli fara í málefnum REI á næstu mánuðum og árum og síðan eru taldir til ýmsir punktar um það hvernig eigi að vinna úr þessari skýrslu, því beint til þeirra sem við á í stjórn Orkuveitunnar til dæmis, og ef ég tæpi aðeins á þessum punktum, þá snýst fyrsti punkturinn um það að nýrri stjórn Orkuveitunnar, ásamt fulltrúum eigenda, verði falið að vinna tillögu um frekari framtíðarstefnumótun fyrir Orkuveitu Reykjavíkur í anda skýrslunnar og yfir þetta verði farið í sveitarstjórnnum og víðar. Þetta hefur náttúrulega verið rätt oftár í sveitarstjórnnum eigendasveitarfélaga Orkuveitunnar heldur en hægt er að telja upp og hvað framtíðarstefnumótunina varðar þá var farið í stefnumótun, bæði á vegum REI og Orkuveitu Reykjavíkur og það eru ekki margir mánuðir síðan þessi stefnumótun var samþykkt hér í borgarstjórn. Eða stjórnin vann þessa stefnumótun og þetta var að minnsta kosti lagt fram og kynnt hér í borgarstjórn. Vönduð vinna sem tók langan tíma. Að þessu hefur verið unnið af stjórn Orkuveitunnar.

Annar punktur var sá að stýrihópurinn teldi að Orkuveitan ætti að vera áfram 100% í eigu sveitarfélaganna og lagði ríka áherslu á að meginhlutverk hennar væri að sinna almannaþjónustu. Það þarf ekki hafa fleiri orð um þetta, þetta er auðvitað bara punktur sem allir eru sammála. Nú, það kom punktur fram um að það væri rétt að skýra réttarstöðu Orkuveitunnar, hvort hún starfaði á sviði einkaréttar eða á sviði opinberrar stjórnsýslu. Ég held að skilgreiningin sé sú að hún, og það hefur verið rætt um þetta líka töluvert í stjórn Orkuveitunnar, hún er á sviði einkaréttar, en ég myndi fullyrða að þau vinnubrögð sem eru að mörgu leyti ástunduð í stjórn Orkuveitunnar, eru frekar nær opinberri stjórnsýslu.

Punktur var um það að starfsemi Orkuveitunnar ætti, eins og stjórnsýslan væri, að starfa fyrir kjörna fulltrúar, embættismenn og að lúta pólitískum vilja og lýðræðislegum ákvörðunum. Tillaga undir þessum punkti felur í sér að fundargerðir Orkuveitunnar verði sendar borgar- og bæjarráðum til upplýsingar og umfjöllunar eftir atkvikum. Ég held að það hafi verið staðið við þetta með því að borgarráð fái nú allar fundargerðir stjórnar Orkuveitunnar og auk þess get ég bætt því við að fyrsta tillagan sem ég lagði fram sem stjórnarformaður Orkuveitunnar var að fundargerðir fyrirtækisins yrðu gerðar opinberar, sem þær höfðu því miður ekki verið árum saman. Sjálfstæðismenn höfðu komið með margar athugasemdir vegna þess þegar við sjálfstæðismenn vorum í minnihluta og sem betur fer náðist samstaða um það í byrjun árs 2008 að þessar fundargerðir yrðu gerðar opinberar. Seinna sama ár kom önnur tillaga fram um að fundargerðir dótturfyrirtækja Orkuveitunnar yrðu sendar stjórnarmönnum í Orkuveitunni til kynningar. Þetta var líka stórt mál, þetta er svona stærra mál en það sýnist, því þarna hafði árum saman, árum saman höfðu verið miklar deilur innan stjórnar Orkuveitunnar um það að menn fengju ekki slíkar fundargerðir dótturfyrirtækja og stjórnarmenn kvörtuðu yfir því að þeir fengju ekki þær upplýsingar sem þeir leituðu eftir hverju sinni.

Þetta var leiðindamál sem kom upp þegar R-listinn stjórnaði borginni og það eru kannski mestu deilurnar sem urðu á sviði Orkuveitu Reykjavíkur þegar R-listinn stjórnaði þar, lutu kannski að þessu, að stjórnarmenn meirihlutans í Orkuveitunni neituðu stjórnarmönnum minnihlutans um þær upplýsingar sem þeir óskuðu eftir og ég fullyrði það að miklu fleiri mál en efni stóðu í rauninni til voru þá gerð

tortryggileg heldur en þurfti. Það hefði tekist að eyða tortryggni og misskilningi ef upplýsingarnar hefðu verið gefnar þegar eftir þeim var óskað. Ég fullyrði það að að minnsta kosti í minni stjórnarformannstíð og ég held að það sé einnig í tíð núverandi stjórnarformanns, Guðlaugs G. Sverrissonar, að þá hafi stjórnarmönnum í Orkuveitunni ekki verið neitað um neinar upplýsingar. Menn hafi lagt sig í líma til að verða við þeim sjálfsögðu skyldum fyrirtækisins að stjórnarmenn fái allar þær upplýsingar sem þeir óska eftir og það er bara mikil breyting frá því sem áður var.

Nú, síðan taldi stýrihópurinn eðlilegt að REI yrði áfram rekið með það hlutverk að sinna þróunar- og fjárfestingaverkefnum á erlendri grund og það verði 100% í eigu Orkuveitunnar. Svo stóð, með leyfi forseta:

REI taki þátt í verkefnum erlendis, eitt sér eða með öðrum, samkvæmt ákvörðun stjórnar OR hverju sinni. Hópurinn leggur jafnframt áherslu á að lýðræðislegt aðhald verði tryggt við stjórn REI.

Þessu hefur líka verið fylgt eftir, eins og menn vita, og þarna var nánast strax eftir samþykkt skýrslunnar var svokallaðri minnihlutastjórn í borgarstjórn tryggt sæti í stjórn REI þar sem Sigrún Elsa Smáradóttir borgarfulltrúi situr og hefur staðið sig mjög vel í því starfi.

Punktur kvað einnig á um það undir þessum lið, þá var talað um umboð stjórnarmanna, það þyrfti að vera skýrara og aðgangur kjörinna fulltrúa að upplýsingum yrði jafnframt bættur, bæði fulltrúa meirihluta og minnihluta. Þessu held ég að hafi verið fylgt eftir. Næstsíðasti punkturinn fjallaði um það að stýrihópurinn væri sammála um að í ferlinu hefði orðið trúnaðarbrestur milli æðstu stjórnenda REI og Orkuveitunnar annars vegar og ákveðinna borgarfulltrúa hins vegar, brýnt væri að endurvinnna það traust. Þetta traust held ég að hafi tekist að vinna. Eftir að þessi skýrsla var lögð fram hætti forstjóri fyrirtækisins og nýr forstjóri tók við og ég leyfi mér að fullyrða að hann hafi átt afar gott samstarf við alla stjórnarmenn Orkuveitunnar, bæði úr meirihluta og minnihluta, og þar ríki gott traust á milli. Þannig að ég tel að stjórnendur Orkuveitunnar hafi endurunnið þetta traust eins og kemur fram samkvæmt skýrslunni. Síðan eru tæknileg atriði sem ég held að hafi verið uppfyllt þannig að mér finnst leiðinlegt að heyra það ef menn ætla hér í einhverjum pólitískum hráskinnaleik að fullyrða að það hafi

ekkert verið unnið með þessa skýrslu og ekkert verið farið eftir tillögum sem þar komu fram, vegna þess að menn hafa virkilega lagt sig í líma við að gera það.

Það er líka reynt að gera þetta Magma-mál tortryggilegt, eða sölu á hlut í HS Orku til Magma. Það er búið að fara yfir það náttúrulega margoft hér áður í borgarstjórn og hér í dag, ég ætla svosem ekki að bæta miklu við það, en bæti því þó við að ef það er eitthvað sem mætti rannsaka í því máli, þá eru það þær hugmyndir sem voru uppi í 100 daga meirihlutanum um að hlutabréfin í HS sem voru að verðgildi 7-8 milljarðar króna, að þau yrðu lögð inn í REI og REI fengi þar með heimild til þess að veðsetja þau hlutabréf á sínum tíma til frekari útrásar úti í heimi. Þetta veit ég að kom til greina að gera og það var unnið með slíka tillögu á vettvangi stjórnar Orkuveitunnar og REI, þetta var ekki lagt þar fram en ég veit að það stóð til og það væri gaman að kalla slík gögn fram í dagsljósið, með hvaða hætti var unnið með þessar hugmyndir. Ekki síst vegna þess að svo var mikið gert úr því seinna að þessi hlutabréf skyldu vera seld. Þannig að þetta mætti kalla fram í dagsljósið.

Einnig eru fleiri mál sem mætti auðvitað fjalla meira um ef menn vilja, til dæmis fjárfestingar í hlutabréfum á Filippseyjum, sem hafa reyndar áður komið hér til umræðu í borgarstjórn. Það mál var keyrt með miklum hraði og mikilli grunnhyggni vil ég leyfa mér að segja og það var auðvitað ekkert að því að kalla eftir frekari upplýsingum og fá að vita til dæmis um hlut þáverandi borgarstjóra, Dags B. Eggertssonar, í því máli öllu.

En svona snýr þetta við mér, ég held að ef menn vilja fara að tala um Orkuveituna og REI og blanda því í þessa umræðu, þá held ég að borgarstjórn geti að mörgu leyti verið stolt af því hvernig hún brást við þessum málum. Borgarstjórn þarf held ég, svona þegar á heildina er litið, þrátt fyrir auðvitað köpuryrði sem falla oft hér í þessum sal, þegar á heildina er litið held ég að borgarstjórn hafi einmitt í þessum REI- og Orkuveitumálum á kjörtímabilinu tekist að snúa slæmum málum upp í eitthvað sem menn unnu saman að. Menn fóru upp úr skotgröfunum, náðu sameiginlegri niðurstöðu, eins og til dæmis í þessari REI-nefnd, sem ég held að hafi að mörgu leyti unnið gott starf, og síðan hafa menn, vil ég leyfa mér að segja, að mestu leyti bara unnið vel úr þeim tillögum sem þar komu fram og öllum þeim umræðum sem hér eru um þetta í borgarstjórn, að mestu leyti unnið að því í góðri

Bstj. 20. apríl 2010

sátt á vettvangi stjórnar Orkuveitunnar. Finnst mér leiðinlegt ef menn ætla núna á síðustu dögum kjörtímabilsins að gera lítið úr þeim þætti og lítið úr því góða samstarfi sem ég tel að hafi að mörgu leyti náðst á milli flokkanna hér í borgarstjórn á vettvangi orkumálanna.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir óskað eftir að veita andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Í ljósi þessarar umræðu sem hér á sér stað um Orkuveituna, REI og hvað við getum lært af samskiptum okkar innan fyrirtækja okkar og borgarstjórnar, langar mig til að spyrja borgarfulltrúa Kjartan Magnússon að því hvort hann hafi átt frumkvæði að því að hafa samband við Landsbanka Íslands um að ráða þáverandi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur, Guðmund Þóroddsson, þegar Kjartan var stjórnarformaður Orkuveitunnar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar andsvari borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki alveg spurninguna. Hvort ég hafi átt frumkvæði að því að ráða þáverandi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur til Landsbankans, þá væntanlega? Ráða hann eitthvert, þá væntanlega til Landsbankans, ég átta mig ekki á því. Ég kannast ekki við það, ég skil ekki alveg hvað er verið að spyrja um.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari. Þá óskar borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir eftir því að veita andsvar öðru sinni.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Björk Vilhelmsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Spurning mín er mjög einföld. Ég er að spyrja, að gefnu tilefni, hvort borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hafi, sem stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur, haft samband við Landsbanka Íslands og reynt að koma því þannig fyrir að þáverandi forstjóri Orkuveitunnar yrði ráðinn til Landsbankans.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar borgarfulltrúi Kjartan Magnússon andsvari í annað sinn.

Bstj. 20. apríl 2010

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Kjartan Magnússon:** Nei, ég kannast ekki við það.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Gísli Marteinn Baldursson:** Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Ég þakka fyrir að mörgu leyti áhugaverðar umræður hér um skýrslu rannsóknarnefndarinnar sem er eðlilegt að við ræðum hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og það sem sagt hefur verið um hana og svona þá lærdóma sem við getum dregið af henni held ég að hafi að mestu leyti verið skynsamlegt. Ég held að það sé alveg rétt sem fram kemur að svona það sem kannski, þar sem skýrslan snertir okkur mest, það er varðandi samskipti okkar við einkageirann og þau samskipti komust kannski helst í kastljósið í kringum hið ólukkulega REI-mál sem við þekkjum hér öll mjög vel. Mér fannst hins vegar leiðinlegt og þess vegna kveð ég mér hljóðs, ætla ekki að taka mikinn tíma til viðbótar í þessa umræðu, mér fannst ekki uppbyggilegt eða skynsamlegt hvernig borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kaus að reifa það mál vegna þess að þar vona ég eiginlega að borgarfulltrúinn fari með rangt mál af vankunnáttu og ætla þá aðeins að rifja upp fyrir borgarfulltrúanum hvernig í pottinn var búið. Meira að segja borgarfulltrúi Dagur Eggertsson áttaði sig betur á því hvernig þetta mál var og forðaðist svona þá sleggjudóma og upphlaup sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir varaði sig ekki á.

Í þessu REI-máli finnst mér vera mjög langt seilst að ætla að kenna einum flokki um það mál frekar heldur en öðrum. Nú er það þannig til dæmis að þegar samruninn var samþykktur í byrjun var það Samfylkingin sem samþykkti hann ásamt hluta Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksnum. Nú er mér ekki alveg ljóst hvort Samfylkingin stóð öll að baki þess gjörnings en Sjálfstæðisflokkurinn gerði það ekki, eins og menn vita. Nú er ég bara að rifja upp efnisatriði málsins og óþarfi að hrista hausinn yfir því. Þegar samruninn var samþykktur í byrjun í Orkuveitu Reykjavíkur, þá var það þannig. Fulltrúi Vinstri grænna hafði sagt, og þetta kemur allt saman fram í gögnum málsins. Fulltrúi Vinstri grænna hafði sagt að hann myndi styðja málið en ákvað svo á síðustu stundu að gera það ekki, hvíslaði því að stjórnarformanni Orkuveitunnar á þeim tíma að baklandið væri ekki tilbúið til þess að samþykkja þetta og fulltrúinn myndi þess vegna sitja hjá.

Eins og menn vita var ekki einhugur um málið í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég held að enginn efist um það. Og upp úr sauð, eins og allir

vita. Málinu var síðan snúið við, sem ég held að hafi verið mjög gott fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur og borgarbúa alla. Hitt er annað að Samfylkingin og Vinstri grænir tala mjög gjarnan um það að við, borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, hefðum viljað selja útrásarvíkingum Orkuveituna eða þennan hlut Orkuveitunnar, selja þeim samninginn og þess háttar. Þar er vísitandi verið að fara rangt með, eða í öllu falli verið að skekkja mjög sannleikann. Ég held að borgarfulltrúum minnihlutans hljóti að vera það ljóst að til dæmis sá borgarfulltrúi sem hér stendur, vildi ekkert selja þeim neitt. Vildi ekki að samruninn færi í gegn. Vildi stoppa það. Það hefur margoft komið fram. Ef þeir borgarfulltrúar sem vildu stoppa þetta vildu það raunverulega, hvers vegna skyldu þeir þá hafa viljað selja þeim þetta?

Ég segi það hins vegar, og hef sagt það margoft áður, við borgarfulltrúar meirihlutans, að það útspil eftir að samruninn var genginn í gegn, sem okkur fannst ekki vera gott, að selja frekar strax, frekar en að vera í áhættusömum rekstri í útlöndum, það kann að hafa verið vanhugsað. En það var gert vegna þess að menn stóðu upp í einhverri stöðu sem þeir vildu alls ekki standa uppi í. Samruninn fór fram gegn okkar vilja og menn vildu einhvern veginn losa sig út úr þessu. Á þeim tíma var borgarfulltrúi Framsóknarflokksins Björn Ingi Hrafnsson, sem hafði marglýst því yfir að samruninn væri gerður tímabundið vegna þess að síðan ætluðu menn að selja á opnum markaði og græða á því mikla peninga. Ég hygg að Samfylkingin hafi líka talað um það að það myndu græðast á þessu miklir peningar í borgarsjóð við söluna, þannig að alltaf var talað um að það ætti að selja.

En þarna átti semsagt að vera einhver svona millileið, að selja frekar þá fyrr og koma okkur út úr þessu. Ég hugsa að það hafi ekki verið sérstaklega góð leið, en það var eitthvað svona sem mönnum datt í hug í hita leiksins að reyna að gera. Einfaldlega vegna þess að það var talið í byrjun, og ýmsir lögfræðingar töldu að það yrði mjög erfitt eða ómögulegt að láta samninginn ganga til baka. Samning sem var búið að semja um og undirrita. Þannig að þetta átti að vera skásta leiðin út úr þessu og hún var það kannski ekki en það er algjörlega rangt og mér finnst það ekki vera til marks um þau vinnubrögð sem við höfum verið að reyna að stunda hér að segja að hér hafi menn viljað selja þeim þetta. Það er afbökun á sannleikanum. Það var ekki þannig.

Þannig að ég bara biðla til borgarfulltrúa að láta ekki svona, reyna frekar að taka það úr skýrslunni sem ég held að við getum kannski verið jákvæðust með hér í borgarstjórn. Að menn reyni að hafa stjórn málaumræðuna á örlítið hærra plani en hún var hérna hinum megin Vonarstrætis, þegar hlutirnir fóru svona hörmulega aflaga. Þar sem menn talast ekki við, þar sem litlar valdaklíkur ráða og jafnvel innan flokka, ég tala ekki um milli flokka, ríkir tortryggni og baktjaldamakk sem gengur gegn hagsmunum almennings. Það er það sem við eigum að reyna að læra af og ég held að við höfum gert það hérna í borgarstjórn, ég held að vinnubrögðin hér hafi að mörgu leyti verið betri heldur en það sem við sjáum hinum megin.

Þannig að ég vildi, virðulegi forseti, bara nefna þetta af því að mér fannst sérstaklega borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir fara geysilega ósanngjörnum höndum um þetta og reyna hér að fella pólitískar keilur sem algjör óþarfi er að gera. Það geta allir tekið svona umræðu um þetta en ég held að sérstaklega þegar við erum að ræða um einmitt þessa skýrslu, sem varðar vinnubrögð, sem varðar orðræðu, sem varðar það hvernig við komum fram, þá sé þetta ekki leiðin áfram, að taka ágæta sátt sem skapast hefur um niðurstöðu REI-málsins, þann lærdóm sem við höfum reynt í sameiningu að draga af henni og ég held að við ættum að reyna að sameinast um að gera þetta með öðrum hætti en kom fram í ræðu borgarfulltrúans.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að veita andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson telur það ekki vera leiðina að fara í svona ágreining og ræða með óábyrgum hætti um það sem á undan er gengið. Á móti segi ég: það er ekki heldur leiðin, nú þegar við erum að fara yfir skýrslu og öll þau ósköp sem dunið hafa á íslensku þjóðinni að afneita mistökum og fría sig ábyrgð, og það væri gott ef borgarfulltrúinn hlustaði á andsvarið sem verið er að veita honum, enda ætlaði ég að spyrja hann spurningar. En hann hlustar ekki.

Það var þetta með að fría sig ekki ábyrgð, heldur viðurkenna mistök sín. Mér þætti vænt um ef borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson kæmi hér upp og segði mér frá niðurstöðu blaðamannafundar Sjálfstæðisflokksins þann 8. október 2007 þegar Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi borgarfulltrúi, var ennþá í Kína, ekki hafði verið rætt við hann, en ég get ekki betur séð, samkvæmt fjölmiðlaúrklippum, sem sem betur fer eru til ennþá, en að til hafi staðið að selja REI akkúrat þá og meira að segja hafi legið fyrir tilboð frá Glitni í fyrirtækið. Þannig að það að hafa ekki ætlað að selja REI get ég ekki séð hvernig þú færð út úr þessu. Mér finnst alveg með ólíkindum að Sjálfstæðisflokkurinn sé að búa til einhverja ofsalega skrítna söguskýringu á því sem hér gerðist. Sjálfstæðisflokkurinn verður að líta í eigin barm. Það er búinn að fara fram nægur óskundi hér í þessu samfélagi án þess að Sjálfstæðisflokkurinn haldi áfram að halda því fram að þetta sé bara allt saman einhverjum öðrum að kenna.

**Forseti:** Borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar. Þá svarar borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson andsvari.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Eins og ég tók skýrt fram í mínu máli þá var ég algjörlega á móti þessum samruna. Það gildir um fleiri borgarfulltrúa. Við vorum á móti honum frá upphafi en við áttum ekki sæti í stjórn Orkuveitunnar. Það liggur fyrir. Það liggur fyrir að þessi fyrirtæki runnu saman gegn okkar vilja. Fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar mótmælti samrunanum ekki. Fulltrúi Samfylkingarinnar greiddi atkvæði með. Hún hefur Samfylkingin sagt, og ég skal algjörlega skrifa undir það, að hún hafi ekki haft allar upplýsingar í málinu á þeim tímapunkti. Það hugsa ég að sé alveg rétt. Við vorum öll að fréttu af þessu í fjölmiðlum dagana á eftir. Við vitum öll hvernig þetta var. En rétt eins og við erum ekki, eða ég held öllu heldur að við ættum að reyna að sameinast um það að vera ekki að reyna einhvern veginn að skekkja þann sannleika og Sóley Tómasdóttir, sem nú er að lesa blaðaúrklippur hérna og ætlar að koma hingað upp á eftir mér og lesa þær sigri hrósandi, um leið og hún talar hér um að menn eigi að vera með önnur vinnubrögð, reyna að vinna saman og þess háttar, þá mun hún lesa þær sigri hrósandi um það að við höfum komið út af blaðamannafundi og viljað losa okkur út úr þessum samruna, sem við vildum aldrei sjá, með því að selja okkur út úr þessu fyrr en aðrir höfðu ætlað sér. Af því að við vildum ekki eiga þetta fyrirtæki sem var í áhættusömum rekstri í útlöndum. Þá er það auðvitað alveg rétt hjá henni. Ég fór yfir það hér áðan í ræðu minni. Að við vildum reyna að losa okkur út úr þessu. Ég held að það hafi verið misráðið á þessum tímapunkti. Þá vakti það fyrir okkur að við reyndum að losa okkur út úr þessum ólukkurekstri, en ég er mjög feginn að það varð ekki niðurstaðan, heldur frekar sú að við næðum að vinda ofan af samrunanum með þeim hætti sem síðan gerðist, sem á þeim tímapunkti, menn héldu að væri ófær leið. Og ég kannski að lokum spyr þá borgarfulltrúann, ef hún vildi ekki á þessum tímapunkti selja þetta [forseti slær í bjöllu] og það hefði verið ófær leið að vinda ofan af þessu, hefði þá borgarfulltrúinn sem sagt viljað vera í einkarekstri með [forseti slær í bjöllu] þessum ágætu fyrirtækjum úti um allan heim?

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að veita andsvar í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Það er nefnilega það. Forseti, góðir borgarfulltrúar. Hvað gerðist svo? Það var fær leið. Það var fær leið og hún var sú að rifta þessum samningi og samruna. Það var leiðin sem við vildum fara, það var leiðin sem Vinstri græn töluðu fyrir allan tímann. Vinstri græn sátu, borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson veit það jafn vel og ég að fulltrúi Vinstri grænna í stjórn Orkuveitunnar sat ekki hjá vegna þess að hann hefði ekki skoðun á samningnum, hann sat hjá vegna þess að honum gafst ekki færi á að kynna sér málavexti sem aðrir fulltrúar hefðu betur gert. En það að Sjálfstæðisflokkurinn ætlaði að selja REI stendur eftir. Það er staðreynd og það er ekki borgarfulltrúum Sjálfstæðisflokksins að þakka að svo varð ekki. Það er niðurstaða sem varð að lokum vegna þess að meirihlutinn sprakk. Meirihlutinn sprakk vegna þess að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins ætluðu að selja REI. Þeir ætluðu að selja REI Glitni sem borgarfulltrúar meirihlutans höfðu meira og minna verið með í laxveiði stuttu áður.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að svara andsvari í annað sinn.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Borgarfulltrúanum er greinilega mikið í mun að stimpla inn þessa skoðun, að borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi viljað selja REI. Það er mjög skrítið þá að þessir sömu borgarfulltrúar skuli hafa verið á móti samrunanum. Það er mjög einkennilegt og gengur ekki alveg upp í mínum huga. Nema borgarfulltrúinn telji að það hafi ekki verið, þetta hafi allt saman verið einhver úthugsuð leikflétta. Það var auðvitað ekki þannig. Það voru hérna borgarfulltrúar í borgarstjórn, og ég vona úr öllum flokkum, sem leist ekki á þennan samning. Sem vildu hann ekki. Þegar þetta var samþykkt í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur þá endurspegladist ekki, og þetta var nákvæmlega það sem umboðsmaður Alþingis var að spyrja okkur út í og tala um við okkur, þá endurspegladist ekki vilji borgarstjórnar í stjórn Orkuveitunnar. Það var vandamálið. Þess vegna sauð upp úr. Vilji þessarar borgarstjórnar sem hér situr endurspegladist ekki þegar ákvörðunin var tekin. Og ég spurði umboðsmann Alþingis að því þegar REI-hópurinn hitti umboðsmann Alþingis: hver var okkar stjórnskipulegi réttur? Hvað hefðum við getað gert? Hans svar var: það hefði hugsanlega verið hægt að reyna að kalla saman aukafund í borgarstjórn og kjósa aðra fulltrúa í stjórn Orkuveitunnar. Það var hans svar. En eins og menn vita var hraðinn á þessu það mikill að það hefði ekki náðst. Vegna þess að við fréttum af þessu á þriðjudagskvöldi og stjórnarfundurinn er í hádeginu á miðvikudegi.

Niðurstaðan er sú, að mínu mati, öfugt við það sem borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir segir, að það er alveg augljóst að að minnsta kosti sá borgarfulltrúi sem hér talar vildi aldrei afhenda neitt af eignum Orkuveitunnar til þessara fyrirtækja og ég held að allir sanngjarnir menn [forseti slær í bjöllu] hljóti að sjá það. Það gildir held ég um vel flesta borgarfulltrúa sem hér eru inni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað eftir að veita stutt andsvar.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Það má vel vera að borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hafi ekki viljað afhenda eitt eða neitt. Engu að síður stóð hann ásamt öðrum sex í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins mánudaginn 8. október og tilkynnti samhljóða niðurstöðu borgarstjórnarflokksins sem væri sú að selja REI strax. Það var niðurstaðan, alveg sama hversu sáttur borgarfulltrúinn var við hana. Niðurstaðan var þessi: borgarfulltrúarnir ætluðu að selja REI. Þess vegna sprakk meirihlutinn og í framhaldinu var gerningnum snúið við. Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins höfðu semsagt ekki þann kjark sem seinni meirihluti hafði til þess að snúa samningnum við og ógilda hann. Þá skulum við skoða hverjum það var að þakka að Orkuveitan, eða að minnsta kosti hluti hennar og sennilega að stóru leyti, er ekki í höndum Hannesar Smárásonar, Bjarna Ármannssonar og þar af leiðandi þrotabús einhverra erlendra kröfuhafa.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Virðulegi forseti. Það er greinilegt að minnihlutinn ætlar að reyna að vera með þá línu að það sé honum að þakka að ekkert varð úr þessum ágæta samruna. Þegar að borgarfulltrúarnir í Sjálfstæðisflokknum sem ekki voru sáttir við þetta byrjuðu að gera mál úr þessu, hvað heyrðist þá úr ranni til dæmis Vinstri grænna? Að hér væru rýtingsstungur í bakið og hitt og þetta. Það var ekki beinlínis eins og þeim borgarfulltrúum væri hrósað fyrir það að reyna að fá málið upp á yfirborðið. En það var einmitt þannig, ég veit ekki hverjum þetta er nákvæmlega að þakka, en það er allavega ljóst að þeir borgarfulltrúar hér inni í þessum sal sem voru á móti þessu eiga held ég allir hrós skilið fyrir í rauninni að gera það sem þeir gátu. Á þessum tímapunkti sem borgarfulltrúinn vísar í og segir að við höfum viljað selja þetta, þá var það það sem við töldum vera einu leiðina út úr þessum ólukkusamningi. Við vildum aldrei fara í neitt samkrull með þessum fyrirtækjum en við horfðum framan í þá staðreynd að við vorum komin í það samkrull án þess að vilja það. [Forseti slær í bjöllu]. Við áttum ekki fulltrúa í stjórn Orkuveitunnar, þessir borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, en það áttu hins vegar bæði Vinstri grænir og Samfylkingin. [Forseti slær í bjöllu].

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Stefán Jóhann Stefánsson:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta hefur verið ágæt umræða um efni rannsóknarskýrslu Alþingis og ekkert við því að gera þótt menn taki á sig ýmsa króka í þessari umræðu, enda er það sem gerst hefur tiltölulega flókið og það eru ýmsir krókar og keldur. Þessi skýrsla er um margt ágæt. Miklar upplýsingar í henni og þótt ég hafi ekki lesið hana alla frekar en flestir aðrir hér, geri ég ráð fyrir, þá hef ég gluggað í hana og lesið nokkra kafla og hún er semsagt að mörgu leyti fín ritsmíð þótt hún sé ekki fullkomin fremur en önnur mannanna verk. En það er þrennt sem mig langar að koma inn á í þessari umræðu. Það er í fyrsta lagi þessi umræða um hugmyndafræði og hegðun og hvernig það tengist hruni bankanna og í öðru lagi það sem mér finnst að ætti að vera meginumræðan hér en hefur kannski ekki farið svo mikið fyrir, það er hvaða áhrif hefur hrunið haft á þjónustu borgarinnar og rekstur borgarsjóðs. Mér finnst að það sé nú það sem við ættum að einbeita okkur kannski að hérna í þessari umræðu. Svo í þriðja lagi er það umræða um fjárframlög til stjórnmalasamtaka og stjórnmalamanna og siðareglur í því sambandi.

Nú, aðeins þá fyrst um þessa umræðu um hugmyndafræði og hegðun. Því hefur verið haldið fram að ástæðan fyrir því hvernig fór hafi verið sú að frjálshyggjunnari hafi verið gefinn laus taumurinn og það er sjálfsagt ýmislegt til í því að einhverju leyti en þá mega menn ekki gleyma því hvað það var sem leiddi til þessarar hugmyndafræði og hegðunar á grundvelli hennar. Það var ekki bara það að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefðu verið hér við völd í yfir áratug og lagt áherslu á einkavæðingu og þá einkavæðingu með ákveðnu móti eins og komið hefur fram, sem fól kannski að einhverju leyti í sér svona laissez-faire hugsun, eða afskiptaleysi, heldur gerðist þetta allt saman á grundvelli þeirra laga og reglna sem við höfðum tekið upp með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og það komu oftsinnis ábendingar, jafnvel kröfur ef ég man rétt, um það frá erlendum aðilum að Íslendingar þyrftu að einkavæða hitt og þetta. Þannig að það voru ekki bara Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur sem stóðu fyrir einkavæðingunni, heldur var það gert í raun og veru vegna krafna sem mynduðust við aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu, vegna þeirrar hugmyndafræði sem við tókum inn í landið með þeim reglum og samþykktum og

samningum sem við undirgengumst þegar við fórum inn á Evrópska efnahagssvæðið. Mér finnst að menn verði svona aðeins að hafa það í huga.

Annað þessu tengt er það að þetta var nú ekki meiri frjálshyggja heldur en það að menn vildu alls ekki sleppa vernd ríkisins og það er nú ein af meginástæðunum fyrir stækkun bankakerfisins, semsagt sú að skilningur manna erlendis var sá að ríkið myndi hlaupa undir bagga með bankakerfinu. Þess vegna fengu bankarnir góðar lánshæfiseinkunnir frá lánshæfismatsfyrirtækjunum eins og Standard og Poor og Moody's og Fitch og þess vegna gátu þeir þanist út með þeim hætti sem þeir gerðu. Þannig að þetta var ekki bara frjálshyggja eða afskiptaleysi heldur var þetta líka pilsfaldakapítalismi sem menn ástunduðu þarna, með því að halda þeim skilningi fram, að vísu er deilt um lagalega túlkun og lagalegan skilning á þessu, en það var allavega skilningur þessara erlendu aðila að bankarnir væru í skjóli ríkisins, það kæmi bönkunum til bjargar ef á myndi bjáta. Þannig að ég held að myndin sé nú talsvert flóknari en menn vilja stundum vera láta eða kannski einfaldari en menn vilja vera láta í þessu pólitíska argaþrasi sem nú er uppi og það séu þarna fleiri þættir sem hafa ráðið þessu.

Varðandi áhrif hrunsins á þjónustu borgarinnar, sem mér finnst ekki hafa verið mikið fjallað um og það liggur í raun og veru ekki fyrir nein greining á því, sem mér finnst að hefði þurft að liggja fyrir hér í dag, þá hef ég velt því dálítið fyrir mér og velti því reyndar dálítið fyrir mér fyrir hrúnið hvernig ákvarðanir voru teknar um lán og umsóknir eða það hvernig lánnum var fyrir komið eða skuldum borgarinnar. Hvernig voru ákvarðanir um fjármál borgarinnar teknar og hvernig voru þær teknar í ljósi þeirrar vitneskju sem við höfðum þó um efnahagsþróun og þær hættur sem stöðjuðu að í efnahagslífinu? Semsagt hvaða ákvarðanir voru teknar um lántökur og þá sérstaklega erlendar lántökur? Hvernig hafa lánamál borgarinnar þróast, og ekki bara borgarinnar heldur líka þeirra fyrirtækja sem skipta verulegu máli fyrir borgina, eins og Orkuveitu Reykjavíkur, og hverjar eru skýringarnar á því að svo mikið hefur verið hlutfallslega af erlendum lánnum, jafnvel þótt að hagfræði hins hagsýna segir að fólk eigi ekki að taka of mikið af lánnum en það hefur tekjur í. Þetta gildir bæði um Orkuveituna og Reykjavíkurborg. Hvaða ráðgjafar naut borgin um þetta?

Ég minnst þess, hérna fyrir hrúnið, þegar ég var að skoða lánatölur borgarinnar, að það var ansi stór hluti sem var í erlendum lánum og ég man að ég spurði hvernig stendur eiginlega á því að þetta stór hluti af lánum borgarinnar er í erlendum gjaldmiðlum? Þá var svarið það að það voru einhverjir ráðgjafar, eitthvert tiltekið fyrirtæki sem ráðlagði okkur að gera þetta svona vegna þess að þróunin hefur verið með ákveðnum hætti á undanförunum mánuðum á lánamörkuðum. Semsagt, þetta fyrirtæki horfði í baksýnispegilinn og ráðlagði fram í tímann en á sama tíma voru aðrir að segja vegna þess hvernig aðstæður eru, vegna þess hversu mikill viðskiptahallinn er, þá er einsýnt að þetta muni hafa áhrif á gengi krónunnar sem muni lækka og þá muni þessi erlendu lán hækka. Þetta hefur nú komið á daginn og mörg sveitarfélög og Orkuveita Reykjavíkur til dæmis súpa nú seyðið af þessari fjármálastjórn. Ég ætla ekki að gefa henni neina sérstaka einkunn hér og nú en mér finnst þetta umhugsunarefni og mér finnst í raun og veru að borgarstjórn öll, borgarkerfið, hafi brugðist í því að skoða þetta mál og lyfta þessum upplýsingum almennilega fram. Þetta er semsagt eitt af því sem mér finnst að ætti að skoða allverulega því það er þetta meðal annars sem hefur áhrif á rekstur og þjónustu borgarinnar, ekki bara þetta almenna efnahagsumhverfi, minni vinna og svo framvegis, heldur líka það hvernig fjármálum borgarinnar hefur verið stjórnað. Þetta hefur nánast ekkert verið í umræðunni en ég lýsi hér eftir ýtarlegri upplýsingum um þessa hluti.

Í þriðja lagi varðandi fjárframlög fyrirtækja til stjórnámálanna, þar á meðal stjórnámálanna hér í borgarstjórn. Þetta hefur nú verið upplýst að einhverju leyti í skýrslunni, þar eru tilgreindar ákveðnar upplýsingar um það hverjir fengu styrki til dæmis frá tveimur bönkunum og þar kemur fram að aðilar sem voru borgarfulltrúar eða voru nýhættir sem borgarfulltrúar, þetta kemur fram á bls. 170 í bindi 8 meðal annars, og á síðunum þar á eftir, að þeir fengu þarna á einhverju tilteknu árabili fimm milljónir frá Kaupþingi og þetta voru styrkir frá 100.000 krónum og upp í tvær milljónir sem borgarfulltrúar eða þeir aðilar sem nýlega höfðu verið í borgarstjórn höfðu fengið. Frá Landsbankanum fengu sömu aðilar um 10 m.kr. og það er allt frá 150 þús. kr. og upp í þrjár og hálf milljón. Glitnir gefur ekki upp hvaða stjórnámálameinn sá banki styrkti og það vekur náttúrliga upp ýmsar spurningar ef gera má ráð fyrir samkvæmt líkindum að þetta sé eitthvað í líkingu við hina bankana, þá hefur það verið á bilinu 5-10 milljónir ef ekki meira.

Reyndar halda sumir því fram að þetta séu ekki tæmandi listar, það vanti þarna ýmislegt í þetta. M.a. kemur þarna fram, ég sá það nú bara þegar ég var að labba hér í ræðustól að einn borgarfulltrúi þáði boð með herþyrlu í boði Glitnis í laxveiði og nú skyldu menn nú ætla að allir borgarfulltrúar væru skynsamir og heiðarlegir en þó verður að spyrja þeirrar spurningar og henni hefur náttúrliga ekki verið svarað fyllilega, kann að vera að þessir fjárstyrkir, sem eru þetta frá einhverjum hundruðum þúsunda og upp í nokkrar milljónir, kann að vera að þeir hafi áð einhverju leyti haft áhrif á gjörðir borgarfulltrúa? Ég vil bara í þessu sambandi minna á umræðu sem átti sér stað fyrir prófkjör hjá Sjálfstæðisflokknum, ekki síðast heldur þar áður, hygg ég að það hafi verið, þegar tveir núverandi borgarfulltrúar tókust á um fyrsta sætið, þá sagði annar þeirra, sem nú er í borgarstjórn og hefur verið hér á þessum fundi, þá sagðist hann ekki þiggja styrki frá tilteknum fyrirtækjum þegar hann var inntur eftir því máli, hvernig því háttaði. Það vekur náttúrliga upp þá spurningu, af hverju vildi þessi borgarfulltrúi ekki þiggja styrki frá tilteknum fyrirtækjum eða fyrirtækjum tiltekinnar gerðar? Það liggur beint við að svarið sé vegna þess að hann óttaðist að það gæti haft áhrif á gjörðir hans eða að það mætti á einhvern hátt draga í efa heiðarleika hans eða hlutleysi við ákvarðanir í borgarstjórn.

Ég held að þetta sé atriði sem við verðum að velta fyrir okkur og það þarf að koma betur í ljós hvaða fjármunir hafa runnið frá þessum fyrirtækjum til kjörinna fulltrúa og síðan þarf að skoða hvort það kunni að vera að þetta hafi haft einhver áhrif á gjörðir þeirra við úthlutun á gæðum borgarinnar. Það eru svona hlutir sem mér finnst að við verðum að ræða hér í borgarstjórn, því við erum að ræða ekki bara um það sem gerðist á Alþingi og einhvers staðar annars staðar heldur verðum við að skoða hvað var að gerast hér í borgarstjórn og borgarkerfinu á þessum tíma þegar tilteknir aðilar komust yfir fjármuni og gátu deilt og drottnað. Deilt þessum fjármunum út til sinna vina, eins og komið hefur fram, og hvaða áhrif hafði það á störf manna? Ég vil þó nefna, það má segja að borgin hafi að einhverju leyti tekið við sér þó að seint sé, því eftir langa mæðu voru siðareglur hér samþykktar sem höfðu legið í salti hérna allt kjörtímabilið og þar kemur fram, mig langar bara til að lesa það til að vera á jákvæðu nótonum hér í lokin, í fjórðu grein, þá kemur þar fram að „kjörnir fulltrúar nýti sér ekki stöðu þeirra í þágu einkahagsmuna sinna eða annarra sem eru þeim tengdir, hvort sem ávinningur af slíku kemur fram strax

Bstj. 20. apríl 2010

eða síðar, þar með talið eftir að störfum fyrir Reykjavíkurborg lýkur.“ Þarna kemur líka fram að „kjörnir fulltrúar þiggi ekki gjafir, fríðindi eða önnur hlunnindi frá viðskiptamönnum eða þeim er leita eftir þjónustu Reykjavíkurborgar, nema að um sé að ræða óverulegar gjafir. Kjörnir fulltrúar þiggja ekki gjafir eða hlunnindi ef líta má á það sem endurgreiðslu fyrir greiða eða sérstaka þjónustu.“ Ég held að þetta séu reglur í rétta átt en mikið hefði nú verið betra ef þær hefðu verið aðeins skýrari og skarpari og þær hefðu verið samþykktar nokkrum árum fyrr. Takk fyrir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir óskað eftir að veita andsvar og einnig Gísli Marteinn Baldursson.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú bara örstutt hérna að vekja máls á því að mér finnst vont þegar verið er að fara með ræður eins og var flutt hér á undan þar sem er látið í léttu rúmi liggja um hverja verið er að tala, verið með ávirðingar í garð fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem geta átt við um hvern sem er í rauninni og ekkert skýrt mál sem hér var viðhaft og finnst mér það ekki eðlilegt í sölum borgarstjórnar. Annars vil ég bara vekja athygli á því, og eins og borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson kom inn á hér í lokin, að það er jú verið að gera heilmargt hér jákvætt, við höfum verið að breyta hér vinnubrögðum, við höfum lagt á það mikla áherslu að vinna hér sameiginlega í borgarstjórn. Við þurfum að auka það og efla að bera virðingu hér hvort fyrir öðru og reyna að koma umræðunni einhvern veginn svolítið á það plan. En já, ég ætla svosem ekki að hafa þetta lengra.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir hefur lokið við að veita andsvar. Þá hefur borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson óskað eftir að svara andsvari.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Stefán Jóhann Stefánsson:** Já, ég vil þakka Jórinni Frímansdóttur borgarfulltrúa fyrir þessa athugasemd. Ég geri ráð fyrir að hún vilji fá fram nafn á þeim borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem vildi ekki þiggja styrki frá tilteknum fyrirtækjum. Ég ætlaði mér nú bara að ræða þetta mál hérna svona almennt og á faglegum nótum en ekki vera að tilgreina hérna einhverja einstaklinga en menn geta lesið um þá einstaklinga sem nefndir eru í skýrslu rannsóknarnefndarinnar. En fyrst að hún spyr svona beint þá bara get ég upplýst það hér og nú, ef það hefur farið framhjá henni, ég hélt að þetta væri reyndar á almannavitorði að Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi nefndi í fjölmiðli þegar hann var að keppa við Vilhjálmm P. Vilhjálmsson um 1. sætið hjá Sjálfstæðisflokknum að hann þæði ekki styrki frá verktökum. Ég man ekki nákvæmlega hvaða orðalag hann notaði en Gísli Marteinn hlýtur að muna þetta sjálfur og getur þá staðfest það hér og við gætum þá líka hugsanlega fundið bandið hjá útvarpinu þar sem þetta var sagt, en samkvæmt mínu minni var það Gísli Marteinn Baldursson sem sagði í fjölmiðlum að hann vildi ekki þiggja eða hefði eitthvað á móti því að þiggja styrki frá fyrirtækjum í verktakabransanum. Svarar þetta spurningunni? Takk fyrir.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskað eftir að veita andsvar.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Gísli Marteinn Baldursson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Það duldist mér ekkert að borgarfulltrúinn ræddi um mig einhvern hluta af ræðu sinni. Bæði er það rétt sem hann sagði, að þegar ég var í prófkjöri 2005 ákvað ég að þiggja ekki styrki frá verktökum. Á þeim tíma, árið 2005, voru verktakar kannski svona þeir aðilar þar sem hagsmunir gætu kannski helst skarast, það er að segja ef þeir væru að borga inn í kosningasjóði, þá gæti það sett mann í óþægilega stöðu ef maður ætlaði síðan að eiga eitthvað við þá og til þess að einfalda það og halda þessu öllu eins hreinu og hægt væri þá ákvað ég þetta bara með sjálfum mér að þiggja ekki þá styrki. Á þeim tíma upplifði ég það að minnsta kosti ekki þannig að bankarnir sem núna eru mest í umræðunni væru jafnstórir aðilar varðandi til dæmis skipulag í borginni eins og síðar varð. Það má vel vera að það hafi verið orðið þannig þá en ég hafi bara ekki áttað mig á því. En ég að minnsta kosti ákvað þetta og stóð algjörlega við það en enginn verktaki, hvorki fyrir né síðar, hefur reynt að hafa einhver áhrif á mig. Ég hins vegar, eins og ég held nánast allir sem voru í framboði á þessum tíma og síðar, þáði styrki frá bönkunum sem, eins og síðar hefur komið í ljós, voru kannski miklu stærri þátttakendur á þessum markaði og ef maður hefði vitað það hugsa ég að margir hér hefðu kannski frekar reynt að þiggja styrki frá einhverjum öðrum en þeim. Hins vegar hafa þeir heldur ekkert reynt að hafa nein óeðlileg áhrif, þannig.

Og síðan af því að hann nefndi, borgarfulltrúinn, það að ég hefði farið í ferð á vegum Glitnis, þá hefur það margoft komið fram að ég var þar veislustjóri og ég hef í hundruðum veislna hjá bönkum og öðrum fyrirtækjum verið fenginn til þess að vera veislustjóri og aldrei fundist neitt athugavert við þau störf og ekki fundist neitt tortryggilegt við það.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson hefur lokið við að veita andsvar. Aðrir hafa ekki viljað taka til máls og nú er gert stutt matarhlé í hálf tíma.

[Forseti hringir bjöllu] Það heyra bara þeir sem eru í salnum. [Forseti slær í bjöllu] Fundi er fram haldið í Borgarstjórn Reykjavíkur. Til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sóley Tómasdóttir:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég kem hér upp aftur þar sem þessi umræða hefur verið einkar athyglisverð en hún endurspeglar þó þann vanda sem við blasir í íslensku samfélagi. Hrunið var engum að kenna eða að minnsta kosti alla vega ekki þeim sem er í pontu hverju sinni. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon var með söguskýringu sem toppar söguskýringu borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldurssonar hér áðan, þar sem hann sagði að hrunið hefði verið einfaldlega vegna þess að skuldsetningin var of mikil. Skuldsetningin varð of mikil. Bara af sjálfu sér. Það var enginn sem bar ábyrgð á því, hún bara varð of mikil.

Nálgun borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er einkar athyglisverð. Flokksins sem telur uppgjörinu lokið eftir að varaformanninum var fórnað og formaðurinn klappaður upp. Lærdómurinn sem Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að draga af þessu er að fara ekki í skotgrafir. Taka ekki pólitíska umræðu heldur láta bara eins og þau mál sem við erum ósammála um séu ekki til. Að það bara sé ekki þannig að við séum ósammála um golfvöllinn eða heimgreiðslurnar eða upphæð fjárhagsaðstoðar. Kannski mögulega útsvarshækkun á góðum degi en að láta eins og við höfum öll borið ábyrgð á REI-skandalnum og gott ef ekki Magma líka er fullkomlega óábyrgt. Ég frábið mér slíkan málflutning. Borgarfulltrúar Vinstri grænna stóðu vaktina allan tímann í REI-málinu og ég fullyrði, eins og ég hef gert hér áður, að ef þeirra hefði ekki notið við þá væri þrotabú Orkuveitunnar sjálfsagt í höndum erlendra fjárfesta í dag.

Það hryggir mig að borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skuli koma hingað upp og áfella mig fyrir skotgrafapólitík. Það er sumsé skotgrafapólitík að fara yfir það sem við höfum verið ósammála um á kjörtímabilinu. Það er skotgrafapólitík að fara yfir þau varnaðarorð sem við Vinstri græn höfum látið falla og það er skotgrafapólitík að fara yfir þau mál sem sloppið hafa fyrir horn. Þetta minnir mig á gamla daga. Á þá tíma sem Vinstri græn voru talin fúllynd og leiðinleg í einkavæðingarferli bankanna, þegar skattalækkanir voru samþykktar á kolvitlausum tíma, þegar Kárahnjúkagerningurinn var samþykktur og svona mætti lengi telja. Samanburður á stjórnámálum frjálshyggjunnar og stjórnámálum á

forsendum samfélagslegrar ábyrgðar er sumsé skotgrafahernaður. Við erum í pólitík, borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Við erum hér í fimm ólíkum flokkum sem byggja á ólíkri hugmyndafræði og okkur greinir oft á. Það er skylda okkar að ræða þann ágreining þegar svo ber undir á lýðræðislegan hátt. Það er engum greiði gerður með því að tabúisera ágreiningsefnin. Hvorki kjörnum fulltrúum né borgarbúum.

Eftir allt það sem á undan er gengið þá segi ég það nú bara hreint út að ég tel sérstaklega óviðeigandi að borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins skuli líta á rökstudda gagnrýni okkar Vinstri grænna sem skotgrafapólitík. Sjálfstæðisflokknum væri nær að læra af reynslunni, afgreiða ekki gagnrýni út af borðinu umhugsunarlaust, heldur velta hlutunum fyrir sér á yfirvegaðan hátt og taka það til sín sem hann sannanlega á.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hefur lokið máli sínu. Til máls tekur borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Mér finnst nú þessi ræða borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur svolítið sjálfumglöð en kannski líka einkennast af æskufjöri og reynsluleysi. Vinstri grænir eiga það ekkert inni að hrósa sér fyrir hvað þeir hafa verið staðfastir í orkumálum. Ég endurtek það sem ég sagði hér í minni fyrri ræðu. Þeir greiddu atkvæði í öllum, hverri einustu, gegn atkvæði mínu, hverri einustu lántökuheimild hinna gríðarlegu lántaka út af Kárahnjúkavirkjun. Þóttust vera á móti hérna í borgarstjórn en þegar kom að því að hlýða Alfreð Þorsteinssyni, standa við hugsjónir sínar, þora, þá var ekki tekinn sénsinn á að láta henda sér fyrir borð eins og gert var við mig af sjálfstæðismönnum af því að ég stóð við málefnasamninginn. Það var hlýtt. Hlýðni er allt sem þarf. Þannig að Vinstri grænir hafa sýnt það hér í Borgarstjórn Reykjavíkur að þeir eru fyrst og fremst valdaflokkur. Fyrst og fremst valdaflokkur. Þeim er alveg sama, eins og mörgum öðrum stjórnsmálaflokkum, ef þeir komast í stöðu þá kasta þeir hugsjónunum fyrir borð. ekki völdunum.

Varðandi REI-málið, þá finnst mér svolítið sérkennilegt að sitja hér og hlusta á það enn einu sinni að sjálfstæðismenn séu að tala um einhverja sexmenninga og eins og Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, félagi minn hér til áratuga í borgarstjórn, hafi verið eini einkavæðingarsinninn í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins. Ég veit að unga frjálshyggjufólkið er miklu, miklu harðari einkavæðingarsinnar heldur en Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson. Alveg síðan við vorum saman í borgarstjórnarflokknum undir stjórn Davíðs á sínum tíma, hugmyndafræði frjálshyggjunnar um það að færa sem mest af auðlindum og eignum almennings yfir til einkaaðila, hún á sér miklu, miklu ríkari sess í huga til dæmis núverandi borgarstjóra, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, Gísla Marteins Baldurssonar. Bara svo einhver dæmi séu nefnd og þetta sexmenningatal er bara, þar sem ég þekki innanbúðar í Sjálfstæðisflokknum frá gamalli tíð og hef talað mjög stíft gegn þessum einkavæðingaráformum, þau voru komin vel upp á yfirborðið áður en ég sagði mig úr flokknum árið 2001.

Unga frjálshyggjufólkið var byrjað að blaðra um að einkavæða Orkuveituna, ég sagði frá því í kosningabaráttunni árið 2002 að það væru uppi áform í

Sjálfstæðisflokknum um að einkavæða Orkuveituna eða hluta hennar eða hluta auðlinda eða eigna almennings, og er það ekki það sem hefur komið í ljós, góðir borgarfulltrúar? Var það eitthvað annað en einkavæðing á orkufyrirtækjum og orkuauðlindum þegar sjálfstæðismenn með aðstoð framsóknarmanna sáu til þess að koma Hitaveitu Suðurnesja í eigu einkaaðila? Það er alveg ljóst að harðlínu hægri frjálshyggja er miklu, miklu ríkari í borgarstjórnarflokki Sjálfstæðisflokksins núna en þegar við Vilhjálmur vorum þar saman áður en þetta unga fólk var komið þangað, margt hvert árið 2001. Miklu harðari einkavinavæðingarlína núna. Enda var einkavinavæðing bankanna ekki komin á heldur var hún í lokatilbúningi um það leyti sem ég sagði mig úr Sjálfstæðisflokknum hér í þessari pontu, 20. desember 2001.

Ég þekkti nokkuð náið til atburðarásar þar. Ég var meira að segja um áratuga skeið í fjölskylduböndum við einn helsta einkavæðingartalsmann flokksins, sem þá var formaður einkavinavæðingarnefndar flokksins á undan Steingrími Ara Arasyni. Hann sagði sig ekki úr þeirri nefnd, gekk í lið með Baugi. Þannig að ég þekki alveg hugarfarið og græðgina á bakvið þessa einkavæðingu. Hún er til að þjónusta vini og vandamenn flokksins og í raun og veru hvorki hugsjónir né almannahagsmuni. Vissulega er það rétt að sá grunntónn einstaklingshyggjunnar að það sé gott fyrir almannahagsmuni að beita duglegum og framtakssömum einstaklingi fyrir vagn almennings, það var kannski sú gamla félagslega sýn sem var til innan einstaklingshyggju Sjálfstæðisflokksins hér fyrir mörgum áratugum. Í dag er búið að snúa þessu við. Það á að beita almenningi í dag fyrir vagn einkaaðila. Vina og vandamanna Sjálfstæðisflokksins. Ná eiginum af fólkinu, ná auðlindunum af þeim, þeir eru komnir á fulla ferð með orkulindina, búnir að ná sjávarútvegsauðlindinni og svona verður haldið áfram.

Af því að við vorum að tala hér og erum ennþá að tala um rannsóknarskýrslu Alþingis, þá er það náttúrlega mjög nauðsynlegt að það komi fram að það er siðferðileg og orðið siðferðilegt stórmannfall í Sjálfstæðisflokknum við útgáfu þessarar skýrslu. Og ef Framsóknarflokkurinn væri jafnfjölmennur, með jafnmarga kjörna fulltrúa, þá væri kannski ennþá meira mannfall þar, siðferðilega, en bara Framsóknarflokkurinn er, eins og ég hef margoft ítrekað hér í Borgarstjórn Reykjavíkur, þetta er svo lítil flokkur, þetta er bara lítil fjármálaklíka sem er að

syngja sitt síðasta hér í borginni, ég er sannfærður um það, sérstaklega af því að Framsóknarflokkurinn hefur fengið mun lakari talsmann heldur en þeir höfðu þau í formi Björns Inga Hrafnssonar og Óskars Bergssonar, sem kunni vel að koma fyrir sig orði og ná athygli kjósenda. Þannig að ég er sannfærður um það að þrátt fyrir gríðarlegt fjármagn og innbyggða spillingu, þá mun Framsóknarflokkurinn ekki ná að kaupa sig inn í Borgarstjórn Reykjavíkur í næstu kosningum.

Ég held að það muni margt koma á óvart. Það eru margir hér greinilega búnir að afskrifa mig, ekki síst borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, en ég hef nú ekki síst út af hennar framkomu og viðmóti sem ég geri mér mjög góðar vonir um það að hún muni hrekja fjölda atkvæða, ekki bara yfir til hinna flokkanna heldur einnig til mín. Ekki síst í ljósi þess hvernig hún einfaldlega svindlaði á samherjum sínum í forvali Vinstri grænna. Ég þekki það mjög vel að Þorleifur Gunnlaugsson, Hermann Valsson, Friðrik Dagur Arnarson eru einlægir náttúruverndarsinnar. Ég þekki ekki það í brjósti Sóleyjar Tómasdóttur. Hún er fyrst og fremst harður femínisti og sá sem hér hefur fengið algjörlega að finna fyrir því og ef hann væri kvenmaður þá myndi hann ekki verða fyrir jafnrúddalegri og ótrúlegri framkomu. Ég held að það sé einhver meinbugur á því hjá frú Sóleyju Tómasdóttur að koma fyrst og fremst fram við fólk út frá einhverjum forsendum sem hafa með einhvern femínisma og kynjajafnrétti að gera en ekki hvort fólk stendur fyrir góð mál og er heiðarlegt.

Í raun allar þær árásir sem hún hefur verið með hér á þann sem hér stendur í dag, talandi niður til hans eins og einhvers aflóga kvikindis sem sé ófær um að gegna læknisstörfum eða sitja í Borgarstjórn Reykjavíkur, þær eru ekki byggðar á neinu öðru en fordómum og harðlínupólitík. Ég raunar geri kröfu um það að hún færi rök fyrir því hér hvers vegna var óábyrgt og afglöp hjá Sjálfstæðisflokknum, eins og hún orðaði það, að gera þann sem hér stendur að borgarstjóra. Ég get bara sagt það hér og stend við það, ég hef mikla þekkingu og reynslu af borgarmálum og ef þið teljið ykkur hæfari en mig til að gegna störfum í Borgarstjórn Reykjavíkur, þá verðið þið að koma með rök fyrir því. Allavega hef ég hvergi á ævinni verið, fyrr en hér í borgarstjórn, talinn af samstarfsfólki og úthrópaður sem vanhæfur, allavega ekki til minna læknisstarfa, þvert á móti vegnað mjög vel þar. Ég geri kröfu um það þegar menn eru með frasa hérna, fordóma, femínisma eða hroka í

Bstj. 20. apríl 2010

minn garð, að það komi einhver rök fyrir því að ég sé vanhæfur. Einhver rök, frú Sóley Tómasdóttir. Þér mun verða hált á því svellinu að tala niður til fólks með þeim hætti sem þú gerir við mig af þeirri einföldu ástæðu að ég er einn tugþúsunda landsmanna sem annað hvort hafa sjálfir eða hafa haft innan sinnar fjölskyldu fólks sem hefur veikst mjög alvarlega af þunglyndi og ég er búinn að fá mig algjörlega fullsaddan af fólki sem telur sig vel upplýst, vel menntað og gáfað, að tala niður til manns og af fyrirlitningu um að maður sé vanhæfur aflóga einstaklingur fyrir það eitt að hafa verið veikur. Það er ekkert merkilegra, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, að vera þunglyndur en að fá hjartasjúkdóm eða krabbamein. Þú ert kannski það ung að þú skilur það ekki.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Porleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram, ég tel að hún sé okkur öllum holl, en ég vil þó áður en lengra er haldið rifja upp fyrir borgarfulltrúa Ólafi F. Magnússyni um hvað málið um Fríkirkjuveg 11 snerist. Það var boðið út, húsið við Fríkirkjuveg 11 og 900 m<sup>2</sup> lóð. Sem var svona lóð rétt utan við húsið. Ég er að vona að borgarfulltrúinn sé að hlusta á mig. Novator bauð í dæmið en Novator og Björgólfur Thor Björgólfsson vildu alla lóðina. Lóðina niður að Tjörn nánast og gerðið á bakvið húsið. Um þetta snerist deilan í borgarkerfinu. Þegar ég kom með tillögu hér í borgarstjórn eða hvort það var [óskýrt] í borgarráði um það að það yrði snúið tilbaka af þessari leið. Að úr því að ekki næðist samkomulag við Novator þá yrði bara hætt við þetta. Það var borgarstjórinn þáverandi, Ólafur F. Magnússon, sem hafði forgöngu um það að þrýsta hér í gegnum Borgarstjórn Reykjavíkur samningi við Novator og Björgólf Thor Björgólfsson um ekki bara húsið og 900 m<sup>2</sup>, eins og var boðið út og hann telur sig hafa verið skyldugan til vegna aðgerða Margrétar Frímansdóttur að gera, heldur líka gerði það á bakvið húsið og hefðarrétt á lóðinni fyrir neðan.

Það var borgarstjórinn Ólafur F. Magnússon, reyndu nú einu sinni, borgarfulltrúi, að horfa í eigin barm. Ég get ekki staðist það, ég er að furða mig á þessum árásum borgarfulltrúans á Vinstri græn, og ég minntist hér áðan á Silfur Egils fyrir rúmri viku síðan. Þar fór borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon mikinn og ásakaði Vinstri græn fyrir að hafa greitt atkvæði með öllum lántökum sem Reykjavíkurborg hefði ábyrgt vegna Kárahnjúkavirkjunar, Landsvirkjunar og raforkusölu til erlendra málbræðslufyrirtækja vegna fjárfestinga Orkuveitu Reykjavíkur. Hann dró síðan í land og sagði okkur ekki hafa greitt atkvæði með en heldur ekki á móti. Þetta er að mínu mati undarlegur málflutningur frá manni sem fullkunnugt er um andstöðu VG við orkusölu til þungaiðnaðar og hefur sjálfur verið samferða borgarfulltrúum VG í slíkum bókunum og atkvæðagreiðslum núna í tvö kjörtímabil. Á borgarstjórnarfundum 15. janúar 2003 greiddu borgarfulltrúar VG, þau Árni Þór Sigurðsson og Björk Vilhelmsdóttir, ásamt Ólafi F. Magnússyni borgarfulltrúa, atkvæði gegn ábyrgð Reykjavíkurborgar af lántökum vegna Kárahnjúkavirkjunar.

Svo kemur, það er undarlegt að stjórnmalamaður sem velur sér listabókstafinn H fyrir heiðarleika skuli leyfa sér að fullyrða um gjörðir sínar þegar hægt er að lesa annað í fundargerðum fyrirtækja borgarinnar. Ólafur hélt því fram í Silfri Egils fyrir rúmri viku síðan að alveg frá tíð R-listans hefði hann einn borgarfulltrúa greitt atkvæði gegn þessum lántökum. Þetta hef ég orðrétt eftir Ólafi úr Silfrinu. Þetta er nefnilega ekki rétt. Þetta er ekki rétt. Samkvæmt fundargerð stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur frá 30. ágúst 2006 samþykkti Ólafur sem stjórnarmaður án þess að bóka eða móralisera á nokkurn hátt lántöku frá Fortis bank upp á 100 milljónir evra. Heiðarleikinn uppmálaður, án þess að móralisera eða bóka á nokkurn hátt. Og það er öllum ljóst og það er alveg klárt að stór hluti þeirrar upphæðar rann til virkjanagerðar vegna raforkusölu til Norðuráls. Til málmbræðslufyrirtækja.

Borgarfulltrúar Vinstri grænna og Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi eru oft ósammála. Ekki mjög oft en við erum oft ósammála. En ef við höfum einhversstaðar átt samleið, borgarfulltrúi, ef við höfum einhversstaðar átt samleið, þá hefur það verið í umhverfis- og náttúruverndarmálum og málefnum Orkuveitu Reykjavíkur. Ómálefnalegur málflutningur gagnvart Vinstri grænum hvað þetta varðar er því ekki lausnamiðaður af hálfu borgarfulltrúans heldur greinilega til þess gerður að fella keilur. Hann skyldi þó ekki enn eina ferðina vera farinn að hugsa um að komast í bólið hjá íhaldinu?

En þá ætla ég að snúa mér að skýrslunni, ágætu borgarfulltrúar. [Frammícall, Ólafur F. Magnússon]

**Forseti:** Borgarfulltrúinn hafi hljóð á fundinum.

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Ég get komið með fundargerð Orkuveitunnar þar sem Ólafur F. Magnússon samþykkti 100 milljóna evra lán frá Fortis bank. Veit borgarfulltrúinn hvað sú upphæð er komin í? Það eru 17 milljarðar. Ég er ekki að ljúga neinu um þetta mál. [Frammícall.] Ólafur F. Magnússon var ekki stoppaður þegar hann var að ráðast á Vinstri grænna þannig að ég verð að svara ávirðingum í okkar garð. En snúum okkur þá að skýrslunni.

Þegar ég fylgdist með blaðamannafundi rannsóknarnefndarinnar fyrir rúmri viku upplifði ég eitt og ég held að margir hafi upplifað það sama. Það var framið bankarán í skjóli stjórnýslu og stjórnmalafólks var framið bankarán. Bankaræningjarnir voru áhrifamenn, ekki bara hvað við kom Alþingi heldur líka sveitarstjórnarstiginu. Höfuðstöðvar þessara manna voru í Reykjavík. Bankaræningjarnir voru að fá verðmætar lóðir í borginni eins og til að mynda niðri við gömlu höfnina. Þeir höfðu mikil áhrif á skipulagsmál í borginni og eftir þá er stór hluti af miðborginni í hörmulegu ástandi. Borgin seldi þessum mönnum ómetanlegar eignir eins og ég minntist hér á áðan, Frikirkjuveg 11. Þeir voru að styrkja suma borgarfulltrúa og flokka þeirra með háum upphæðum og þetta gildir því miður jafnvel um fyrrverandi borgarstjóra, Steinunni Valdísi Óskarsdóttur. Þeir voru að bjóða kjörnum fulltrúum og embættismönnum í skemmtiferðir.

Í skýrslunni er sagt frá veiðiferðum í boði bankanna til borgarfulltrúa og í það minnsta eins embættismanns eða réttara sagt forstjóra almannafyrirtækis, í mestu leyti í eigu borgarinnar, það er að segja Orkuveitunnar. Fyrirtæki sem veldur okkur nú, eins og rætt var hér áðan, borgarfulltrúum, kjörnum fulltrúum í Reykjavík, verulegum áhyggjum. Við sögu koma fyrrverandi borgarfulltrúi, Björn Ingi Hrafnsson og núverandi borgarfulltrúi, Gísli Marteinn Baldursson. Í skýrslunni er ekki hins vegar fjallað um veiðiferð sem var nokkuð til umræðu í október og september 2008. Af hverju? Jú, boðið var ekki í nafni banka heldur Baugs. Þar kom við sögu þeir Björn Ingi Hrafnsson, fyrrverandi formaður borgarráðs, Haukur Leósson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar og fulltrúi Reykjavíkur í stjórn Orkuveitunnar og Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar. Þáverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, var í þessari veiðiferð líka. Þegar borgarstjóri var spurður um þetta í borgarráði var svarið að ferðin hafi ekki verið farin í boði fyrirtækis og þess vegna hafi þáverandi borgarstjóri ekki brotið gegn reglum. Er þetta ennþá svar borgarstjórans í Reykjavík eða er hún hér á fundinum? Ég spyr.

Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Hún heldur áfram á næsta borgarráðsfundi þar sem skrifstofustjóri borgarstjórnar leggur fram sínar tillögur um það hvernig við eigum að og ættum að höndla þessi mál. Ég mun taka þetta upp á vettvangi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga því að í mínum

Bstj. 20. apríl 2010

huga er það ljóst að rannsaka þarf stjórnunarhætti og stjórnsýslu á sveitarstjórnarstiginu í kjölfar bankahrunsins.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að gera stutta athugasemd, hann hefur þegar nýtt andsvarsrétt sinn og gert stutta athugasemd en forseti heimilar honum að bera af sér sakir í eina mínútu.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Ólafur F. Magnússon:** Forseti, það er ekki stórmannlegt að koma hér eftir að ég hef flutt mína ræðu með svona allskonar svívirðingar og dylgjur og lygar. Ég hef engin tók á að svara því á einni mínútu. Bið þennan ágæta borgarfulltrúa um að lesa hér fundargerð borgarráðs þar sem Margrét Kristjana Sverrisdóttir fagnaði óskaplega 8. febrúar 2007, ekki bara að ég sé komin á sjúkrahús heldur að hún gat snúið við blaðinu í Fríkirkjuvegsmálinu. Gengið í lið með öllum hinum flokkunum, 13-2 síðan í borgarstjórn. Fagnar því sérstaklega að Fríkirkjuvegur 11 komist aftur í hendur afkomenda Thors Jensen. En að þurfa að sitja undir þessu bulli. Að þú getir ekki horft á þáttinn Silfur Egils [óskýrt] draga réttar ályktanir. Það hefur legið fyrir skriflegt svar í borgarráði að ég er sá eini sem hefur nokkurn tímann greitt atkvæði gegn lántökum Orkuveitu Reykjavíkur. Það hafa þið Vinstri grænir aldrei gert og það liggur sömuleiðis fyrir að ég hef ekki alltaf greitt atkvæði gegn þessum lántökum en ég er eini borgarfulltrúinn sem nokkurn tímann hefur greitt atkvæði gegn lántökum Orkuveitu Reykjavíkur og það var á síðasta fundi hér í borgarstjórn að viðhöfðu nafnakalli og ég er eini borgarfulltrúinn sem nokkurn tímann greiddi atkvæði gegn lántöku [forseti slær í bjöllu] vegna Kárahnjúkavirkjunar og þú ert vægast sagt að kasta steini úr glerhúsi um leið og þú skríður hundflatur [forseti slær í bjöllu] undir Sóleyju Tómasdóttur.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur borið af sér sakir með stuttri athugasemd og þá svarar þeirri athugasemd borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Mér þykir miður að vera vændur um lygar. [Frammícall] Ég veit ekki hvað borgarfulltrúinn er að ræða um. Ég var engu að ljúga um það að borgarfulltrúar Vinstri grænna greiddu atkvæði gegn borgarábyrgð á lánum vegna Kárahnjúka. Ég er í engu að ljúga til um það að Ólafur F. Magnússon hélt því fram í Silfri Egils að hann hefði aldrei greitt atkvæði með lántöku til orkusölu til málmbræðslu og ég vitna til fundargerðar Orkuveitunnar frá 2006 þar sem Ólafur F. Magnússon greiddi atkvæði með 100 milljón evra láni frá Fortis bank til Orkuveitunnar sem notað var í málmbræðsluorkusölu og síðan eru það engar lygar að Ólafur F. Magnússon þrýsti hér í gegnum borgarstjórn samningi við Novator sem var miklu víðfeðmari en útboð vegna Fríkirkjuvegs 11 kvað á um. [Forseti slær í bjöllu]

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Jórunn Frímansdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég held að það sé ágætt að fara að slá aðeins á jákvæðari strengi hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og róa aðeins umræðuna. Ég vil byrja á því að fagna þessari og þakka bara fyrir þessa umræðu sem hefur að mestu leyti verið málefnaleg og góð og auðvitað fagna ég þessari skýrslu eins og flestir hafa nú gert hér. Og bara lýsi yfir ánægju minni með það hvað hún virðist vera vönduð, hvað hún hefur verið óumdeild. Það gengur ýmislegt á hér. Utan reyndar auðvitað hvað forseti vor hefur gagnrýnt það sem fram kom í skýrslunni og að mínu viti eiginlega sá eini sem maður hefur svona heyrt gagnrýna skýrsluna að einhverju marki. En ég hef ekki lesið skýrsluna nema að takmörkuðu leyti en hef auðvitað lesið mikið um hana, mikið verið skrifað.

Sjálf hef ég gripið niður í hana hér og þar og ég verð að segja, eins og sennilega allir þeir sem lesa í þessari skýrslu, að ég verð bara miður mín við lesturinn. Ég er fljót að hverfa inn í lesturinn og í mér fer svo að blunda reiði og því miður verð ég að segja að mér finnst ég upplifa tilfinningar sem ég vil ekkert gjarnan finna en það er þessi dómharka og svona reiði sem blundar í manni og ég er nokkuð viss um það að flestir Íslendingar geta lýst því sama en við verðum að reyna að láta þessar tilfinningar ekki ná yfirhöndinni heldur vega og meta það sem við lesum, og ég reyni það af kostgæfni, að setja mig í spor þeirra sem fjallað er um og vitnað er í. Við verðum auðvitað að læra af þessu öllu saman, það er kannski það mikilvægasta, og þess vegna mikilvægt að fara í gegnum umræðuna. Það er mikilvægt að lesa sér til eins og maður getur um það sem hér gekk á og sjá leiðir til þess að breyta af leið og láta ekki svona hluti gerast hér aftur, og koma í veg fyrir það.

Ég var að fylgjast með hérna í Ráðhúsinu í morgun þar sem saman voru komin börn í 5.-7. bekk grunnskólanna. Það var einhverskonar uppskeruhátíð verkefnis sem heitir rithöfundur tekinn í fóstur og var gaman að fylgjast með krökkunum þar sem þau voru að koma sér fyrir á Ráðhússgólfinu og það var ansi þétt setið. Ég stóð þarna með skólastjóra Laugarnesskóla þar sem við tókum tal saman og vorum að fylgjast með og það var verið að biðja krakkana um að standa upp fyrir fullorðnum og leyfa þeim að setjast í stóla sem hafði verið raðað þarna aftast. En

Það var leitt að sjá að sum þeirra voru bara hreinlega með hroka. Þau svöruðu bara fullum hálsi þeim fullorðnu sem voru að biðja þau um að færa sig og voru reið. Þá einmitt hugsuðum við það, þar sem við stóðum þarna og vorum að spjalla saman, ég og skólastjóri, Heiða heitir hún, skólastjóri Laugarnesskóla, þar sem við fórum að ræða það að það er auðvitað svo ofsaleg reiði bara í samfélaginu og þegar börnin okkar hlusta á umræðu eins og hér hefur farið fram í Borgarstjórn Reykjavíkur í dag, þar sem að við erum með upphrópanir hvert í annars garð, við erum auðvitað að gera svolítið lítið hvert úr öðru á margan hátt og það er ekki gott. Það er ekki það sem við eigum að bera á borð, pólitíkusar, og við getum alveg rætt málin af miklu meiri yfirvegum og borið miklu meiri virðingu fyrir hvert öðru heldur en við gerum.

Ég bara vil einhvern veginn í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað og auðvitað í ljósi þessarar skýrslu sem nú er komin út, þá vil ég bara minnst á þetta hérna því þetta er að smitast niður í allt samfélagið, þetta er að smitast niður í börnin okkar og við, opinberir aðilar, stjórnámálmenn, við sem erum í umræðunni, við sem erum að skrifa greinar eða koma fram í fjölmiðlum og annað slíkt, við getum breytt þessu og við verðum að gera það. Við auðvitað höfum breytt mörgu hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og það myndi ég segja virkilega vel. Hvernig við höfum tekið á málum, hvernig við höfum verið að vinna hér undanfarna mánuði og undanfarin ár, samstaðan hefur verið um margt bara til mikillar fyrirmyndar. Það hefur verið gaman að vinna hér með pólitískum fulltrúum, hvort heldur er af meirihluta eða minnihluta, og það er bara miklu jákvæðara að vinna í þessu andrúmslofti eins og það hefur verið hér undanfarið heldur en það sem ég þekki frá fyrri tíð.

Ég ætla svosem ekki að hafa þetta kannski mikið lengra en við skulum halda áfram að vinna með þeim hætti sem við höfum gert hér og mig langaði bara að koma þessu svona á framfæri hér og kannski aðeins fara yfir það að við reynum að bera meiri virðingu hvert fyrir öðru og auðvitað tókumst við á um pólitík og ég tek alveg undir með Sóleyju að við þurfum að skiptast á skoðunum og við höfum auðvitað ekki sömu sýnina, annars værum við öll í sama flokknum, en við höfum ólíka sýn á það hvernig við viljum ná fram markmiðum okkar en það er ansi margt sem sameinar okkur og öll erum við jú hér til þess að vinna þessari borg til heilla,

Bstj. 20. apríl 2010

og borgarbúum, og um það getum við sameinast og tekist á um leiðirnar að markmiðunum.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Porbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, eins og borgarfulltrúi Jórunn Frímansdóttir sagði, þá endurspeglast kannski akkúrat þessi rannsóknarskýrsla gagnrýni í fari stjórnámamanna. Ekki meira um það en ég vil samt bóka hérna í ræðu minni að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon verður að tala af virðingu um alla borgarfulltrúa að mínu mati og þá sérstaklega borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur sem mér finnst hann tala oft af ekki nægjanlegri virðingu í þessum ræðustól. En borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir nefndi áðan að ég væri að ræða um skotgrafapólitík og ég fer ekkert ofan af því. Hún tekur það líklega sérstaklega fram vegna þess að hún veit hvað ég var að fara. Við erum nefnilega ekki hérna til að ræða verkefni kjörtímabilsins, eins mörg og erfið og þau hafa verið. Við erum að ræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og það er Alþingi sem er til umræðu þar og það sem varðar okkur á þessu kjörtímabili kemur henni ekki mikið við, nema þó, og ég tek það fram, siðareglur og starfshættir okkar sem stjórnámamanna og starfshættir stjórnsýslunnar. Það má margt læra, held ég, og hef ekki lesið rannsóknarskýrsluna, af allskonar vangaveltum þar.

Það er nefnilega ekkert að því að takast á um pólitík, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, en það þarf að gerast á málefnalegri hátt eins og segir í skýrslunni, að stjórnámamenn skorti, með leyfi forseta, þá vitna ég hérna í eina af tillögunum sem segir: „Efla þarf góða rökræðusiði meðal þjóðarinnar og kjörinna fulltrúa hennar.“ Þess vegna segi ég skýrslan er að biðja okkur stjórnámamenn að þroskast og hætta þessum skotgrafahernaði. Almennt held ég að það sé mjög gott og heilbriggt af okkur að ræða hér og rýna þá þætti skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem tengjast okkur, þrátt fyrir þessa uppákomu hérna rétt áðan. Borgarstjóra þakka ég fyrir fína greiningu á málum er varða borgina og eitthvað sem við þurfum að rýna betur. Það er einnig rétt sem borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson sagði hér fyrir í dag að það þurfi að skoða betur hvað hefur innleiðst af verkferlum sem við vildum breyta eftir REI-málið. Ég er hjartanlega sammála borgarstjóra og öðrum um skort á öguðum vinnubrögðum. Það sem er kannski stundum í mótsögn við þetta-reddast-samfélagið okkar hér á Íslandi og það sem bankamennirnir kölluðu skjóta ákvarðanatöku og hreyktu sér af.

En ekki veit ég hvað Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi vill að Sjálfstæðisflokkurinn geri. Vill hún að við afneitum hugmyndafræðinni sem við stöndum fyrir? Heilt stjórn málaafli? Viltu að við leggjum flokkinn niður? Já, heyrir í salnum. Ég held að við verðum að leyfa hverjum flokki fyrir sig að vinna sína vinnu og vinna sig út úr erfiðum verkefnum eins og nú blasir við hjá Sjálfstæðisflokknum, það er enginn að afneita þeim verkefnum. Ég get upplýst Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa um það að mér finnst alltof langt gengið í æsingnum. Ég breyti ekki um lífsgildi og skoðanir og stend á því sjónarmiði að það sé ekkert vont að taka lán eins og margir vilja láta líta á sem höfuðsynd þessa dagana.

Ef eitthvað er standa nú stjórnmalaskoðanir Vinstri grænna og Samfylkingarinnar um engar framkvæmdir okkur fyrir þrifum. En ég er, eins og áður sagði, ekki hérna til þess að tala um málefni Alþingis og ríkisstjórnarinnar. Og aftur: það er mjög heilbriggt af okkur að ræða um þetta. Okkur, Reykjavíkurborg annars vegar og okkur sem stjórnmalamenn hins vegar. Það er hins vegar ekki hægt að draga borgina, stjórnkerfið og starfsmenn borgarinnar inn í allan þann glundroða sem ríkir í kringum þingið í ljósi þessarar skýrslu. Það er að mínu mati óverðskuldað og við eigum að vera yfir það hafin. Ég hef ekki lesið skýrsluna spjaldanna á milli en af fréttatutningi af dæma hefur einkennt allt umhverfi stjórn mála og viðskiptalífs að það var ekki verið að vanda sig. Fáir, og næstum því enginn var að vanda sig og vinnubrögðin voru ekki góð og enginn vann með það að leiðarljósi að byggja hér upp til framtíðar fyrir börnin. Allt var fyrir skammtímahagsmuni. Það er eitt sem einkennir skýrsluna öðru fremur og það er hversu faglega hún er unnin og mér fannst það hressandi innlegg sem viðbrögð hjá hinu opinbera því vinnulagið er afar faglegt og það sem lagt er til umbóta er rökstutt rækilega.

Þetta hefur verið mikilvæg sýn höfunda, held ég, að vinna þetta vel og faglega, svo ekki sé hægt að hefja hefðbundinn leik stjórn mála að benda á hver annan heldur fara upp úr hjólförunum og reyna að horfa á hvað er hægt að laga og hefja uppbyggingu samfélagsins aftur. Sérstaklega tel ég okkur hér í borgarstjórn þurfa að rýna kaflann um siðferði og starfshætti. Þar er tekið á umhverfinu í tengslum við fall bankanna en þarna er hins vegar margt almennt sem varðar starf

stjórnmalamannsins, eins og áður hefur komið fram í ræðum borgarfulltrúa. Sá kafli gengur svo langt að segja að íslensk stjórnmalamenning sé vanþroskuð. Þar er meðal annars nefnt að þingið sé að rækja illa umræðuhlutverk sitt og leggi ofuráherslu á kappræðu þar sem þekking og rökræður víki fyrir, með leyfi forseta, „hernaðarlist og valdaklækjum“. Tilvitnun lýkur.

Þar að auki er talað um að styrkja þurfi faglegt bakland til að auka faglegar ákvarðanir stjórnmalamanna. Ég held að borgarstjórn sé sammála um þetta allt saman. Og þetta er eitthvað sem þjóðin kallar á. Þjóðin kallar á vinnubrögð sem sýna að stjórnmalamenn fari eftir faglegum ábendingum og þekkingu og sýni vinnubrögð í samhengi við það. Þetta er áskorun til okkar ekki síður en til þingsins. Að mínu mati er áskorunin ekki alveg eins þörf í borgarstjórn og í þinginu. Við höfum lært mikið síðustu 18 mánuði að vinna saman að góðri og þverpólítískri niðurstöðu með það að markmiði að gera borgina betri, að hugsa um Reykvíkinga. Við höfum sýnt og sannað að það er hægt að sleppa þessum rökræðuleik og við höfum unnið einarðlega að bættu umhverfi Reykvíkinga. En það kostaði sitt. Þetta kjörtímabil var erfitt og sýndi líklega margt það versta við pólitíkina. Og það voru gerð mistök á kjörtímabilinu. Það er enginn okkar stoltur af REI-málinu, fullyrði ég. Allir gerðu mistök í því máli. Allir. Við verðum að lofa okkur og borgarbúum að þessi vinnubrögð sem borgarstjórn hefur stundað síðustu mánuði haldi áfram en verði betri.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ef ég fæ aðeins að taka upp þennan punkt eftir borgarfulltrúanum Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur, þá minnst ég þess að einmitt eftir að skýrslan birtist var það fyrirsögnin í Fréttablaðinu daginn eftir: Enginn telur sig bera ábyrgð, eða eitthvað í þeim dúr. Einmitt til að benda á þá firru sem því fylgir að menn telji, sem þarna áttu hlut að máli, að þeir séu ekki ábyrgir, en það er kannski annað sem vakti athygli akkúrat á þeirri forsíðu og það var önnur fyrirsögn á forsíðu Fréttablaðsins, daginn eftir að skýrslan var kynnt, sem að er svona: Eigendurnir veiktu bankana. Þegar maður les þetta sér maður er það von að skýrslan fjallar líka um fjölmiðlana? Er það von að það er gerð athugasemd við eignarhald ýmissa sterkra manna í viðskiptalífínu við það að þeir eigi fjölmiðlana. Þegar fjölmiðlarnir eru svo litaðir að þeir halda það, fjölmiðlar í eigu einmitt þeirra sem þarna eru til umfjöllunar, Fréttablaðið, að eigendurnir hafi veikt bankana. Ég, hins vegar, tek miklu frekar undir það sem borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson sagði hér. Hann sagði að þetta væri bankarán. Og ég bara tek undir það. Þetta er náttúrulega bara rán og ekkert annað.

En við erum ekki komin hér til þess kannski að benda út í þjóðfélagið og segja: Þessi er sekur og hinn er sekur. Við erum ekki með neinn rannsóknarrétt hér í borgarstjórn, við erum ekki að setja réttinn þar sem við erum bæði sækjendur og dómarar í þeirra málum. Ég hins vegar tek undir orð Stefáns Jóhanns Stefánssonar borgarfulltrúa hér, þegar hann segir að við þurfum að velta því fyrir okkur hvað það er sem við getum lært af þessu. Hvar getum við sett samasemmerki milli þeirra ágætu ábendinga sem þarna koma fram og milli þess sem við erum að gera hér. Það er alveg ótrúlega víða sem við getum það. Ekki bara stjórnsýslan, sem víða má sjá að eru góðar athugasemdir og ábendingar til okkar, heldur er þetta líka kannski það sem við þurfum að velta fyrir okkur, það er það að við erum að reka stórfyrirtæki. Við erum að reka Orkuveitu Reykjavíkur, þar sem við eigum 93% og við erum að reka Faxaflóahafnir þar sem Reykjavíkurborg á 75% og svo er Malbikunarstöðin til dæmis alfarið í eigu Reykjavíkurborgar og svo framvegis. Við nefnum Strætó og Sorpu í því sambandi. Þannig að það er ýmislegt sem kemur fram þarna í skýrslunni sem ég, eins og aðrir, hef auðvitað ekki lesið til hlítar heldur einungis gluggað í eftir því sem tími hefur gefist, sem við getum nýtt

okkur í þeim störfum okkar sem við erum að sinna einmitt inni í fyrirtækjunum og þá reyna að forðast þessa umræðu sem hér var svo leiðinleg áðan og var svo fyrirsjáanleg, um REI og Magma og allt þetta. Við verðum að geta litið framhjá því að minnsta kosti núna þegar við erum að fara yfir þessa skýrslu og viðurkenna það fyrir okkur að sumt er bara stærra en þessi mál sem við erum að hugsa um hér og okkar orðspor og hver gerði hvað og hver rétti upp hönd hvar og hvenær.

Þá erum við bara aftur komin akkúrat í það sem borgarfulltrúi Þorbjörg Helga var hér að vitna í, þessar setningar sem er hér að finna um þessar skylmingar. Þessa leiðinda orðræðu og þessi vígi sem við erum alltaf að búa til í pólitíkinni og getum einhvern veginn ekki litið upp úr. Það á við um okkur. Það sem sagt er um þingmenn í því sambandi, og stjórnámálemenn reyndar almennt, það á auðvitað við hér í borgarstjórn og það er bara að verða augljóst á þessari stundu hér og á þessum borgarstjórnarfundi, því miður.

Ég hef svona verið að velta fyrir mér þegar ég er að lesa skýrsluna og verið er að segja frá því háttalagi sem var viðhaft í bönkunum, að þar er kannski eitt til dæmis sem maður hnýtur um og það er sú staðreynd að þar voru starfandi, bæði í Landsbankanum og í Arion banka eða Kaupþingi og svo að hluta til, eða eftir tímabilum, líka Íslandsbanka, starfandi stjórnarformenn. Þetta er akkúrat eitthvað sem er kannski ekki mikið fjallað um í skýrslunni, það kom mér á óvart, þó má það vera einhvers staðar annars staðar en það sem hef lesið, en það er gríðarlega hættulegt að í stórfyrirtæki eins og þessu séu starfandi stjórnarformenn en ekki stjórnarformenn sem eru sjálfstæðir í sínum störfum. Stjórnir hafa margþætt hlutverk. Þær hafa náttúrliga það hlutverk að horfa fram á veginn og leggja framtíðarsýn, framtíðarplön fyrir fyrirtækin, vísa veginn fram á við fyrir stjórnendur og þau hafa líka eftirlitshlutverk og fá inn á borð til sín það sem stjórnin biður um en líka það sem stjórnendur telja ástæðu til að benda á hverju sinni.

Þar fyrir utan, kannski í þriðja lagi, hafa stjórnir auðvitað það hlutverk að taka inn á borð til sín ákvarðanir sem eru mjög stórar og mikilvægar fyrir rekstur og framtíð fyrirtækisins. Þarna voru sem sagt bankastjórar í fyrirtækjum sem vörðuðu almannaeið og við verðum að hafa það í huga að þó að bankarnir, það hafi verið fyrirtæki sem auðvitað voru fyrst og fremst rekin á þeim forsendum, þá var ekki

öðrum stórum fjármálafyrirtækjum að tefla hér á landi og það var raunverulega verið að selja allan fjármálamarkaðinn á Íslandi þegar fyrirtækin voru seld 2002 og 2003 í framhaldi af lögunum frá 1997. Þannig að það varðaði ekki bara einstaklinga heldur er það fyrst og fremst sem maður er að hugsa um eru fyrirtækin og hvernig þjónustu þau fá. Á sama hátt erum við auðvitað með fyrirtæki sem varða almannaheill, sem er Orkuveitan til dæmis og Faxaflóahafnir svo ég nefni það aftur. Og þess vegna er mikilvægt að við höfum það svona bakvið eyrað að Orkuveita Reykjavíkur hefur haft í gegnum tíðina mjög sterka stjórnarformenn. Stjórnarformenn sem hafa haft sérstaka skrifstofu á svæðinu, sem eru í stöðugu samstarfi við stjórnendur, sem taka til sín ákveðin verkefni, ákveðin mál, taka fólk í viðtöl, beina viðtölum inn til stjórnenda, hafa beint samband við starfsmenn vegna þeirra viðtala eða einhverra ákveðinna þátta sem þeir hafa áhuga á að vinna að. Þetta á ekki að vera svona. Þetta er hættulegt. Þetta var á tímabili líka í Faxaflóahöfnum, það var vegna þess að þáverandi hafnarstjóri var veikur og var lítið við og þá tók stjórnarformaður að sér ýmis verkefni sem hefði ekki átt að gerast. Ekki af því að ég sé að halda því fram að þetta hafi leitt til einhverra óheppilegra árekstra eða að þarna hafi þá viðkomandi starfandi stjórnarformenn horft framhjá sínu eftirlitshlutverki, heldur bara vegna þess að almennt séð er þetta mjög óheppilegt.

Þetta er svona eitt af því sem við eigum að líta á þegar við erum að skoða skýrsluna og hvaða gagn við getum haft af henni, að þarna eiga að vera alveg skörp skil. Það hefur verið hér til umræðu hvort það sé rétt að við mönnum þessar stjórnir með einhverjum sem eru utan stjórnmalanna. Það er auðvitað ágætt að velta því fyrir sér. Í sumum tilfellum getur það verið ágætt. Í öðrum tilfellum eru þessi fyrirtæki, eins og þessi sem ég nefndi, að verulegi leyti rekin í almannabágu eða alfarið í almannabágu. Þess vegna auðvitað gilda önnur sjónarmið heldur en almennt er um rekstur og þess vegna er mikilvægt að við, sem stjórnmalamenn, komum þeim sjónarmiðum að og rekum fyrirtækin með það að leiðarljósi á sama tíma auðvitað og það er okkar skylda að sjá til þess að þessi fyrirtæki séu rekin með skynsamlegum hætti, en í slíkum rekstri er það ekki bara [óskýrt] og annað slíkt sem skiptir máli, það skiptir líka máli að við tökum tillit til ytri aðstæðna og hags Reykvíkinga hverju sinni.

Annað svona sem ég var að velta fyrir mér þegar ég var að glugga í gegnum innri endurskoðun og regluverði banka. Þar kemur fram í þessari skýrslu að það var ríkjandi andúð eða skeytingarleysi gagnvart þeirra störfum og þeir voru álitnir svona þvælast fyrir, innri endurskoðun var að skipta sér af hlutum og regluverðirnir líka, sem stjórnendum þótti bara óþægilegt og þetta var bara þarna vegna þess að þeim bar lagaleg skylda til þess að hafa þetta eftirlit hjá þessum aðilum. Svo náttúrulega kemur í ljós fyrir rannsóknarnefnd Alþingis að þeir sem voru að sinna þessum störfum kvörtuðu yfir því að þeir fengju litlar upplýsingar, þeir voru virtir að vettugi og þeirra ábendingar þóttu lítils virði. Þetta er jafnframt nokkuð sem við verðum að velta fyrir okkur. Við erum með innri endurskoðanda til dæmis í Orkuveitu Reykjavíkur sem auðvitað hefur ekki verið þar lengi, var ráðinn af núverandi stjórn, gengið frá hans ráðningarsamningi, og hefur sinnt ákaflega mikilvægu hlutverki í Orkuveitu Reykjavíkur og við höfum nýtt okkur hann. Við þekkjum innri endurskoðanda hér í Reykjavík sem hefur komið meðal annars inn í Faxaflóahafnir að beiðni stjórnar til að fara þar yfir ákveðna hluti sem snúa að rekstrinum. Við þurfum að passa okkur á því líka að hafa það hugfast að slíkt er mjög mikilvægt, við eigum að vinna með og kalla til þessa aðila eins og innri endurskoðun, hvort heldur er innri endurskoðanda Reykjavíkurborgar eða innri endurskoðanda Orkuveitu Reykjavíkur eða þá í öðrum fyrirtækjum sem hugsanlega verða ráðnir þangað sjálfstæðir síðan og nýta þær upplýsingar sem frá þeim koma.

Ég segi þetta vegna þess að þegar áhættumat var gert á Orkuveitu Reykjavíkur birtast fréttir í fjölmiðlum, á Stöð 2 og í Sjónvarpinu, um að það sé að fara fram áhættumat á Orkuveitu Reykjavíkur vegna þess að sennilega er Orkuveita Reykjavíkur bara hreinlega að fara á hausinn. Þetta er algjör útúrsnúningur á því verkefni að gera áhættumat á rekstri Orkuveitu Reykjavíkur. Það er ábyrgt og eðlilegt að það fari fram slíkt áhættumat og það er á engan hátt merki um það að fyrirtækið sé að verða gjaldþrota enda kom það nú í ljós að sá borgarfulltrúi sem fréttamaður talaði við treysti sér ekki til að koma fram undir nafni heldur var ónafngreindur borgarfulltrúi Reykjavíkur sem sagði að Orkuveita Reykjavíkur, eitthvað í þá veru, gæti verið að fara í gjaldþrot. Og þetta er mikill ábyrgðarhlutur. Þetta er mikill ábyrgðarhlutur vegna þess að við vitum það að Orkuveita Reykjavíkur treystir á lánsfé og það skiptir miklu máli hvernig talað er um

fyrirtækið, hvort heldur menn eru í minnihluta eða meirihluta, út á við að menn séu ekki að tala fyrirtækið niður og þar með að gera fyrirtækinu miklu, miklu erfiðara að gera lánasamninga við fjármálastofnanir eða leita út á markað eins og gert hefur verið í skuldabréfaútboðum. Þannig að þetta eru hlutir sem við þurfum að hafa í huga þegar við hugsum um þessa hluti og hugsum um þá ábyrgð sem því fylgir að vera starfandi í stjórnnum fyrirtækja Reykjavíkurborgar eða í stjórnmalum.

Það er ýmislegt í þessari skýrslu sem maður hefði kannski talið eðlilegt að væri í henni, þó að ég taki undir þau orð sem hér hafa fallið hjá ansi mörgum sem hér hafa tekið til máls um að þetta er vönduð skýrsla, þetta er vönduð og góð samantekt og hún er talsvert mikið betri en maður þorði að vona, því það er mjög mikilvægt að það sé þannig gengið frá þessari skýrslu að hún hafi fullan trúverðugleika og ég held að kannski engir hafi gert stórvægilegar athugasemdir við þessa skýrslu að forseta Íslands undanskildum. Þá hefði ég talið kannski eðlilegt að skýrslan tengdi það ástand sem hér er ríkjandi, og þá fjármálakreppu sem við erum hér að takast á við, við þá kreppu sem er almennt úti í heimi. Það er nú bara núna rétt í þessum töluðu orðum sem voru að birtast þær upplýsingar frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að kreppan, þessi alþjóðakreppa sem verið hefur undanfarin misseri, hafi kostað þegar 2,3 billjónir dollara.

Þannig að þessi kreppa er víða um heim og við lesum um það víða þótt hún hafi hitt okkur af svona mikilli hörku enda okkar umhverfi miklu viðkvæmara og þá er ég ekki að draga úr þeirri græðgi og þeim óheillaleik sem hér var stundaður og hvernig gengið var hér um bankana og fjármálastofnanir að því er mér virðist bara af hreinni mannfyrirlitningu. Mannfyrirlitningin kannski felst í því að þeir sem stjórnðu þessum fjármálastofnunum virtust aldrei hafa í huga hvaða áhrif þeirra gerðir höfðu á aðra. Hvernig fara þeirra gjörðir með aðra? Og það er kannski annað sem maður veltir fyrir sér í þessari skýrslu, það er að það hefði ekki verið óeðlilegt að um það væri jafnframt fjallað hvaða kjör aðrir en þeir sem voru eigendur eða tengdir eigendum bankanna fengu hjá þessum fjármálastofnunum til samanburðar við það sem eigendur voru að fá. Þá snýr það jafnframt að okkur, hvaða kjör var Reykjavíkurborg að fá til samanburðar við það sem þeir aðilar sem við þekkjum öll og voru hvað stórtækastir í þessu voru að fá? Við vitum af því

aðgengi sem þeir höfðu að bönkunum allt fram á síðustu stundu en það er ekki fjallað um það með hvaða hætti það er gert og hvað aðrir urðu að greiða.

Þetta skiptir mjög miklu máli, ekki bara fyrir Reykjavíkurborg heldur líka fyrir samkeppnisumhverfið á Íslandi og þar af leiðandi auðvitað líka neytendur. Hvernig vöru eru þeir að kaupa og á hvaða verði eru þeir að kaupa þá vöru? Vegna þess að auðvitað fer fjármagnskostnaður út í verðlagið á endanum. Þetta er nokkuð sem þeir sem starfa í viðskiptum hafa fundið, hafa kvartað yfir og hafa talað um. Ég starfaði mikið í Samtökum atvinnulífsins þegar ég var í atvinnurekstri og ég fann þetta strax. Þetta kom bara einhvern veginn strax fram. Strax þegar þessar fjármálastofnanir höfðu verið einkavæddar, þá var einhvern veginn strax allt annar áhugi, minni og öðruvísi, á því að sinna fjármálaþjónustu með eðlilegum hætti og veita þeim fyrirtækjum sem eru úti á markaðnum og tengdust ekki þessum fjármálastofnunum með neinum hætti þá þjónustu sem eðlilegt gæti talist að þessi fyrirtæki fengju.

Það gekk reyndar svo langt, og ég bara upplýsi það hér í borgarstjórn, og hef nú ekki sagt það áður, að ég gekk á fund forsætisráðherra og ræddi þetta við hann. Svona undir lok árs 2003 að mig minnir, bara til þess að greina frá því að þarna voru einhver sjónarmið í gangi innan fjármálastofnananna sem voru einhvern veginn alls ekki í takti við þær þarfir sem viðskiptalífið hafði. Það var ekki bara ég sem var að tala um þetta heldur voru fjölmargir að tala um þetta. Þetta sem sagt kemur strax í ljós, þessi græðgi, þessi hyggja, þessi stefna, sem var einhvern veginn laus við alla samkennd og samúð og var einhvern veginn ein og sér og ég vildi upplýsa forsætisráðherra um það og það kom mér skemmtilega á óvart að hann þekkti þetta, það höfðu fleiri talað um þetta við hann og hann vissi alveg hvað klukkan sló í þessu.

Meira ætla ég ekki að segja um þessa skýrslu að sinni. Ég, eins og aðrir, ætla að taka mér góðan tíma til að lesa hana yfir og læra af henni. Ég vona að við tökum hana upp og vitnum til hennar og nýtum þau góðu ráð sem er að finna víða í skýrslunni.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson.

### 3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)

**Porleifur Gunnlaugsson:** Forseti, borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson talaði hér um borgarfulltrúa sem ekki hefðu þorað að koma fram undir nafni og hefðu haldið því fram að Orkuveitan væri að fara á hausinn. Ég reyndar kannast ekki við þessa frétt. Ég hins vegar man eftir umræðu um frétt á Stöð 2 sem ég vitnaði í hér áðan þar sem fram kom að verið væri að gera úttekt á Orkuveitu Reykjavíkur með tilliti til áhættu borgarinnar, verið að gera áhættumat, og hins vegar var sagt að samkvæmt þeirri úttekt þyrfti borgin að eiga 8-12 milljarða til þess að vera örugg um að standa af sér áföll ef illa færi. Ég hefði gaman af því ef borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson upplýsti okkur um hvar finna má þá frétt að borgarfulltrúi hafi haldið því fram að Orkuveitan væri að fara á hausinn, ekki undir nafni.

Ég hins vegar kvaddi mér nú hljóðs vegna þess að ég var að spyrja spurninga áðan en ég áttaði mig ekki á því að borgarstjóri heyrði þær ekki. Þannig að ég ætla þá að endurtaka þær. Ég var að tala um veiðiferðir í boði bankanna. Við sögu komu borgarfulltrúar og fyrrverandi forstjóri Orkuveitunnar og þá er ég að tala um skýrsluna frægu. Ég sagði að í skýrslunni er hins vegar ekki fjallað um veiðiferð sem var til umræðu í október og september 2008 og það var vegna þess að sú veiðiferð var ekki farin í boði banka heldur Baugs. Þar komu við sögu þeir Björn Ingi Hrafnsson, þáverandi formaður borgarráðs, Haukur Leósson, þáverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar og fulltrúi Reykjavíkurborgar í stjórn Orkuveitunnar, og Guðlaugur Þór Þórðarson, fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, og þáverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, var með í þeirri ferð. Það var lögð fram fyrirspurn Samfylkingar og Vinstri grænna í borgarráði 4. september 2008 þar sem var spurt út í þetta og í svari borgarstjóra núverandi, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, segir að ferðin hafi ekki verið farin í boði fyrirtækis og þáverandi borgarstjóri hefði ekki brotið gegn reglum. Spurningin var einfaldlega sú hvort þetta væri ennþá skoðun borgarstjóra Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.

Síðan er það önnur spurning sem fæddist nú á meðan ég var að bíða eftir að komast að og það er til borgarfulltrúa Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur. Spurningin

Bstj. 20. apríl 2010

er hvort ég hafi heyrt rétt að hún hafi sagt að allir flokkar í Borgarstjórn Reykjavíkur hafi gert mistök í REI-málinu og ef ég heyrði rétt þá vil ég biðja borgarfulltrúann að upplýsa um það hvaða mistök Vinstri græn gerðu hvað þetta varðar.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Þá veitir háttvirtur borgarstjóri andsvar við ræðu borgarfulltrúa.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætlaði nú að svara bara þessari spurningu sem borgarfulltrúinn beindi til mín og eins og hefur aðeins átt sér stað hér í dag, þá er nú ekki alveg, og ég held að við ættum kannski að rifja upp það sem stendur í skýrslunni, að menn ættu nú að reyna í pólitíkinni stundum að hlusta á það sem sagt er en ekki bara einhvern veginn að fella dóma. Það er bera ekki rétt hjá borgarfulltrúanum að skoðun mín í þessu svari, í þessu svari stendur orðrétt: „Fram hefur komið í máli þáverandi borgarstjóra, Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, að ferðin hafi ekki verið farin í boði fyrirtækis. Hún hafi verið farin í boði vinar og félaga til áratuga og að honum hafi verið ókunnugt um aðkomu tilvitnaðs fyrirtækis að umræddu máli.“ Þetta er í svarinu. Þannig að ég veit ekki alveg hvað borgarfulltrúinn er að tala um. Hann fullyrðir hér og segir hér að þetta hafi verið greitt af hálfu Baugs og menn hafi farið í boði Baugs. Það eru ekki þær upplýsingar sem þáverandi borgarstjóri, núverandi borgarfulltrúi, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hefur gefið.

Svarið tók mið af því, nákvæmlega eins og spurningin sem var, ef borgarfulltrúinn myndi nú líka fara yfir það, það var fyrirspurn af hálfu Samfylkingar og Vinstri grænna sem fjallaði um fréttáflutning á þeim tíma og í svari mínu er ég að svara því sem fram hefur komið í máli þáverandi borgarstjóra. Auk þess sem ég rek það með ákveðnum hætti hvað borgarfulltrúum er heimilt að gera samkvæmt innkaupareglum Reykjavíkurborgar þannig að meira get ég ekki sagt um þetta mál. Mér er ekki kunnugt um það sem borgarfulltrúinn er að tala um. Hann fullyrðir hér, og það er ekki í fyrsta skipti á þessum fundi, það er nú einn búinn að ganga af fundi vegna ómaklegra ásakana sem honum þótti, þannig að það er ekki í fyrsta skipti þá, og nú eru einhverjar ásakanir uppi um að borgarfulltrúi Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson hafi þegið einhverjar ferðir. Það verður borgarfulltrúinn bara að taka á annan stað. Ég get ekki svarað því. Ég get ekki svarað því með neinum öðrum hætti en gert var á þessum tíma þar sem ég fer yfir skýringar borgarfulltrúans og vilji borgarfulltrúinn Þorleifur Gunnlaugsson ekki taka þær skýringar borgarfulltrúans Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar trúanlegar verður hann að eiga það við sig.

Bstj. 20. apríl 2010

**Forseti:** Háttvirtur borgarstjóri hefur veitt andsvar. Þá veitir andsvar við ræðu borgarfulltrúans Júlíus Vífill Ingvarsson.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Júlíus Vífill Ingvarsson:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Af því að það var beint að mér hérna beinni spurningu við ræðu minni, þá skellti ég mér nú bara í tölvuna og sjá hvort ég gat ekki bara fundið svar við þessari spurningu borgarfulltrúans Þorleifs Gunnlaugssonar. Það er hérna frétt frá 5. apríl sem sennilega er það sem verið er að fjalla um og þetta sem ég sá í sjónvarpinu á þeim tíma, tel ég líklegt. En hér stendur að minnsta kosti, fyrirsögnin er Vinna áhættumat vegna hugsanlegs greiðsluþrots. Frá 5. apríl, stendur hér á Vísi.is. Það er haft semsagt úr þessari frétt Stöðvar 2, sem þá birtist væntanlega þann daginn eða daginn áður.

Reykjavíkurborg vinnur nú áhættumat vegna áhrifa hugsanlegs greiðslufalls Orkuveitunnar á fjárhag borgarinnar. Miðað við núverandi stöðu er talið að borgin þurfi að eiga handbæra tólf milljarða króna. Hverfandi líkur eru á greiðslufalli segir Orkuveitan.

Ég ætla svo að sleppa því sem fjallar um hérna annað en bara það sem að snýr að því sem borgarfulltrúinn var að gera að umræðuefni, það er að segja að ég sagði frá því að borgarfulltrúi hefði komið fram í fréttinni en ekki undir nafni, vitnað hefði verið til hans. Hér stendur:

Einn borgarfulltrúi sem fréttastofa talaði við sagði að menn hefðu verulegar áhyggjur af stöðunni en staða Orkuveitunnar getur haft veruleg áhrif á lánsþæfismat Reykjavíkurborgar.

[Frammícall] Ég las hérna áðan fyrir borgarfulltrúann sem grípur hérna framm í fyrir mér fyrirsögnina í fréttinni sem er svona: Vinna áhættumat vegna hugsanlegs greiðsluþrots. Skýrara getur það nú ekki verið.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Júlíus Vífill Ingvarsson hefur veitt andsvar. Þá er næst í ræðustól borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég kem hér, ég náði ekki að fara upp í andsvar áðan en borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson spyr mig sérstaklega um hvað ég haldi að Vinstri grænir sjái eftir í sambandi við REI-málið og ég gerði mér kannski ekki grein fyrir að þið sæjuð ekki eftir því en þið verðið þá að segja það en á þessu þriggja mánaða, hundrað daga valdaskeiði ykkar, Samfylkingarinnar og Framsóknarflokks og Frjálslyndra var ansi mikil óvissa um rekstur REI eins og við vitum öll og fyrirtækinu sjálfu var ekki starfhæf stjórn valin þannig að starfsmennirnir voru áfram að halda á þessum verkefnum. En það sem ég tel vera vafasamt er að 100 daga meirihlutinn samþykkti að láta REI taka þátt í einkavæðingarferli filippseyska fyrirtækisins sem ég veit ekkert hvað heitir en PNOC-EDC kallast það hér, og fól fyrirtækinu að leita að lánagreiðslum til verkefnisins. Þetta kostaði 6-7 milljarða króna og ég býst nú við að einhverjir sjái eftir þessu en þá verður það bara að koma staðfest hér.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Dagur B. Eggertsson:** Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil byrja á því að undirstrika, kannski eins og umræðan hefur borið með sér, að við erum hér augljóslega að hefja umræðuna um þessa skýrslu og lærdóminn á hennar grunni, frekar en að ljúka henni, og mér finnst umræðan svolítið undirstrika að við þurfum að ganga býsna skipulega til verks þannig að það verði af þessu sem mest gagn. Ég hefði raunar getað getið þess hér í upphafi máls míns en sumir starfsstaðir borgarinnar, og vil ég nefna sem dæmi af því að ég heyrði af því á skotspónum, heilbrigðiseftirlitið, hafa þegar verið með sérstakan dagspart helgaðan lærdómum fyrir stjórnarsýslu í ljósi skýrslunnar, og ýmist svona sjálfsprottið frumkvæði, ber auðvitað vott um metnað til þess að gera betur hjá borginni.

Metnaður til að gera betur og læra af reynslu, hann byggir mjög oft á því að fyrst þurfi að horfast í augu við vandann, viðurkenna hann, þannig að hægt sé að taka á honum og það gildir einu hvort þar er um að ræða hluti sem ganga á eða þarf að taka á í eigin lífi eða í stóru línunum eða samfélaginu eins og þessi skýrsla ber með sér. Ég ætla ekki að fara að efna til einhverra illinda hér en ég sit eftir með þá tilfinningu að í raun borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi misst af svolítið góðu tækifæri til þess að fjalla um það sem stendur í skýrslunni og þá mikilvægu lexíu sem það á að kenna okkur. Ég ætla ekki að fara yfir það mjög mörgum orðum en ég mér fannst mjög áberandi munurinn á því hvernig Óskar Bergsson borgarfulltrúi Framsóknarflokksins annars vegar og til dæmis borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir tókust á við það sem þarna kemur fram. Borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, ég ætla nú ekki að segja venju fremur, var heiðarlegur og hreinn og beinn, en ég vil bara í raun taka ofan fyrir því hversu umyrðalaust borgarfulltrúinn skellti sér í að ræða kjarna málsins og rætur hrunsins og hlut, eigum við að segja sinna manna í því, á meðan borgarstjórinn í Reykjavík hélt hér mjög langa og að ýmsu leyti prýðilega ræðu þar sem orðin stjórnartíð, Sjálfstæðisflokkurinn og ábyrgð komu aldrei fyrir.

Ég ætla ekki að gera lítið úr ræðunni sem var flutt, ég held að það hafi verið ýmislegt í henni sem við getum tekið með okkur inn í frekari umræðu, en ég vil bara undirstrika það að þetta fyrirbæri er svolítið svipað og hinar hvössu

orðahnippingar sem hér urðu um sögu þess pólitíska máls á vettvangi borgarstjórnar sem er líklega hvað best skráð. Þá er ég að vísa bæði til í raun upphlaupa hér á fundinum af hálfu Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa í garð Sóleyjar Tómasdóttur borgarfulltrúa og núna síðast Þorbjargar Helgu Vigfúsdóttur borgarfulltrúa sem hefur á undraverðan hátt tekist einhvern veginn að breyta í sínum huga hvernig tilurð og saga Orkuveitu- og REI-málsins var. Ég virði það þó við borgarfulltrúa Gísla Marteins Baldursson að eftir að honum hafði orðið ljóst hverju hann hefði í raun og veru verið að halda fram, bara einhverju svona svipuðu og viðkomandi borgarfulltrúi skrifar iðulega á bloggið sitt, það er að segja að kjarni málsins í atburðarásinni hafi ekki verið sá sem hann skrifaði undir sem kjarnann í atburðarásinni samkvæmt REI-skýrslunni, heldur það að stjórnarmaður Samfylkingarinnar í Orkuveitu Reykjavíkur hafi greitt atkvæði og fulltrúi Vinstri grænna bara setið hjá. Það er að segja svona glamuryrði sem taka ekki mið af því að öll vinna borgarstjórnar að þessu máli var, kjarninn í henni var einmitt að leiða í ljós að þeir fulltrúar sem sátu inni á þessum tiltekna stjórnarfundum fengu ekki bara þriggja tíma frest á þeim gögnum sem fyrir þá voru lögð heldur fengu ekki að vita lykilupplýsingar og lykilgögn, þó svo að fyrir þeirra árvekni hafi raunar ýmislegt komið fram í framhaldinu sem olli því að þetta mál sprakk upp með mjög miklum látum.

Það var alls ekki ætlun mín að verja hér einhverjum tíma í að rifja upp REI-málið í seinni ræðu í þessari umræðu en hitt dæmið sem bæði Kjartan Magnússon borgarfulltrúi og borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir nefndu var verkefni á Filippseyjum sem er rakið í tímaröð atburða í REI-skýrslu borgarstjórnar og er hvernig til komið? Jú, það er þannig til komið að á stjórnarfundum REI 11. júlí 2007 var ákveðið að fara inn með 500 milljónir í tiltekið verkefni án þess að bera það undir stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Á stjórnarfundum 7. ágúst var síðan ákveðið að fara í tiltekið einkavæðingarferli sem var mjög stórhuga. Í samvinnu við önnur fyrirtæki og sú ákvörðun var heldur ekki borin undir stjórn Orkuveitunnar. Það er að segja engan fulltrúa minnihlutans. Og hvaða atburðar eru fulltrúar meirihlutans síðan að vísa til? Jú, að það kom upp dagsetning í þessu nefndaferli sem hér hefur verið nefnt einkavæðingarferli og ég held að það sé nokkuð nærri lagi, skömmu eftir að 100 daga meirihlutinn tók við, og þar þurfti að gæta hagsmuna Orkuveitunnar til þess að tryggja að peningar töpuðust ekki og það var gert með

þeim hætti að menn höfðu útleið úr málinu en héldu sig samt við borðið og yfir það hefur verið farið áður hér í söllum borgarstjórnar en algjörlega makalaust að þeir stjórnámálamenn sem báru ábyrgð á þessu leynimakki í upphafi skuli í raun dirfast að saka þá sem þurftu að taka til eftir þá, þrifa upp þetta Filippseyjamál, án þess að Orkuveitan eða REI töpuðu á því krónu, skuli vera að fella einhverjar keilur og tala um þetta hreinsunarátak sem einhverskonar mistök Vinstri grænna. Mér finnst það bara eiginlega fyrir neðan allar hellur.

Síðan vil ég í raun bara undirstrika og ítreka þau orð sem ég hafði hér um bæði það verkefni sem nú hefur verið falið skrifstofu borgarstjórnar, það er að segja að gera tillögur að því hvernig borgarstjórn og stjórnsvísla borgarinnar getur farið yfir þessa skýrslu og lærdóminn af henni á skipulegan hátt. Í raun styrkist ég í þeirri skoðun að það þurfi að veita svolítið skýr svör varðandi tilurð og upphaf REI-málsins þegar ég heyri svör eða eigum við að segja ekki-svör borgarstjóra við spurningum Þorleifs Gunnlaugssonar borgarfulltrúa sem var ekki bara að spyrja um veiðar Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í Miðfjarðará, eins og mér heyrðist á svörum borgarstjóra gefið í skyn, heldur var verið að spyrja prinsippið sem borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir lagði til grundvallar því að gera ekki athugasemdir við veiðar Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar í Miðfjarðará, var það að vegna þess að veiðarnar voru ekki í boði einkafyrirtækis þá gerði hún ekki athugasemdir. Spurningar borgarfulltrúa Þorleifs Gunnlaugssonar lutu að því að hin dæmin sem eru nefnd í skýrslunni voru sannarlega veiðiferðir í boði einkafyrirtækis, er borgarstjórinn í Reykjavík ennþá sömu skoðunar, að þá sé eitthvað athugasvert við veiðiferðirnar, eða hefur skoðunin breyst?

Þetta er auðvitað umræða sem við tókum, og ég tek undir með borgarfulltrúa Stefáni Jóhanni Stefánssyni, að auðvitað sviður að siðareglur fyrir borgarstjórn hafi ekki verið samþykktar fyrr. Þær lágu fyrir í drögum í upphafi þessa kjörtímabils, Samfylkingin mælti fyrir þeim hér snemma kjörtímabils og raunar áður en farið var í þessar ferðir og ýmislegt annað, en það var ekki klárað. En sú umræða held ég að hafi hjá öllum sem tóku þátt í henni, og ég held að það hafi nú nánast verið öll borgarstjórnin, ég held að hún hafi verið holl og þess vegna held ég að við eigum að standa saman um það að í upphafi hvers einasta kjörtímabils sé í raun farið yfir siðareglur borgarstjórnar, hvaða reglur gilda um skráningu

Bstj. 20. apríl 2010

upplýsinga og ég segi það sem mína skoðun, og ítreka það hér úr fyrri ræðu minni, að í raun sú málamiðlun sem var gerð varðandi skráningu upplýsinga, ég held að það þurfi að endurskoða hana. Ég held að upplýsingar í skýrslu [forseti slær í bjöllu] rannsóknarnefndarinnar undirstriki að það þurfi að [forseti slær í bjöllu] skrá líka skuldir borgarfulltrúa og hafi það ekki verið skýrt þegar við vorum að ræða það [forseti slær í bjöllu] á sínum tíma, þá er það algjörlega skýrt núna í ljósi reynslunnar [forseti slær í bjöllu].

**Forseti:** Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

### **3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hefur um margt verið ágæt og er í anda kannski þeirrar umræðu sem í gangi í samfélaginu og varðar þessa skýrslu og þau skilaboð sem þar eru fram sett. Varðandi það sem borgarfulltrúinn sem var hér áðan segir, þar sem hann fellir dóma um ræður einstakra borgarfulltrúa, og er svo sem ágætt, þá áréttu ég það að í minni ræðu leit ég ekki svo á að við værum hér stödd á fundum flokkanna okkar þar sem við værum að fara yfir það sem þar er rætt, það þarf enginn að velkjast í vafa um það, og það er reyndar mjög erfitt fyrir Samfylkinguna því miður, hún er stöðugt í því að hreinsa upp og ber aldrei ábyrgð á nokkrum sköpuðum hlut, hvorki því sem hún gerir eða gerði eða ekki einu sinni varla því sem hún kann að gera í framtíðinni, þá er það ekkert nýtt og ég hef sagt það margsinnis opinberlega, ég hef sagt það margsinnis opinberlega, Dagur B. Eggertsson, að Sjálfstæðisflokkurinn, eins og flestir aðrir sem í stjórnámálum störfuðu og flestir aðrir sem komu að þessum málum, gerðu mistök. Ég skil ekki að það þurfi að segja það aftur, ég get sagt það aftur ef borgarfulltrúinn heyrði það ekki. Sjálfstæðisflokkurinn gerði þau mistök að veita frelsi en tryggja ekki að því fylgdi nægileg ábyrgð. Það er Sjálfstæðisflokkurinn margsinnis búinn að segja. Í ályktunum, í ræðum, í greinum, aftur og aftur.

Þannig að ég leit svo á að við værum hér, og ég held að allir flokkar hafi gert það, en ég var ekki að gera þá kröfu að Dagur B. Eggertsson segði það í löngu máli hér, ég leit svo á að Samfylkingin, líkt og allir aðrir flokkar, hefði sagt að mistök hefðu átt sér stað. Þannig að ef borgarfulltrúinn vill heyra það aftur, af því að hann gaf ræðu minni þá einkunn að ég hefði ekki sagt það nægilega oft, þá gerði Sjálfstæðisflokkurinn mistök. Hann veitti frelsi sem fylgdi ekki næg ábyrgð og hann var, eins og svo margir aðrir í samfélaginu, ekki á verði gagnvart því sem var að gerast. Við vorum hins vegar hér, og ástæðan fyrir því að málið var tekið á dagskrá, var að við ætluðum að draga lærdóm af því fyrir Borgarstjórn Reykjavíkur. Þetta var ekki staðurinn þar sem ég hélt að Sjálfstæðisflokkurinn væri í einhverri uppgjörsumræðu heldur var þetta staðurinn þar sem við ætluðum að tala saman, í Borgarstjórn Reykjavíkur, og velta fyrir okkur hvernig við gætum gert betur. Um það fjallaði ræðan mín.

Mér finnst, eins og ég segi, umræðan hér hafa verið góð en ég ætla samt að viðurkenna að hún hefur líka valdið mér dálitlum vonbrigðum. Hún hefur valdið mér þeim vonbrigðum að við í pólitíkinni erum ekkert komin sérstaklega langt. Við erum ennþá stödd á þeim stað, og ég gæti með sama hætti og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, og menn eru hér að tala um REI-málið og allt þetta, og um ýmislegt sem í þessari skýrslu stendur, og Stefán Jóhann, sem starfar nú fyrir Seðlabankann, meðal annars, og er hér á vettvangi borgarstjórnar, kom hér upp og fór mikinn um styrkveitingar til frambjóðenda Sjálfstæðisflokksins. Þá skulum við líka skoða styrki sem borgarstjóri þáverandi þáði á sama tíma og hann var starfandi borgarstjóri. Ekki nefna þessir borgarfulltrúar sem vilja allt upp á borðið, vilja endalausa sanngirni, aldrei nefna þeir neitt sem að þeirra eigin málum snýr. Það er alltaf bara bent á næsta mann. Dagur hefur aldrei vikið að því. Hann fer hér mikinn út af embættisfærslum Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar og það hefur enginn viljað annað en að skoða allt slíkt. Og hann krefst rannsókna á allskonar málum og athugana. Ég er að ímynda mér hvernig borgarfulltrúar Samfylkingarinnar myndu tala ef það væri ljóst að á sama tíma og menn frá Sjálfstæðisflokknum sátu í stóli borgarstjóra þáðu þeir þessar upphæðir.

Það eru mér vonbrigði vegna þess að ég var að vonast til þess að umræðan færi ekki á þann stað að við myndum reyna að nálgast hlutina þannig að við þyrftum öll að læra af því. En ég er ekki viss um að við séum komin á þann stað, hvorki í pólitíkinni né kannski annarsstaðar og þess vegna held ég að við eigum eftir dálítið langa göngu. En sú ganga verður án efa lærdómsrík og ég er viss um að næsta kynslóð stjórnámálanna nálgast hlutina öðruvísi, næsta kynslóð stjórnámálanna mun örugglega læra af okkar mistökum og það verður til heilla fyrir þá sem þeir munu starfa fyrir. Kannski er það líka svo að við ræðum þessi mál núna hér í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga eða í aðdraganda borgarstjórnarkosninga, og þess vegna er mönnum meira í mun að skora keilur og að fella keilur, heldur en að virkilega einbeita sér að því að skoða það sem við getum lært af því. Það sem stendur upp úr fyrir mig í umræðunni er það að eins og ég sagði hér í upphafi eftir mína yfirferð yfir skýrsluna, sem var fyrst og síðast lesin út frá því og undirbúin út frá því fyrir þennan fund, að við værum að reyna að læra af henni. Og mér finnst, og sagði það í upphafi, og hefði kannski ekki einu sinni átt að nefna það orð hér vegna þess að menn snúa því alltaf finnst mér með

einhverjum mjög sérkennilegum hætti og sérkennilegum söguskoðunum, að ég sagði að ég teldi að við hér á vettvangi borgarstjórnar hefðum borið gæfu til að breyta ákveðnum hlutum eftir að REI-málið fór eins og það fór og síðan var skipt hér um meirihluta.

Það er aldrei nefnt í þessari umræðu, og menn þurfa líka að útskýra það um leið og þeir tala alltaf um að meirihluti hafi sprungið vegna þess, þá verða menn líka að spyrja sig spurninganna og við skulum gera það þegar við látum taka saman fyrir okkur eins og hefur verið rætt um að gera hér í dag, nákvæmlega hvað hefur verið unnið í þeim málum er tengjast þeirri skýrslu. Þá þarf líka að svara spurningunni, vegna þess að það er alltaf talað um það, og nú er vont að borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hafi gengið hér af fundi, en það er alltaf talað um það eins og þessi meirihlutaskipti hafi einhvern veginn, borgarfulltrúinn hafi verið keyptur. Það er alltaf talað um það eins og Ólafur F. Magnússon hafi verið leiddur hér til valda, af því að við erum að tala um vinnubrögð í pólitík, af sjálfstæðismönnum. Þá gleyma menn því alfarið að Dagur B. Eggertsson átti samtöl við Ólaf F. Magnússon. Það var Dagur B. Eggertsson sem kom Ólafi F. Magnússyni til valda með því að gera hann að forseta borgarstjórnar. Það var Dagur B. Eggertsson sem kaus að nýta sér ástandið sem upp var komið í Borgarstjórn Reykjavíkur, nú horfir borgarfulltrúinn á mig eins og hann sé alveg, hann veit ekki hvað er verið að tala um, borgarfulltrúinn gerði það sem menn gera þegar þeir sýna það versta af sér í pólitík. Þegar þeir stökkva inn í ástand sem er erfitt, ekki til þess að leysa það heldur til þess að berja á andstæðingnum.

Og Dagur B. Eggertsson þarf að svara því hvað sömdu menn um í þeim meirihluta. Hvað sömdu menn um þegar það var gengið til þeirra meirihlutaskipta? Hvernig í ósköpunum var gengið frá þeim meirihluta? Aldrei lá neinn samningur fyrir. Allt upp á borðum, allt upp á borðum. Við skulum ekki ganga til verka í stjórnmalunum þannig að menn viti ekki um hvað er samið. Við skulum hafa allt uppi á borðum. Aldrei var gerður neinn málefnasamningur. Aldrei var einu sinni farið yfir það til hvers meirihlutinn var myndaður. Nema til þess eins að gera Dag B. Eggertsson að borgarstjóra og alltaf talar Dagur B. Eggertsson um það að sjálfstæðismenn hafi leitt Ólaf F. Magnússon til valda. Hann orðar það þannig að hann hafi verið keyptur og hann hafi verið leiddur til

valda af sjálfstæðismönnum. Dagur B. Eggertsson tók samtölum við Ólaf F. Magnússon og þeir tóku samtölin um það að ganga til meirihlutasamstarfs. En Dagur B. Eggertsson er einkar lunkinn við það að snúa einhvern veginn sagnfræðinni alveg á hvolf. Það er eins og Ólafur F. Magnússon hafi fyrst fengið völd hér í borgarstjórn þegar við gengum til samstarfs við hann. Hann var kominn til valda í Borgarstjórn Reykjavíkur. Hann var kominn til valda og það er valdamikið embætti, borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir, að vera forseti borgarstjórnar. Það er valdamikið embætti. Og það voru ekki við sem mynduðum þann meirihluta. Það var Dagur B. Eggertsson og hann ber sér á brjóst fyrir það og taldi sig hafa gert rosagott verk. Þannig að þegar menn krefjast athugunar á því sem gerst hefur, þá skulu menn ekkert bara stoppa við þann tímapunkt sem þeir telja hagkvæman fyrir sig. Það er ekki þannig.

Þannig að ef menn ætla að taka þetta allt upp á borðið, þá skulu menn líka gera það og þá skal Dagur B. Eggertsson útskýra það hvernig hann gekk frá meirihlutasamstarfi við Ólaf F. Magnússon, hvernig hann gekk frá meirihlutasamstarfi við Björn Inga Hrafnsson og hvernig hann kláraði þessa hluti. Borgarfulltrúinn sem vill allt upp á borðið skal bara gera það líka gagnvart sjálfum sér og líka gagnvart þeim borgarfulltrúum og borgarstjórum sem setið hafa í umboði hans. Ekki draga línuna í sandinn þar sem hann telur að henti sér best að gera það. Við eigum alveg að taka þá umræðu ærlega og hreinskipta en ekki bara staldra við það sem best er talið henta í hvert sinn.

Þannig að ég hef sagt það að vilji menn frekari upplýsingar er varða þau mál er lúta að Borgarstjórn Reykjavíkur og þessari skýrslu, þá auðvitað vinnum við í því. Það er þegar farin í gang sú vinna sem borgarráð samþykkti í síðustu viku og þegar verið haldnir fundir í tengslum við það að átta sig á hver skuli vera viðbrögð ef þurfa að vera viðbrögð og við eigum auðvitað að átta okkur á því hvað við þurfum helst að gera, og sú vinna er þegar farin í gang. Ég tek líka undir með borgarfulltrúa Þorleifi Gunnlaugssyni um það sem hann talaði um, að taka málið inn á Samband íslenskra sveitarfélaga. Ég held að það sé mikilvægt og gagnlegt og eðlilegt að við getum það með þeim hætti, þannig að ég tek undir það og vænti þess að við sem sitjum á vettvangi [forseti slær í bjöllu] Sambands íslenskra sveitarfélaga munum taka höndum saman þar.

Bstj. 20. apríl 2010

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúinn Stefán Jóhann Hafstein ... Stefánsson [frammícall, Dagur B. Eggertsson]. Nú, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls um fundarstjórn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Stefán Jóhann Stefánsson:** Þakka þér fyrir, forseti. Stefán Jóhann Stefánsson heiti ég. Varðandi þau orð borgarstjóra að ég hafi farið mikinn hér og veist að sjálfstæðismönnum, að þá lagði ég mig nú í framkróka um það að tala hér á fremur lágstemmdum nótum, var ekki að nefna nein nöfn sérstaklega og taldi mig nú hafa borið í bætiflaka fyrir sjálfstæðismenn sem hafa mátt sæta gagnrýni fyrir það að hafa komið einkavæðingunni á, ég nefndi það að það hefðu verið hér kröfur að utan um að við myndum einkavæða ýmislegt og get bætt því við hér að kannski sem betur fer fylgdum við ekki þessum kröfum, fórum ekki að þessum kröfum sem komu utan frá og einkavæddum Íbúðalánasjóð, þá hefði staðan kannski verið aðeins verri, þannig að ég taldi mig nú vera að bera í bætiflaka fyrir sjálfstæðismenn og skil þess vegna þekki þessa athugasemd hennar í minn garð.

Auk þess sem ég nefndi hér engin nöfn en þau orð sem ég hafði uppi um þá sem voru í framboði í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á sínum tíma, voru að keppast um borgarstjórastöðuna eða 1. sætið hjá Sjálfstæðisflokknum, að án þess að ég hafi nefnt menn á nafn þar, þá var ég eiginlega svona að hæla mönnum eða hæla þeim einstaklingi sem það nefndi að hann vildi ekki taka við styrkjum frá verktakafyrirtækjunum, enda kom Gísli Marteinn hér upp og viðurkenndi þetta fúslega og ég verð nú bara að segja að ég virði hann nú fremur fyrir það heldur en ekki og ætla alls ekkert að gagnrýna hann fyrir þessi ummæli og tel þau bara vera af hinu góða og hafa verið mjög skynsamleg, þannig að ég get nú bara endað mína ræðu hér á því að segja að það er nú ýmislegt sem má segja um sjálfstæðismenn en ég var ekki beinlínis að gagnrýna þá sérstaklega og var eiginlega að bera blak af þeim frekar og hæla þeim heldur en hitt hérna áðan þannig að ég skil nú ekki þennan málflutning.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég tók því ekki þannig, borgarfulltrúi, að þú værir eitthvað að ráðast á sjálfstæðismenn, enda þurfa þeir ekkert að sæta því öðru fremur. Það sem ég var að vekja athygli á var það að þegar umræða skapaðist, og það gerðir þú í ræðu þinni, og var rætt um styrki til stjórnámálanna og stjórnámálflokka, þá varð þér, kannski eðli málsins samkvæmt, þú nefndir, það er alveg rétt hjá þér, þú nefndir ekki einstaka borgarfulltrúa á nafn, en þú sagðir hvaða flokki þeir tilheyrðu og þú sannarlega ræddir þannig um málið að ljóst mátti vera um hverja var verið að tala og ég var að vekja athygli á því að ef við erum að ræða um slíka hluti, eins og styrki til stjórnámálanna, þá eigum við að ræða það á þeim grunni að það á ekki við um einn flokk. Það er ósanngjarnt að segja að Sjálfstæðisflokkurinn öðrum fremur hafi þegið þá styrki sem einstaklingar. Það átti við um fulltrúa í flestöllum flokkum og á listanum sem kemur fram í þessari skýrslu eru nöfn fulltrúa úr öllum flokkum hugsa ég, nema Vinstri grænum.

Þannig að þessi stuðningur sem er nefndur þarna og tengist prófkjörum einstakra aðila, ég var einungis að vísa til þess og var ekkert að tala um að hann hefði nefnt einstök nöfn, borgarfulltrúinn. Ég var að vísa til þess að þegar menn eru að gagnrýna það verða menn auðvitað að horfa á flóruna alla. Ekki bara á fulltrúa eins flokks.

**Forseti:** Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá hefur borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson óskað eftir að veita andsvar í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Stefán Jóhann Stefánsson:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég verð að viðurkenna það að ég skil ekki þessa viðkvæmni. Varðandi þann hluta skýrslu rannsóknarnefndarinnar þar sem fjallað er um styrki til stjórnámálanna, þá tilmála ég að það væru þarna einhver 8-10 nöfn sem tilheyrðu eða hefðu tilheyrt borgarstjórn. Ég nefndi ekkert að það væru sjálfstæðismenn. Hins vegar nefndi ég, af þessu tilefni, til þess að tengja þetta umræðunni um styrki og meðal annars siðareglum sem settar hafa verið í borgarstjórn eftir þetta, að það sé ástæða til þess að huga að því hvort það geta verið tengsl milli styrkveitinga og hegðunar kjörinna fulltrúa, að þá dró ég sérstaklega fram þessi ágætu ummæli Gísla Marteins Baldurssonar borgarfulltrúa þar sem hann tilmála að það gæti verið óeðlilegt undir einhverjum kringumstæðum að þiggja svona styrki. Þannig að ég vil nú bara biðja borgarstjóra um að taka þetta jákvætt upp og líta fremur á þetta sem hól heldur en hitt í garð Sjálfstæðisflokksins.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið við að veita andsvar í annað sinn. Þá svarar borgarstjóri andsvari í annað sinn.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir:** Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að við þurfum ekkert að ræða þetta frekar, borgarfulltrúinn gerði hér athugasemdir við það sem ég sagði og ég tek þær bara góðar og gildar. Ég held að við séum öll á þeim stað að vera að sjálfsögðu hugsi yfir því hvernig þetta umhverfi hefur verið að öllu leyti og ég, eins og margir aðrir sem tóku þátt í prófkjörum á þessum tíma, setti mjög skýrar línur um með hvaða hætti það ætti að vera. Það var hins vegar ekkert í reglum eða lögum sem gerði ráð fyrir því. Þannig að aðrir gerðu það ekki og ég hef aldrei í mínum störfum hér, hvorki gagnvart samherjum mínum né andstæðingum, upplifað það að þessir styrkir hafi með nokkrum hætti haft áhrif á nokkurn einasta mann. En það breytir því ekki að auðvitað lifum við í öðru umhverfi núna og verðum að skoða það og það eina sem ég var að áréttu og biðst velvirðingar á því ef því var einhvern veginn beint gegn borgarfulltrúanum, það var ekkert meint þannig, það var einungis það að ég var að nefna það og tel það vera mikilvægt að til þess að við komumst á næsta stað, bæði sem stjórnámálameinn og ekki síður sem stjórnkerfi í Reykjavíkurborg, þá þurfum við að horfa á heildarmyndina en ekki bara draga það út úr þessum hatti eða þessum tækifærum, eins og Dagur B. Eggertsson nefndi réttilega, af því að skýrslan getur auðvitað verið það, það sem okkur hentar í orðræðunni hverju sinni.

Við vitnuðum í ákveðin orð í skýrslunni hérna áðan um einkenni stjórnmalanna þar sem var einmitt verið, ef við ætlum að segja að skýrslan sé góð og við viljum taka mark á henni, þá segir skýrslan það fyrst og síðast við okkur að reyna að hafa það sem sannara reynist og velja ekki bara það sem hentar betur í átökum líðandi stundar.

**Forseti:** Borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari í annað sinn. Þá hefur sinni borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson óskað eftir að gera stutta athugasemd.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Stefán Jóhann Stefánsson:** Forseti, góðir borgarfulltrúar. Nú held ég að við séum farin að tala saman, eins og einhver sagði. Það var einmitt meginkjarninn í því sem ég sagði í minni ræðu að við þyrftum að skoða hvernig þetta hrun hefur áhrif á borgina og þjónustu borgarinnar og rekstur borgarinnar og hvort það hafi verið eitthvað í okkar stjórnsýslu, okkar gjörðum, sem hafi á einhvern hátt annað hvort leitt til þess að staðan er verri en hún er eða að við höfum gert eitthvað sem hefur getað bætt stöðuna. Og jafnframt nefndi ég, þetta voru þrír punktar sem ég var með, nefndi ég að það þyrfti að taka til skoðunar þessi fjárframlög til stjórnámálanna og það er bara málefnaleg ábending og hún á ekkert fremur við um einn eða annan. Þetta er bara almenn ábending um það að við þurfum að skoða þessi mál og líta svolítið til framtíðar, enda lauk ég máli mínu á því að vitna til nokkurra atriða í siðareglum fyrir borgarfulltrúa en ég held að við séum nú farin að verða svolítið sammála [forseti slær í bjöllu] þannig að ég ætla að ljúka þessu og semsagt, við eigum bara að athuga hvernig þetta virkar á borgina og horfa svolítið til framtíðar til að reyna að bæta okkar gjörðir og stöðu borgarinnar til þjónustu fyrir borgarbúa.

**Forseti:** Borgarfulltrúi Stefán Jóhann Stefánsson hefur lokið við að gera stutta athugasemd. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum lið. Hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að taka til máls? Hann hefur þegar tekið tvisvar til máls, veitt tvisvar andsvar og gert tvær athugasemdir. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að gera athugasemd við fundarstjórn forseta. Forseti ítrekar að það er um fundarsköp.

**3. mál Umræða um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (að beiðni borgarfulltrúa allra flokka)**

**Sigrún Elsa Smáradóttir:** Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla nú svosem ekki að lengja þessa umræðu mikið en í kjölfar þessara síðustu orðaskipta hérna langar mig aðeins til þess að koma inn í þessa umræðu er snýr að þeim lærdómi sem við getum dregið af bæði þessari rannsóknarskýrslu sem hér er til umræðu og þeirri augljósu tengingu sem er við REI-málið, aðdraganda þess og skýrslu stýrihóps. Ég veit ekki hvort sá misskilningur er viljandi eða óviljandi hjá borgarstjóra að líta svo á að einungis sé verið að tala um hvernig unnið sé út frá niðurstöðum stýrihópsins, og hvernig þau mál sem þá er komið að niðurstöðu um, hafa verið sett í farveg í stjórnkerfinu, að það má eflaust fara yfir það og eitthvað bæta í þeim efnum, en hins vegar það sem hér hefur verið til umræðu og nefnt af í það minnsta tveimur borgarfulltrúum minnihlutans, er hvort ekki sé ástæða til þess að endurskoða, og þá er ekkert verið að tala um að skoða skýrsluna aftur heldur bara endurskoða aðdraganda REI-málsins í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

Vegna þess að eins og borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir veit, því hún sat í stýrihópi um REI ásamt mér og fleiri borgarfulltrúum, meðal annars borgarfulltrúa Gísla Marteini Baldurssyni, að þá voru þar ýmsar upplýsingar ekki uppi á borðinu sem við vitum núna. Þá vissum við til dæmis ekki um þessa risastyrki til Sjálfstæðisflokksins sem við vitum um núna, og það hefði verið gagnlegt í þeirri umræðu sem við vorum inni í í REI-hópnum, þar sem við sátum saman dægrin löng og héldum að við værum að velta við hverjum einasta steini, þá stundi ekki einn einasti borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem þar var inni, því upp að þessir risastyrkir hefðu verið veittir. Ég veit ekki hvort þeir hafa ekki vitað það eða hvernig í því lá en það allavega kom ekki upp á borðið og þetta hefðu sannarlega verið gagnlegar upplýsingar fyrir okkur til þess að skoða til þess að átta okkur á þessari atburðarás og þessum ógnarhraða sem á þessu máli var og hvernig viðsemjendur voru valdir þar til verka. Það er þetta sem við erum að tala um og ef menn ætla að fara í sjálfsskoðun þá held ég að þetta sé eitt af því sem menn þurfa að skoða og það er það sem verið er að spyrja um þegar verið er að spyrja um það hvort ekki sé rétt að í ljósi upplýsinga sem komið hafa fram síðan að endurskoða aðdraganda REI-málsins aftur.

Bstj. 20. apríl 2010

**Forseti:** Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið. Fyrir er tekinn 4. liður á dagskrá sem er fundargerð borgarráðs frá 8. apríl, fundargerð borgarráðs frá 15. apríl, þar kemur 16. liður til sérstakrar afgreiðslu. Til máls tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.